# FRÉTTABLAÐIÐ

51. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 13. MARS 2021




# Tók egóið úr sambandi

Steinunn Birna Ragnarsdóttir óperustjóri stendur keik í ólgusjó enda lærði hún þegar hún var tónlistarstjóri Hörpu að stjórnandi getur ekki leyft sér að hvíla í egóinu. Hún er bjartsýn á að sameiginleg sýn finnist meðal söngvara og stjórnar Óperunnar enda allra hagur að ganga í takt. 24

Maður tekur ekki að sér svona stöðu ef maður þolir ekki hnjask.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



## Stjúpmæður upplifa höfnun og vanþakklæti

Valgerður Halldórsdóttir segir vandann í stjúpfjölskyldum oft fyrirsjáanlegan. 30



Það er búið að eyðileggja heimili mitt.

## Getur ekki hitt fjölskylduna

Kinan Kadoni flúði Sýrland rétt áður en borgarastyrjöldin hófst fyrir tíu árum. 28




# Engin meðferð fyrir kærendur kynferðisbrota

**LÖGREGLUMÁL** Engin sálfræðimeðferð er í boði fyrir kærendur kynferðisbrota hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, eins og dómsmálaráðherra hélt fram á Facebook í vikunni.

Embættið blés til tilraunaverkefnis frá 1. mars í fyrra og bauð kærendum kynferðisbrota upp á viðtal hjá sálfræðingi bæði fyrir og eftir skýrslutöku hjá lögreglu. Ráðinn var sálfræðingur tímabundið til að sinna verkefninu. Því lauk hins vegar 1. mars síðastliðinn.

**Tilraunaverkefni lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu var ekki haldið áfram vegna hagræðinga.**

„Þetta var ráðning í eitt ár og gafst mjög vel,“ segir Ævar Pálmi Pálmason, yfirmaður kynferðisbrotadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Hann segir þann tíma sem tilraunin stóð yfir hafa verið mjög óeðlilegan með vísan til faraldursins. Tilraunin þyki þó hafa gefist mjög vel og vonandi verði haldið áfram með verkefnið í einhverri mynd.

„Ekki var unnt að halda verkefninu áfram vegna hagræðingar,“ segir Halla Bergþóra Björnsdóttir, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu. Aðspurð segir hún ekkert hafa verið ákveðið um framhaldið. **– aá**

## Krafin svara



Lilja Alfreðsdóttir menntamálaráðherra stóð í ströngu á Alþingi í gær er hún var innt skýringa á áfrýjun dóms héraðsdóms um brot hennar á jafnréttislögum við ráðningu ráðuneytisstjóra. „Falleinkunn, bæði hjá kærunefnd og aftur fyrir dómi,“ sagði Þorbjörg S. Gunnlaugsdóttir, þingmaður Viðreisnar. Lilja sagði faglega staðið að málinu. „Það kann að vera að hæstvirtur þingmaður eigi erfitt með að sætta sig við það.“ FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Nýr fréttaþáttur í loftið

**FJÖLMIÐLAR** Fréttavaktin er nýr fréttaþáttur sem hefur göngu sína á sjónvarpsstöðinni Hringbraut klukkan 18.30 á mánudagskvöld.

Í nýja þættinum verður farið yfir fréttir dagsins með ritstjóra, fréttastjórum og blaðamönnum Fréttablaðsins, ásamt því sem áhersla verður lögð á fréttaviðtöl og fréttaskýringar í bland við fréttaefni víða að af landinu.

„Við ætlum að bjóða upp á fréttaumfjöllun í flutningi fagfólks og sérfræðinga á sameinaðri ritstjórn Hringbrautar og Fréttablaðsins,“ segir Sigmundur Ernir Rúnarsson, sjónvarpsstjóri Hringbrautar sem leiðir verkefnið.

„Við erum að gefa áhorfendum færi á að fylgjast með því helsta sem er að gerast heima og erlendis í opinni dagskrá, þeim að kostnaðarlausu, með fulltingi reynslumikilla fjölmiðlamanna og sérfræðinga á mörgum sviðum utan úr bæ.“

Sigmundur segir sjónvarpsfréttir hafa verið að þróast í þessa veru,

**Við ætlum að bjóða upp á fréttaumfjöllun í flutningi fagfólks á sameinaðri ritstjórn Hringbrautar og Fréttablaðsins.**



Sigmundur Ernir Rúnarsson, sjónvarpsstjóri Hringbrautar

með gestum sem greina fréttir líðandi stundar af þekkingu. „Ég hef fulla trú á því að fólkið í landinu taki fréttamiðlun af þessu tagi vel.“

Fréttavaktin verður á dagskrá virka daga klukkan 18.30, en þáttinn má einnig sjá á frettabladid.is. „Við höfum vel þjálfaða herdeild blaða- og fréttamanna að baki okkar. Þetta verður gaman og gefandi, en umfram allt fjölbreytt og fræðandi.“




# Hannar Langasand frá heimilinu á Svalbarða

**Kristján Breiðfjörð Svavarsson landslagsarkitekt, sem búsettur er á Svalbarða, er hluti af alþjóðlegu teymi sem sækist eftir að skipuleggja Langasandssvæðið á Akranesi. Hann er fæddur á Akranesi og segir tæknina gera heiminn lítinn.**

**SKIPULAGSMÁL** „Ég er tengdur svæðinu þannig að ég mun klárlega leggja mig allan fram. Ég vona bara að hver sá sem vinnur verði með frábært verkefni,“ segir Kristján Breiðfjörð Svavarsson landslagsarkitekt.

Kristján er hluti af hinu alþjóðlega teymi Apríl arkitektum, sem er eitt af þremur teymum sem munu taka þátt í hugmyndasamkeppni um skipulag og hönnun Langasandssvæðisins á Akranesi. Alls vildu fjórtán teymi taka þátt.

Kristján býr á Svalbarða en er fæddur á Akranesi og hefur sterkar tengingar til Skagans þó að hann hafi alist upp á Húsavík.

„Það var löngu ákveðið að ég ætti að fæðast á Skaganum því amma var ljósmóðir þar. Ég var oft á sumrin hjá afa og ömmu á Akranesi og dagarnir enduðu sjaldnast án þess að hafa farið niður í fjöru að tína steina og annað sem rak á land. Minningar og upplifanir af svæðinu eru ávallt plús.“

Þetta er í fyrsta sinn sem teymið vinnur saman. Eðlilega er fjarvinna stór hluti af vinnunni enda langt á milli meðlima. „Tæknin gerir heiminn lítinn og það er ekkert mál.

Ég er samt að gæla við að fara suður eftir og taka góða törn á Íslandi, en sú ákvörðun verður sennilega tekin með stuttum fyrirvara á þessum makalausu tímum,“ segir Kristján sem á og rekur svavarssondesignlab og þá er hann einnig að vinna hjá Lo:Le landskap í Tromsö.

„Þar sem maður býr á Svalbarða, 1.300 kílómetra frá norðurpólnum, tekur maður það sem rekur á fjörur. Auk fjarvinnu minnar frá



Longyearbyen þar sem Kristján og fjölskylda búa. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

### Sólin komin



„Núna er gengið í garð uppáhalds tímabilið mitt á árinu því núna er sólin komin til baka og snjór og kuldi. Þá er hægt að þvælast um allt á snjósleða í góðu skyggni og bráðum miðnætursól. Það er hálfruglað hversu hratt allt breytist hér frá því að hafa birtu yfir í enga birtu.

Miðnætursólin kemur 20. apríl og sest ekki fyrr en 22. ágúst. En tími myrkursins byrjar 26. október og stendur fram til 15. febrúar. Pólar-nóttin er inni í því tímabili en þá er sólin allan tímann undir sjóndeildarhringnum, það er á tímabilinu 11. nóvember og til 30. janúar.

Þá finnur maður að líkaminn fer á annað tempó. Ég hef alltaf tekið útihlaup á stuttbuxum á þessu tímabili ef það er vindstilla og frostið fer ekki niður fyrir -15°C. Það er mjög mikilvægt að hugsa um sig á þessu tímabili,“ segir Kristján.

Tromsö rek ég mitt eigið fyrirtæki og eru verkefni allt frá vörumerkjum og upp til landslagsarkitektúrs. Hjá Lo:Le landskap er margt skemmtilegt í gangi. Núna er lokuð samkeppni um framhaldsskóla sem býður upp á hreindýrahirðismenntun og þjóðleikhús í Kautakeino,“ segir Kristján.

benediktboas@frettabladid.is


NÝR TOYOTA
HIGHLANDER HYBRID
SPÁNNÝR FORINGI
SPORTJEPPANNA
KOMDU OG REYNSLUAKTU
HIGHLANDER HYBRID
Verð frá: 10.690.000 kr.
TOYOTA TRYGGINGAR
vátryggt af TM
Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
570 5070
Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300
Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600
Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000
2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS
Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

**TÖLUR VIKUNNAR** 07.03.2021 TIL 13.03.2021

**3.500**
af 4.200 nemendum tókst að ljúka samræmdu prófi í íslensku.

**5.000**
farþegar ferðuðust í millilandaflugi með Icelandair í febrúar.



**1.400**
manns mættu í skimun fyrir COVID-19 á mánudag.



**30**
milljarðar er virði Creditinfo group í viðskiptum í vikunni.





**370**
þúsund var launahækkun forstjóra Orkuveitunnar.

## Þrjú í fréttum
## Sálfræðingur, lögmaður og formaður

**Álfheiður Guðmundsdóttir**
*formaður fagdeildar sálfræðinga við skóla*



segir ekki mikið um að nemendur hafi leitað til skólasálfræðinga eftir að vefur Menntamálastofnunar hrundi í samræmdu prófi. Hún segir eðlilegt að pirringur myndist meðal nemenda og að aðstæðurnar skapi óvissu. „En það getur verið þroskandi að takast á við óvissu og átta sig á því að hlutirnir geta klikkað,“ segir hún.

**Jón Steinar Gunnlaugsson**
*hæstaréttarlögmaður*



segir fólk veitast að sinni persónu og snúa út úr skoðunum sínum. Hörð gagnrýni kom fram af hálfu kvenréttindafélaga eftir að dómsmálaráðherra fól honum að vinna að tillögum um mögulega styttingu á málsmeðferðartíma sakamála. Aðkoma Jóns Steinars að endurbótum í kynferðisbrotamálum var sögð senda konum „kaldar kveðjur“. Jón Steinar sagði sig frá verkefninu í gær.

**Ragnar Þór Ingólfsson**
*formaður VR*



sagðist í gær vera „ofboðslega þakklátur fyrir þennan stuðning sem ég fékk og mjög auðmjúkur fyrst og fremst.“ Ragnar var í gær endurkjörinn formaður VR með 63 prósentum atkvæða. Þátttaka í atkvæðagreiðslunni var sú mesta í sögu félagsins, 28 prósent félagsmanna tóku þátt, en 35.919 manns voru á kjörskrá. Ragnar Þór er jafnframt fyrsti formaður VR sem stendur af sér mótframboð.

# Segir ábyrgðinni varpað frá spilafíklunum á spilakassana

**Formaður Landsbjargar segir nauðsynlegt að útrýma samkeppni á spilamarkaði. Það sé ekki draumastaða félagsins að reka spilakassa en fjármagn þurfi til að sinna auknum og flóknari verkefnum. Þá hafi ábyrgðinni verið varpað frá spilafíklum á kassana. Fíkniráðgjafi segir réttlætismál að loka kössunum.**

**SAMFÉLAG** „Við erum búin að vera í þessari baráttu bæði í gegnum Íslandsspil og Landsbjörg í áraraðir. Við höfum fundað með stjórnvöldum og ráðherrum til að koma á breytingum er varða spilakassana,“ segir Þór Þorsteinsson, formaður Landsbjargar, spurður um afstöðu félagsins til kröfu Samtaka áhugafólks um spilafíkn (SÁS) um lokun spilakassa.

Tvö fyrirtæki sjá um rekstur spilakassa hér á landi, Íslandsspil og Happdrætti Háskóla Íslands (HHÍ), Íslandsspil eru rekin af Rauða krossinum og Landsbjörg. Þór segir nauðsynlegt að sameina alla þá starfsemi sem snýr að hvers konar spilun hér á landi undir einn hatt til að útiloka samkeppni.

„Að okkar mati á ekki að vera samkeppni á spilamarkaði sem er til góðgerðarmála,“ segir Þór. „Þetta ætti bara að vera eitt batterí með sem minnsta yfirbyggingu,“ bætir hann við.

Þá vísar Þór til þess að HHÍ hafi víðtækari heimildir til hærri vinninga og sameiginlegra potta en Íslandsspil, það skýrist af því að fyrirtækin starfa eftir tveimur ólíkum reglugerðum. HHÍ starfar eftir reglugerð um pappírslaust peningahappdrætti þar sem heimild er fyrir sameiginlegum söfnunarpotti en Íslandsspil vinnur eftir reglugerð um söfnunarkassa þar sem sú heimild er ekki til staðar. Þór segir þetta verða til þess að vinningspottar HHÍ séu mun hærri en Íslandsspila og að þau sem eigi við spilafíkn að etja sæki frekar þangað sem vinningarnir eru hærri.

Þór segir það ekki draumastöðu Landsbjargar að reka spilakassa en ekki sé önnur lausn í sjónmáli.




Tekjur Landsbjargar frá spilakössum árið 2018 voru um 242 milljónir og um 80 milljónir í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> **Að okkar mati á ekki að vera samkeppni á spilamarkaði sem er til góðgerðarmála.**
>
> Þór Þorsteinsson, formaður Landsbjargar



„Við þurfum fjármagn til rekstrurs og þetta er sá gjaldmiðill sem við fengum upp í hendurnar. Við höfum þó leitað leiða til breytinga, til að mynda lagt til spilakortin,“ segir hann.

Spurður að því hvort til greina komi að loka kössunum til að sporna við vanda spilafíkla segir Þór það flókið mál. Miklar breytingar hafi orðið á starfsemi Landsbjargar, verkefnum hafi fjölgað og þau séu orðin flóknari. Fjármagn þurfi til að sinna þeim öllum.

„Vandamálið hverfur heldur ekki með því að loka kössunum. Það er verið að varpa ábyrgðinni frá fíklunum og yfir á spilakassana,“ segir Þór. „Það er hluti bataferils fíknar að taka ábyrgð og viðurkenna sína fíkn og leita sér hjálpar.“

Baldvin Þorsteinsson, fíkniráðgjafi hjá SÁÁ, segir spilafíkla þurfa að taka ábyrgð á sínum sjúkdómi en að stór hópur fólks hafi náð að byggja sig upp þegar spilakössum og spilasölum var lokað vegna sóttvarnaaðgerða. „Þessir kassar eru markaðssettir til að herja á þennan hóp en margir okkar skjólstæðinga náðu að njóta lífsins á meðan þeir voru lokaðir og sem betur fer hafa nokkrir náð að halda því.“

Baldvin segir það stórt réttlætismál að loka kössunum, þeir séu skaðvaldur. „Ef þú ert veikur fyrir þá nær kassinn þér. Það er enginn að tala um að það eigi að loka fyrir lottó eða eitthvað slíkt en þarna er bara verið að fara illa með spilafíkla. Það væri stórt og mikið skref fyrir stóran hóp að hafa ekki aðgang að spilakössum,“ segir hann.

birnadrofn@frettabladid.is




ISBAND
UMBOÐSAÐILI JEEP® OG RAM Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16




SUZUKI ACROSS Plug-in Hybrid | VERÐ KR. **8.590.000**

SUZUKI S-CROSS | VERÐ FRÁ KR. **5.390.000**



SUZUKI VITARA | VERÐ FRÁ KR. **5.240.000**

SUZUKI SWIFT 4X4* | VERÐ KR. **3.360.000**

SUZUKI JIMNY | VERÐ FRÁ KR. **4.290.000**

## KOMDU Í HEIMSÓKN OG VELDU SUZUKI 4X4 SEM HENTAR ÞÉR

**Kynntu þér fjölbreytt úrval af fjórhjóladrifsbílum í öllum stærðum og við allra hæfi. Suzuki 4x4 fyrir veturinn, sumarið og öryggið.**

*Suzuki Swift 4x4 er eingöngu beinskiptur

FLUTT MEÐ EIMSKIP

**Söluumboð Suzuki á landsbyggðinni:**

**Akureyri:** Bílaríki, Lónsbakka.
**Egilsstaðir:** Bílaverkstæði Austurlands ehf, Miðási 2.
**Hvolsvellir:** Viðskiptaþjónusta Suðurlands, Ormsvellir 7.
**Ísafjörður:** Bílatangi ehf., Suðurgötu 9.
**Reykjanesbær:** K. Steinarsson, Holtsgötu 52.

SUZUKI

**Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is**

Suzuki á Íslandi YouTube

**Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100**

# Fallist á kröfu um skýrslugjöf í Landsrétti í gær

**LÖGREGLUMÁL** Landsréttur féllst í gær á kröfu lögreglunnar um vitnaskyldu verjandans Steinbergs Finnbogasonar í rannsókn lögreglunnar á morðinu í Rauðagerði.

„Þessi niðurstaða er sérstök í því ljósi að lögum samkvæmt er lögmanni ekki heimilt að bera vitni í máli umbjóðanda síns,“ segir Steinbergur og bætir við: „Þess vegna verður í fyrsta lagi forvitnilegt að sjá hvað lögreglan vill spyrja um, í öðru lagi hvort dómstólar muni samþykkja að ég verði spurður þeirra spurninga og í þriðja lagi hvort ég verði yfir höfuð leiddur í vitnastúkuna.“

Steinbergur segist ekki þekkja dæmi um að lögmenn „sem lögreglan hefur losað sig við með þessu bragði“ hafi í raun gefið skýrslu. Lögreglan hafi þannig ekki nýtt heimild dómara, heldur látið duga að taka verjandann frá málinu. **– aá**



**Aðalmeðferð málsins í Hæstarétti fór fram í febrúar síðastliðnum.**

# Skilorðsdómar í máli Sigurjóns og Elínar í gær

**DÓMSMÁL** Dómur yfir Sigurjóni Þ. Árnasyni, fyrrverandi bankastjóra Landsbankans, var mildaður umtalsvert í Hæstarétti í gær er hann var dæmdur í tólf mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir markaðsmisnotkun í svokölluðu Ímon máli sem var endurupptekið. Hæstiréttur hafði áður dæmt hann í þriggja og hálfs árs fangelsi í málinu.

Dómur í máli Sigríðar Elínar Sigfúsdóttur var einnig mildaður og fékk hún fjögurra mánaða dóm. Hæstiréttur hafði áður dæmt hana í átján mánaða fangelsi og hefur hún þegar lokið afplánun.

Annar dómur í endurupptekinu máli Sigurjóns var kveðinn upp í gær, einnig vegna markaðsmisnotkunar. Var níu mánaða refsing í því máli skilorðsbundin vegna tafa á málsmeðferðinni. **– aá**

# Telur rétt að ríkið sýni frumkvæði gagnvart Árna

**DÓMSMÁL** Oddgeir Einarsson, hæstaréttarlögmaður og verjandi Árna Gils Hjaltasonar, segir að réttast væri af ríkisvaldinu að stíga fram og bjóða skjólstæðingi hans bætur.

Árni var sýknaður í Landsrétti í gær af ákæru um tilraun til manndráps eftir að hafa verið dæmdur í fjögurra ára fangelsi í héraðsdómi árið 2019. Málið hefur velkst um dómskerfið í fjögur ár og sat Árni í gæsluvarðhaldi og einangrun í samtals 277 daga.

Oddgeir bendir á að skjólstæðingur hans hafi verið með þetta mál á herðunum í rúm fjögur ár.

„Hann sat saklaus í gæsluvarðhaldi lungann úr árinu 2017 og við höfum nú rekið málið fjórum sinnum fyrir dómi og á öllum þremur dómstigum. Að mínu mati er með hreinum ólíkindum að héraðsdómur hafi tvívegis talið rétt að



**Oddgeir Einarsson, hæstaréttarlögmaður.**

dæma skjólstæðing minn í fangelsi fyrir tilraun til manndráps. Sem betur fer hafa Hæstiréttur og nú Landsréttur staðið vörð um þá grundvallarreglu réttarríkisins að sakfella ekki mann nema sekt hans sé sönnuð þannig að hafið sé yfir skynsamlegan vafa,“ segir Oddgeir.

Hann segir ljóst að Árni eigi rétt á bótum vegna málsins. „Réttast væri að ríkisvaldið stigi fram og byði honum bætur að eigin frumkvæði eftir allt það sem það hefur gert manninum. Ef ekki þá verður farið í bótamál og það er ljóst að krafan verður ekki í lægri kantinum.“ **– eþs**

# Mögulegt eldgos yrði töluvert minna en gosið í Holuhrauni

**Magnús Tumi Guðmundsson jarðeðlisfræðingur telur ólíklegt að mögulegt eldgos hjá Fagradalsfjalli verði stórt og segir þróunina vera svipaða og undanfarnar tvær vikur. Fram kom á fundi vísindaráðs almannavarna á föstudag að kvikugangurinn hefði stækkað, en ekki færst mikið til undanfarna daga.**

**ELDGOS** „Það eru meiri líkur en minni á að þetta verði ekki stórt gos,“ segir Magnús Tumi Guðmundsson, jarðeðlisfræðingur í vísindaráði almannavarna, um mögulegt gos á Reykjanesskaga. Magnús segir allar líkur á því að gos á þessu svæði yrði miklu minna en gosið í Holuhrauni 2014-2015.

Vísindaráð almannavarna fundaði á fjarfundi í gær til að ræða jarðskjálftahrinuna á Reykjanesskaga. Á fundinum kom fram að kvikugangur í kringum Fagradalsfjall hefur haldið áfram að stækka en óvissa er um hversu hratt kvikuflæðið er. Gögn síðustu daga benda til þess að kvikugangurinn sé að færast í átt að suðurströndinni en nýjustu mælingar benda ekki til þess að hann hafi færst mikið síðan undanfarna sólarhringa.

Magnús Tumi segir stöðuna ekki hafa breyst mikið síðustu daga og að þróunin hafi haldist svipuð undanfarinn hálfan mánuð.

„Það sem hefur gerst á síðustu tveimur, þremur sólarhringum, er að virknin hefur færst suður og er núna komin sunnan í þetta fjalllendi. [...] En það er enn þá ekkert víst með að það muni gjósa.“

Mikil skjálftavirkni hefur mælst upp af dalnum Nátthaga suður af Fagradalsfjalli, sem gefur vísbendingar um að þar liggi syðsti endi kvikugangsins. Skjálfti af stærðinni 5.0 mældist þar að morgni föstudags klukkan 7.43.

„Sennilegasta sviðsmyndin, miðað við það hvað þessi kvika virðist ekkert hafa neitt voðalega mikinn áhuga á að koma upp, er að ef það gýs þá er frekar líklegt að það

## Líklegar leiðir hrauna

Unnið upp úr gögnum Eldfjallafræði og náttúruvárhóp Háskóla Íslands




Kortið sýnir líklegar leiðir hraunrennslis ef til eldgoss kæmi á svæðinu í kringum Fagradalsfjall á Reykjanesi. Hugsanlegt gossvæði hefur stækkað og eru mögulegir gosstaðir því orðnir fleiri en áður þó enn séu þeir allir fjarri byggð.

> Það er ennþá ekkert víst með að það muni gjósa.



Magnús Tumi Guðmundsson, jarðeðlisfræðingur

verði lítið. En engu af þessu er hægt að slá föstu,“ bætir Magnús þó við.

Ólíklegt þykir að möguleg gossprunga suður af Fagradalsfjalli muni ná til sjávar og eru líkur því hverfandi að gjósa muni neðansjávar með tilheyrandi öskugosi.

Á fundi vísindaráðs var einnig farið yfir mögulega gasmengun sem fylgt gæti fyrirhuguðu gosi. Meðal þeirra gastegunda sem losnað gætu í gosinu er brennisteinsdíoxíð ($SO_2$), litlaus lofttegund sem flest fólk finnur lykt af. Umtalsvert magn brennisteinsdíoxíðs losnar út í andrúmsloftið á hverju ári, meðal annars við iðnað og samgöngur, en lofttegundina er að finna í öllu jarðefnaeldsneyti.

Samkvæmt vef Umhverfisstofnunar hefur það „neikvæð áhrif á heilsu manna og hár styrkur brennisteinsdíoxíðs getur hindrað öndun, ert augu, nef og háls, valdið köfnun, hósta, öndunarsjúkdómum og óþægindum í brjósti.“

„Þetta er eitthvað sem við verðum að taka alvarlega, það er ósköp einfalt, og vera við þessu búin,“ segir Magnús Tumi en bætir við að brennisteinsdíoxíð sé ekki eitrað í þeim skilningi að þó fólk andi því að sér í einhverju magni þá jafni það sig yfirleitt fljótt strax og það kemst í betra loft. **thorvaldur@frettabladid.is**




Parki INTERIORS

Parket

Gríðarlegt úrval af viðarparketi ásamt vatnsþolnu harðparketi og vínylparketi má finna í sýningarsal okkar á **Dalvegi 10-14.**

Komdu við og ræddu við sérfræðinga Parka og fáðu faglega ráðgjöf

Parki INTERIORS **Dalvegi 10-14,** 201 Kópavogi • 595 0570

Finndu okkur á **Facebook!** facebook.com/Parki.interiors



# Danskir dagar

## Fantastisk smørrebrød



**1.199** kr/stk

Smørrebrød með lifrarkæfu, beikonsultu, smjörsteiktum sveppum og sítrus rauðlauk.



**1.299** kr/pk

**Það besta í einum bakka**

Smørrebrød með rækjum, hangikjöti & roastbeef



589 kr/pk

**Dan cake**
Banankaka, klassisk chokoladekage & klassisk gulerodskage

*Nyhed* på danske dage



1.399 kr/pk

**Toms**
Skildpadde islagkage

*Nyhed* på danske dage



399 kr/pk

**Mette Munk – Kanelsnegle**
4 store kanelsnegle i luftig og sprød dej

*Nyhed* på danske dage



849 kr/pk

**Yankie Original Ice bars**
Kakaoflødeis med blød karamel

*Nyhed* på danske dage



1.159 kr/pk

**Merrild hele bønner**
Balanced Roast & Espresso



399 kr/stk

**Gajol Lakrids**
Karamel & whisky, stærk salmiak & rund & blød smag



249 kr/stk

**Anthon Berg marzipan bar**
Marzipan bar, nougat bar, cognac bar & whisky bar

*Nyhed* på danske dage



349 kr/pk

**Toms Racer biler**
Original hindbær, salt hindbær & cola smag

**HAGKAUP** *Mere dansk hver dag*

# Flestir vilja upprunamerkja eldislax

**Aðeins 3 prósent svarenda í könnun Gallup eru ósammála því að merkja eigi eldislax eftir því hvort hann er úr sjókvíaeldi eða landeldi. Talsmaður IWF segir merkingar í ólestri. Talsmaður eldisfyrirtækja bendir á að 99 prósent eldislax séu úr sjókvíaeldi.**

**NEYTENDAMÁL** Könnun Gallup fyrir samtökin Icelandic Wildlife Fund (IWF), NASF og Laxinn lifi leiðir í ljós að 69 prósent Íslendinga telja að koma eigi fram á umbúðum eldislax hvort hann komi úr sjókvíaeldi eða landeldi.

Umhverfissinnar og þeir sem vilja vernda villta laxastofna á Íslandi telja sjókvíaeldi óæskilegt. Þetta á við um þá sem kostu könnun Gallup sem eru umhverfissjóðurinn Icelandic Wildlife Fund, NASF (Verndarsjóður villtra laxastofna) og félagið Laxinn lifi.

Úrtak könnunar Gallup var 1.587 manns, átján ára og eldri, af öllu landinu. Af þeim svöruðu 867, eða 54,6 prósent, spurningunni: Ertu sammála eða ósammála því að komi skuli fram á umbúðum eldislax hvort hann komi úr sjókvíaeldi eða laxeldi?

Ef litið er til svarenda í heild þá lýstu 42 prósent sig mjög sammála ofangreindri spurningu og 27 prósent sögðust frekar sammála. Þannig telja samtals 69 prósent að merkja skuli eldislax eftir eldisaðferð. Þá sögðust 28 prósent hvorki vera sammála né ósammála. Aðeins 2 prósent sögðust frekar ósammála og 1 prósent sagðist mjög ósammála.

Gallup greinir svörin meðal annars eftir búsetu, kyni, aldri og stjórnmálaskoðunum. Þar kemur til dæmis fram að stuðningur við upprunamerkingar er minnstur meðal kjósenda Miðflokksins. Af þessum hópi segjast þó 50 prósent annað hvort sammála eða mjög sammála því að merkja eigi umbúðirnar. Það eru síðan kjósendur Pírata sem lýsa mestum stuðningi við merkingarnar. Af þeim eru 84 prósent sammála eða mjög sammála.

„Það er mjög ánægjulegt að yfirgnæfandi meirihluti íslenskra neytenda vill fá þessa upprunamerkingu á umbúðir utan um eldislax. Rekjanleiki og upplýsingar um hvaða aðferðir eru notaðar við matvælaframleiðslu skiptir fólk greinilega máli,“ segir Jón Kaldal, talsmaður umhverfissjóðsins Icelandic Wildlife Fund, um niðurstöður könnunarinnar.

Aðspurður hvort merkingarmálin séu í ólestri hvað snerti eldislax í verslunum segir Jón svo vera hjá framleiðendum og pökkunarfyrirtækjum sem dreifi til stórverslana. „Hinu ber að hrósa að margir veitingastaðir, ýmsar fiskbúðir og stöku kjörbúðir hafa sett upp merkimiða þar sem sést hvort eldislaxinn kemur úr sjókvíaeldi eða landeldi,“ tekur hann þó fram.

„Hvort eldislaxinn komi úr sjókvíaeldi eða landeldi er stórmál fyrir þau okkar sem er umhugað um náttúruna og mannúðlega búskaparhætti,“ svarar Jón því hvaða máli þessar merkingar skipti.

Jón segir sjókvíaeldi vera mengandi iðnað sem skaði villta laxastofna og hann eigi við meiri háttar dýravelferðarvanda að glíma.

„Eldislaxinn á að stóru leyti ömurlega tíð í sjókvíunum. Um og yfir 20 prósent eldisdýranna þola ekki þá vist sem þeim er búin og drepast ýmist vegna lúsasmits eða vetrarsára. Þetta er óásættanleg aðferð við matvælaframleiðslu. Það er mikilvægt fyrir neytendur að geta sniðgengið þessa vöru og sent framleiðendum hennar þannig skýr skilaboð,“ segir Jón Kaldal.

Einar K. Guðfinnsson, talsmaður Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, segist ekki vita nákvæmlega hvernig þessum merkingarmálum sé háttað. Þau séu ekki samræmd.

„Enda er það þannig að landeldi í heiminum er svo mikið brotabrot af heildarframleiðslunni,“ bendir Einar á. „Vel má vera að einhver landeldisfyrirtæki kjósi að merkja sig sérstaklega en almennt er það þannig að sá lax sem menn borða, hvort sem þeir kaupa hann á veitingastöðum eða í verslunum, er í 99 prósentum tilvika úr sjókvíaeldi.“

gar@frettabladid.is

**Ertu sammála eða ósammála því að koma skuli fram á umbúðum eldislax hvort hann komi úr sjókvíaeldi eða landeldi?**




Heimild: Gallup

**Hvort eldislaxinn komi úr sjókvíaeldi eða landeldi er stórmál fyrir þau okkar sem er umhugað um náttúruna og mannúðlega búskaparhætti.**



Jón Kaldal, talsmaður umhverfissjóðsins Icelandic Wildlife Fund

**Sá lax sem menn borða, hvort sem þeir kaupa hann á veitingastöðum eða í verslunum, er í 99 prósent tilvika úr sjókvíaeldi.**



Einar K. Guðfinnsson, talsmaður Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi





LANDSBANKINN.IS


Þægilegt og öruggt ferðalag.
Kia Sportage.
*Forsendur ábyrgðar eru reglulegt þjónustueftirlit sem kaupandi ber kostnað af. Lestu meira um ábyrgðina á www.kia.com/abyrgd.
SPORTAGE
Movement that inspires
Kia Sportage kemur hlaðinn tæknibúnaði eins og fjarlægðarskynjarar að framan og aftan, bakkmyndavél, hita í stýri og sætum, íslensku leiðsögukerfi og snertiskjá. Allt hjálpast þetta að við að gera ferðalagið þægilegt og öruggt.
Pantaðu reynsluakstur á kia.is eða í síma 590 2100.
Opið í dag frá kl. 12-16. Við tökum vel á móti þér.
Kia Sportage verð frá:
5.590.777 kr.
1.6 dísil, 2WD, 7 þrepa sjálfskipting, 130 hö,
eyðsla frá 4,7 L/100 km
Askja · Krókhálsi 11-13 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.
Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland
7 ÁRA ÁBYRGÐ KIA*
LOFORÐ UM GÆÐI

# Aðalfundur VR

**Aðalfundur VR verður haldinn miðvikudaginn 24. mars 2021 kl. 19.30 á Hilton Reykjavík Nordica.**

Fundurinn fer fram bæði sem staðfundur og fjarfundur í senn. Félagsmenn sem ætla að sækja fundinn verða að skrá sig fyrirfram annað hvort á stað- eða fjarfund á vef VR, fyrir kl. 12.00 á fundardegi. Á staðfundi verður grímuskylda viðhöfð og sóttvörnum fylgt í hvívetna.

Vegna fyrirkomulags fundarins verða allar kosningar rafrænar og fundargögn sömuleiðis.

Mikilvægt er að öll sem mæta á fundinn hafi meðferðis viðeigandi búnað (tölvu eða snjalltæki) til þess að geta tekið þátt í kosningum.

Á dagskrá eru hefðbundin aðalfundarstörf, lagabreytingar og ákvörðun um innborgun í VR varasjóð.

Dagskrá og frekari upplýsingar er að finna á vr.is/adalfundur.

VR | Kringlunni 7 | 103 Reykjavík | Sími 510 1700 | vr@vr.is | vr.is

VR


# Upplýsingagjöf rafvædd

**VIÐSKIPTI** Tillaga að breytingu á miðlun upplýsinga um matvæli er nú til umsagnar í Samráðsgátt stjórnvalda en á Íslandi er skylt að endurmerkja forpökkuð matvæli frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins (EES), með tilheyrandi kostnaði fyrir neytendur.

Lagt er til að veita megi innihaldsupplýsingar með rafrænum hætti í gegnum QR-kóða eða strikamerki fyrir smáforrit. Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda, segir um mikilsverðan áfanga að ræða verði breytingarnar samþykktar. Þær muni bæði draga úr kostnaði og bæta upplýsingagjöf til neytenda.

„Það er hins vegar takmarkað hversu miklum upplýsingum er hægt að koma á umbúðir,“ segir Ólafur. **– bdj**




**Í nýja leiðakerfinu eru tvær leiðir í stað sex.** MYND/AF VEF AKUREYRARBÆJAR

# Færri stopp í úthverfunum

**Í nýju strætisvagnaleiðakerfi Akureyrar er leiðum fækkað úr sex í tvær. Formaður umhverfis- og mannvirkjaráðs segir horft til heildarhagsmuna.**

**SAMGÖNGUMÁL** Töluverð óánægja er innan Giljahverfis og Síðuhverfis, úthverfanna í norðvesturhluta Akureyrar, með nýtt leiðakerfi strætisvagna. Samkvæmt kerfinu, sem tekur gildi þann 1. júní, verður minni keyrsla í Síðuhverfi og ekki keyrt inn í Giljahverfi. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa íbúarnir sent inn athugasemdir til bæjarins í undirbúningsferlinu og mótmælt harðlega.

Andri Teitsson, formaður umhverfis- og mannvirkjaráðs Akureyrar, segir að nýja kerfið sé ekki meitlað í stein þó að stefnan nú sé að hverfa ekki frá þeim áætlunum sem gerðar hafa verið. Hið nýja leiðakerfi byggi á hugmyndafræði um að tíðni ferða aukist og leiðirnar verði beinni milli bæjarhluta til að auka hraðann. Þetta sé til hagsbóta en hafi þó fórnarkostnað.

„Þessi hugmyndafræði er á kostnað þess að allar hliðargötur séu þræddar. Í einhverjum tilvikum á fólk þá lengri gönguleið að strætóstöð en áður,“ segir Andri. „Það er ekki hægt að gera allt í einu í sama kerfinu. Með þessu var horft til meiri heildarhagsmuna.“

Með breytingunni verður leiðum fækkað úr sex í tvær en tengingar styttri milli skóla, íþróttamannvirkja og tómstundastarfs. Auðveldara á að vera að skipta úr einni leið í aðra þar sem þær mætast. Aðspurður um hvort eitthvað verði gert til þess að koma til móts við óánægjuraddir úthverfanna segir Andri svo vera. „Til dæmis verður séð til þess að snjómokstur og hálkuvarnir verði góðar á leiðunum að stætóstöðvunum,“ segir hann.

> **Núverandi kerfi hefur ekki reynst mjög vel.**
>
> Andri Teitsson, formaður umhverfis- og mannvirkjaráðs



Andri ítrekar að nýja leiðakerfið sé ekki sparnaðarráðstöfun og vögnum ekki fækkað. Á fundi ráðsins í gær hafi verið ákveðið að kaupa nýjan metanknúinn strætisvagn, þann fjórða í flotanum.

Ólíkt strætisvagnakerfum annars staðar, til dæmis á höfuðborgarsvæðinu, er ókeypis í vagnana á Akureyri. Andri segir engar hugmyndir hafa komið fram um að breyta því í þessari heildaruppstokkun á leiðakerfinu. Kostnaður Akureyrarbæjar við kerfið er um 250 milljón krónur á ári.

Síðasta endurskoðun á leiðakerfinu var gerð árið 2016 og samkvæmt Andra gafst sú breyting ekki vel. Nýting vagnanna hafi þá hrunið um tugi prósenta vegna þess að kerfið hentaði ekki hópum fólks. „Það var því ekki úr háum söðli að falla. Núverandi leiðakerfi hefur ekki reynst mjög vel,“ segir hann. Aðspurður um hvað bæjarstjórn vonist til þess að hið nýja kerfi auki notkunina mikið, segir hann hins vegar að ekki séu komin fram töluleg markmið um það. „Ef vel tekst til eigum við heilmikið inni.“

**kristinnhaukur@frettabladid.is**


# Styrkir

Auglýst er eftir umsóknum um styrki úr Fræðslusjóði til nýsköpunar- og þróunarverkefna.

Forgangssvið við úthlutun í ár eru:

- Efling starfs- og tækninám í framhaldsfræðslu.
- Þróun starfstengds tungumálastuðnings í framhaldsfræðslu.
- Stafræn og/eða græn hæfniuppbygging í framhaldsfræðslu.

Við mat á umsóknum er m.a. litið til þess hvernig þær falla að markmiðum 2. greinar laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu, faglega þekkingu og reynslu umsækjanda af að vinna verkefni sem sótt er um styrk til.

Að auki þurfa umsóknir að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Vera vandaðar og skýrt fram settar.
- Skýr tenging við markhóp laga um framhaldsfræðslu.
- Mæti sýnilegri þörf fyrir úrræði í framhaldsfræðslu.
- Hafi skýr skilgreind markmið og skilgreinda verkefnastjórn.
- Hafi skýra kostnaðar-, verk- og tímaáætlun.
- Skili hagnýtri afurð og verði vel kynnt.

Verkefnin skulu vera opin öllum fræðsluaðilum, mega ekki gera kröfu um umtalsverðan eða íþyngjandi kostnað, eða flókna sérfræðiþekkingu fyrir þá sem nýta sér afurðina.

Eingöngu er tekið við umsóknum á rafrænu formi. Umsóknareyðublað, lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og nánari upplýsingar um vinnuferli og viðmið vegna styrkumsóknar er að finna á vef Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, www.frae.is

Umsóknarfrestur er frá 15. mars og til 19. apríl.

FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS
MENNTUN Á VINNUMARKAÐI

RAUNFÆRNIMAT FRAMHALDSFRÆÐSLA NÁM OG RÁÐGJÖF

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA


FRUMSÝNING
ID.4 er mættur!
Komdu og prófaðu
Verð frá
5.090.000 kr.
ID.4
Pantaðu þinn ID.4 á www.volkswagen.is/id4
Veitir þér takmarkalaust frelsi
Nýr ID.4 er stórkostlega hannaður, fullvaxinn fjölskyldubíll með lipurð smábíls sem ber vitni um það hversu aðlaðandi rafknúnir ferðamátar eru. Rafmögnuð afköst veita innblástur og fyrirhafnarlaus notkun gerir allt svo einfalt. Hve langt ert þú að fara? Þú getur valið um tvær stærðir af rafhlöðum með uppgefna drægni skv. WLTP frá 340 km. til 520 kílómetra. ID.4 er sérstaklega rúmgóður að innan og að utan hefur glæsileikinn yfirhöndina. Komdu og prófaðu!
FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU
5
Fylgdu okkur!
@volkswagen
www.volkswagen.is
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · Bílakjarninn Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum



**Hreinsunaraðgerðir standa enn yfir í Fukushima.** FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Japanir efast nú um kjarnorku

**JAPAN** Fimm fyrrverandi forsætisráðherrar Japans hafa lýst yfir að landið ætti að hætta allri kjarnorkuframleiðslu.

Þetta kemur fram í sameiginlegri yfirlýsingu þeirra sem gefin var út á fimmtudaginn, þegar tíu ár voru liðin síðan jarðskjálfti og flóðbylgja riðu yfir Japan og ollu neyðarástandi í kjarnorkuveri í Fukushima-héraði. Þá létust um 16 þúsund manns og um hundrað þúsund flúðu heimili sín.

Framtíð kjarnorku í landinu hefur verið mikið rædd að undanförnu og hefur Yukio Edano, leiðtogi stjórnarandstöðunnar í Japan, talað fyrir útrýmingu kjarnorku í landinu. Hann viðurkennir þó að það verði ekki auðvelt verk „Á þessum tíu árum höfum við séð að japanskt samfélag getur þrifist án kjarnorkuvers. Ég vil búa til samfélag sem reiðir sig ekki á kjarnorku,“ sagði Edano á blaðamannafundi í vikunni. **– atv**

## Ginsburg komin til Brooklyn




**Stytta af Ruth Bader Ginsburg, fyrrverandi dómara við Hæstarétt Bandaríkjanna, var afhjúpuð í Brooklyn í New York í gær. Styttan var gerð af listamönnunum Gillie and Marc en það voru demókratarnir Rodneyse Bichotte Hermelyn, þingkona á ríkisþingi New York og Eric Adams, borgarfulltrúi í New York borg, sem afhjúpuðu styttuna. Ginsburg lést 18. september 2020 og hefði orðið 88 ára næsta mánudag.** FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Navalný færður í fangabúðir

**RÚSSLAND** Rússneski stjórnarandstæðingurinn Aleksei Navalný var færður úr fangelsi þar sem hann var í sóttkví. Þetta segir Vadim Kobzev, einn af lögfræðingum Navalny, í viðtali við fréttastofu Reuters.

Kobzev segist hafa heimsótt Navalný í fangelsið á fimmtudaginn, en degi síðar hafi annar lögfræðingur í teyminu fengið þær upplýsingar að Navalný hafi verið færður en ekki fengið svar um hvert. Ríkisfréttaveita Rússlands

> **»** Navalný var handtekinn í síðasta mánuði og dæmdur í fangelsi fyrir skilorðsbrot.

greindi síðar frá því að hann væri nú í nærliggjandi fangabúðum.

Navalný var handtekinn í síðasta mánuði og dæmdur í tveggja og hálfs árs fangelsisvist fyrir meint brot á skilorði. Í kjölfarið brutust út mikil mótmæli víða til stuðnings Navalný. **– atv**






# Hrun í vöruskiptum

**Eftir útgöngu Breta úr Evrópusambandinu hefur orðið hrun í vöruskiptum milli Breta og ríkja sambandsins. Meðal ástæðna er birgðasöfnun heildsala.**

**BRETLAND** Útflutningur Bretlands til Evrópusambandslanda féll um rúmlega 40 prósent í janúar og innflutningur um tæp 29 prósent. En janúar var fyrsti mánuðurinn eftir að aðlögunartímabilinu lauk vegna útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu. Þetta er hæsta fall í inn- og útflutningi Bretlands í áratugi. Alls féll þjóðarframleiðslan um 2,9 prósent samkvæmt hagstofu Bretlands.

Hluti af ástæðunni fyrir minnkandi vöruskiptum er að heildsalar beggja vegna Ermarsundsins höfðu birgt sig upp af varningi fyrir áramót. Þetta gildir þó ekki fyrir ferskvöru eins og fisk fluttan frá Bretlandi og grænmeti flutt frá Evrópu. Önnur stór breyta er truflanir á landamærunum og mikið skjalafargan sem hafa haft mikil áhrif á vöruskipti, ekki síst með ferskvöru.

Þó að minnkun þjóðarframleiðslunnar í janúar sé mikil í sögulegu samhengi er hún minni en bresk stjórnvöld áttu von á. Búist var við að hún myndi falla um allt að 4,9 prósent. Talið er að faraldurinn skipti þar mestu og þau högg sem breskum efnahag hafa verið greidd í faraldrinum. Í apríl, þegar fyrsta



**Boris Johnson undirritaði samning við ESB í desember.** FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

> **»** Þjóðarframleiðslan dróst saman um tæp 3 prósent í janúar.

bylgja faraldursins gekk yfir, féll þjóðarframleiðslan um 20 prósent.

Stjórnvöld búast við að vöruskipti við Evrópusambandið aukist aftur þegar uppsafnaðar birgðir dvína og fyrirtæki aðlagist breyttu kerfi á landamærunum. Talsmenn atvinnulífsins hafa hins vegar áhyggjur af því að vandinn verði viðvarandi. Bæði vegna lengri afhendingartíma og aukins kostnaðar. Þá er tollgæsla á landamærunum ekki enn komin í það horf sem hún á að vera samkvæmt lögum og á þessu ári verður eftirlit og flækjustigið aukið. **– khg**

## Fjölmiðlar ytra spyrja mikið um eldgos

**NÁTTÚRUHAMFARIR** Matthias Vogt sem rekur þyrluþjónustuna Volcano Heli segist finna fyrir miklum áhuga á mögulegu eldgosi á Reykjanesskaga erlendis frá. „Fyrirtækjanafnið leiðir til þess að erlendir fjölmiðlar hafa áhuga,“ segir Matthias, um áhuga erlendra fjölmiðla á samstarfi við fyrirtæki hans ef það færi að gjósa á Reykjanesskaga.

Einhverjir fjölmiðlar eru komnir til landsins og von á fleirum komi til eldgoss á næstu vikum en Matthias sem kemur frá Liechtenstein seldi meðal annars efni til fjölmiðla í gosinu í Holuhrauni árið 2014.

„Þessar fréttir af mögulegu gosi hafa vakið athygli úti um allan heim. Það var fréttaflutningur af þessu í Bandaríkjunum og Evrópu og margir bíða spenntir eftir hvað gerist næst.“ Aðspurður tók hann undir að fjölmiðlamenn gætu fjölmennt til landsins fari að gjósa.

„Ég veit að það eru tveir fjölmiðlamenn staddir á Íslandi vegna ástandsins. Svo eru margir gosgemlingar (e. volcano hunters) sem gætu reynt að komast til Íslands ef gosið hefst. Þau reyna að sjá öll eldgos sem hægt er að sjá. Ég kynntist nokkrum gosgemlingum í eldgosinu í Holuhrauni, þau eru mjög spennt eftir fréttum og sum eru tilbúin að ferðast til Íslands ef það fer að gjósa.“

Nokkrir hafa sent fyrirspurnir um sóttkví til Vogt sem bendir áhugasömum á regluverk íslenskra stjórnvalda. „Það hafa komið þó nokkrar fyrirspurnir að utan um sóttkvína. Einhverjir hafa velt fyrir sér möguleikanum á vinnusóttkví en ég hef bara bent þeim á opinberar leiðbeiningar um sóttkví.“ **– kpt**




ENNEMM / SÍA / NM004792

# Frumsýning í dag frá 12–16

Við frumsýnum nýjan og ennþá öruggari Hyundai i20. Glæsileg hönnun og afgerandi útlit ásamt sjálfvirkum öryggisbúnaði og meiri þægindum. Hyundai i20 er tæknilegri svo þú getir verið mannlegri.

Hyundai i20, beinskiptur. Verð frá: 2.690.000 kr.
Hyundai i20, sjálfskiptur. Verð frá 3.090.000 kr.

**Komdu í heimsókn og reynsluaktu nýjum og öruggari i20.**

HYUNDAI

**Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is**

---

7 ÁRA ÁBYRGÐ
FRAMTÍÐIN ER ÖRUGG

Hyundai býður eina víðtækustu ábyrgð sem til er. Ábyrgð á öllum Hyundai bílum er 7 ár/150.000 km akstur, hvort sem kemur á undan. Kynntu þér 7 ára ábyrgð á hyundai.is.

B|L



## HYPE
Borðstofustóll. Áklæði, sléttflauel og leður. Margir litir.

ÞÚ SPARAR **5.000** KR

**24.990 kr.** ~~29.990 kr.~~




## PÁSKABÆKLINGUR
Þú finnur nýja páskabæklinginn á www.husgagnahollin.is



Diskar úr hnotu á fæti

VERÐ FRÁ **18.990 kr.**






## VERTI
Veggvasi

**8.490 kr.**



## DUAL
Hægindastóll frá DANFORM. Grænt eða bronslitt sléttflauel og svart bonded leður.

ÞÚ SPARAR **10.000** KR.

**49.990 kr.** ~~59.990 kr.~~



## TIMEOUT
Svört eik, svart leður og svart ál eða hnota og svart leður og álfótur.

STÓLL – ÞÚ SPARAR **50.000** KR.

**279.990 kr.** ~~329.990 kr.~~

SKAMMEL – ÞÚ SPARAR **10.000** KR.

**69.990 kr.** ~~79.990 kr.~~

TIMEOUT STÓLLINN ER FÁANLEGUR Í ÓTAL LITUM Í LEÐRI OG ÁKLÆÐI OG MEÐ LAUSUM EÐA ÁFÖSTUM SKEMLI. EKKI ERU ALLAR ÚTGÁFUR LAGERVARA EN HÆGT AÐ PANTA.



## SAGA
Hægindastóll. Bronslitt sléttflauel og svartir fætur / grind.

ÞÚ SPARAR **15.000** KR.

**74.990 kr.** ~~89.990 kr.~~




## SKYLARK
Spegill frá Nordal, 100 x 200 cm.

**109.990 kr.**



## BATU
Vandað og glæsilegt sófaborð, svört keramik plata.

Ø 90 x 45 cm.

**111.990 kr.**



## BRAY
Borðstofustóll.

ÞÚ SPARAR **3.000** KR

**16.990 kr.** ~~19.990 kr.~~

# Njótum páskanna




## BLUES

Stíhreinn sófi sem sver sig í ætt skandinavískrar hönnunar. Fæst 2,5 og 3ja sæta í sinnepsgulu velúráklæði. Kaldpressaður svampur og sílicontrefjar veita góðan stuðning og endingu. Svarta og sterkir járnfætur. Sethæð 44 cm.

2ja sæta: 190 x 85 x 92 cm
**129.990 kr.**

3ja sæta: 205 x 85 x 92 cm
**139.990 kr.**





## CONNECT

Hornsófi H22Dxl úr sérlega áferðarmjúku Danny áklæði. Svartir viðarfætur. Sófinn er 2sæti–horn–2sæti–tunga eða öfugt (tunga er breið en ekki færanleg, sófinn fæst því hægri eða vinstri).
Stærð: 341 x 241 x 88 cm

SÓFI – ÞÚ SPARAR **60.000** KR.
**369.990 kr.** ~~429.990 kr.~~

## COLLINS

Klassískur hornsófi frá La-Z-boy sem fellur vel að mismunandi stílum. En auk þess að líta vel út er sófinn einstakega þægilegur. Hann er með veglegum hálffestum bakpullum og rúnnuðum örmum. Ljósgrátt slitsterkt áklæði. Stærð: 260 x 260 x 92 cm

SÓFI – ÞÚ SPARAR **100.000** KR.
**449.990 kr.** ~~549.990 kr.~~



HÚSGAGNA HÖLLIN

# Réttarvarslan



Jón Þórisson
jon@frettabladid.is

Undanfarið hefur verið nokkurt írafár vegna verktakasamnings dómsmálaráðherra við lögmann og fyrrverandi hæstaréttardómara, þar sem lögmaðurinn tekur að sér það verkefni að greina málsmeðferðartíma í refsivörslukerfinu, frá því að rannsókn lögreglu hefst og að upphafi afplánunar, auk viðbragða af ýmsu tagi sem miði að því að stytta þennan tíma. Í samningnum, sem Fréttablaðið hefur birt í heilu líki, er verkþáttum lýst, svo sem styttingu boðunarlista Fangelsismálastofnunar og greiningu á málsmeðferðartíma og einstökum lagabreytingum.

Tilgreint er að gert sé ráð fyrir að unnið skuli að samantekt á upplýsingum um málsmeðferðartíma í einstökum brotaflokkum, hjá lögreglu, ákæruvaldi og fyrir dómi. Þá skuli safnað hugmyndum og tillögum sem komið geta að gagni við að bæta skilvirkni réttarvörslukerfisins. Þetta fari fram með samtölum við lögmenn sem vanir eru meðferð sakamála. Að síðustu er svo gert ráð fyrir tillögum um úrbætur.

Keppikefli stjórnvalda á hverjum tíma hlýtur að vera að réttarvörslukerfið sé skilvirkt. Sömuleiðis hefur margoft komið fram að málsmeðferðartíminn frá upphafi rannsóknar sakamáls þar til málið hefur verið til lykta leitt, hvort sem er með niðurfellingu máls, sýknu eða sakfellingu, sé of langur.

Nýlega var í Landsrétti þinghald í síðasta sakamálinu sem tengist efnahagshruninu, ríflega tólf árum síðar. Brotaþolar hafa ítrekað kvartað undan hversu langur tími líður þar til niðurstaða fæst um sekt eða sýknu meints geranda.

Ein af meginreglum sakamálaréttarfars er að hraða skuli meðferð máls eins og kostur er og tekur það hvort tveggja til mála í rannsókn, ákæruferlis og meðferðar fyrir dómi. Í því eru fólgin mannréttindi, hvort tveggja þeirra sem bornir eru sökum og þeirra sem mögulega hefur verið brotið gegn að niðurstaða máls sé fengin eins fljótt og verða má. Í upphafsákvæði laga um fullnustu refsinga segir að markmið þeirra sé að fullnustan fari fram með öruggum og skilvirkum hætti.

Þannig er ljóst að löggjafinn ætlast til að refsivörslukerfið í heild sé sem skilvirkast. Á lista þeirra sem bíða afplánunar voru 213 árið 2009. Í lok síðasta árs taldi listinn 638. Meðal þeirra eru sjálfsagt þeir sem hafa bætt sitt ráð, stofnað heimili og eignast fjölskyldu. Að því kemur svo að þeir verða lokaðir inni og betrunin, sem þeir höfðu sjálfir staðið fyrir, unnin fyrir gýg.

Það er því að öllu samanlögðu þarft verk að vinna að bættri skilvirkni í þessum málum.

Ljóðurinn á málinu var hins vegar sá að lögmaðurinn sem upphaflega var valinn til verksins er umdeildur. Án þess að tekin sé afstaða til þess, fer ekki hjá því að móttökur við afrakstri vinnunnar hefðu litast af því atriði. Það virðist líka hafa verið mat ráðherrans og lögmannsins þar sem annar lögmaður hefur nú tekið við verkefninu. Eftir stendur að þessi farvegur er sérkennilegur. Ástæða er til að efast um að verkið sé á færi eins manns, með 100 klukkustunda vinnuframlagi.

Þarna var dauðafæri að setja málið í umfangsmeiri og faglegri farveg.

**Ástæða er til að efast um að verkið sé á færi eins manns, með 100 klukkustunda vinnuframlagi.**




Gunnar




## Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



# Gagg hænsnanna

Lengsta sápuópera veraldar tók dramatíska vendingu í vikunni. Viðbrögðum við viðtali Opruh Winfrey við hertogann og hertogaynjuna af Sussex má skipta í þrennt: Þau sem lýstu stuðningi við Harry Bretaprins og Meghan Markle, þau sem töldu bresku konungsfjölskylduna illa leikna og þau sem gripu tækifærið til að gefa til kynna eigin andlegu yfirburði með því að segjast vera „drullu sama“.

Viðtal Opruh sannar hið fornkveðna. „Skoðanir eru eins og rassgöt,“ sagði Clint Eastwood í kvikmyndinni Dirty Harry. „Allir eru með svoleiðis.“

Blaðafulltrúi Hvíta hússins hrósaði Meghan fyrir að vera svo opinská um andlega heilsu sína. „Það er eitthvað sem forsetinn trúir á.“ Hillary Clinton sagði að stofnanir ættu ekki að „þröngva ungum konum í úrelt mót“. Söngkonan Beyoncé þakkaði Meghan fyrir „hugrekkið“. Donald Trump yngri brást við með háði: „Þegar ég leita mér að rólegu lífi fjarri augum fjölmiðla hringi ég í Opruh og læt hana taka við mig viðtal.“ Megyn Kelly, fréttaþula á Fox, spurði áhorfendur hvort þeir hefðu „nokkurn tímann séð jafnmikið forréttindafólk spila sig sem önnur eins fórnarlömb“.

Í ljósi alls þess sem sagt hefur verið um viðtalið við Meghan og Harry mætti ætla að málið hefði verið krufið til mergjar. Ein rödd hefur þó alveg verið hunsuð.

Meghan og Harry lýstu því í viðtalinu við Opruh að þau hefðu ekki átt annarra kosta völ en að flýja hirðina í Bretlandi og leita skjóls í Bandaríkjunum. Þeim hefði verið meinaður stuðningur, venjulegt líf, félagsskapur og andrými. Þau hefðu verið fangar hallarinnar, fórnarlömb fornfálegrar stofnunar og kaldlyndrar konungsfjölskyldu.

Í kvikmyndinni The Matrix segir frá tölvuþrjótinum Neo sem uppgötvar að veröldin eins og við þekkjum hana, eins og við skynjum hana, er ein stór lygi. Þegar hann kemst í kynni við hinn alvitra Morpheus stendur hann frammi fyrir vali. Hann getur gleypt bláa pillu og haldið áfram makindalegri tilveru sem byggð er á blekkingu, eða hann getur tekið rauðu pilluna og komist að óþægilegum sannleikanum.

„Ég var fastur en ég vissi ekki að ég var fastur,“ sagði Harry við Opruh þegar hún spurði hvort hann hefði nokkurn tímann flúið ef ekki hefði verið fyrir Meghan. „En svo hitti ég Meg.“

Harry tók rauðu pilluna úr hendi Morpheusar sem leikinn var af Meghan Markle. Hann sá veröldina eins og hún raunverulega var og braust út úr konunglegri sýndarveröld. „Ég var fastur í kerfi, alveg eins og restin af fjölskyldu minni er nú. Pabbi minn, bróðir minn, þeir eru fastir. Þeir þekkja aðeins það sem þeir þekkja. Ég hef reynt að fræða þá í gegnum sömu ferla og ég gekk í gegnum,“ sagði Harry þungur á brún.

### Grimmúðleg tímaskekkja

Meghan hefur talað. Harry hefur talað. Konungsfjölskyldan hefur sent frá sér fréttatilkynningu. Það var hins vegar gagg hænsnanna sem Meghan og Harry halda í bakgarði sínum sem reyndist áhrifamesta innleggið í deiluna. Táknræn merking fyrrum búrhænanna sem hjónin frelsuðu úr ánauð blasir við. Eins og Meghan og Harry lifðu hænurnar læstar inni, ófærar um að sýna af sér venjulega hegðun eins og að breiða út vængina, leita sér ætis og verjast yfirgangi annarra hænsna. Merkingin ristir þó dýpra.

Frá árinu 2012 hefur verið bannað að hýsa varphænur í hefðbundnum búrum í Bretlandi. Þótt andi köldu milli Harry Bretaprins og föður hans og bróður sagðist hann vorkenna þeim: „Ólíkt mér geta þeir ekki farið.“

Meghan og Harry eru ekki ein um að vera fórnarlömb. Breska konungsfjölskyldan er jafngrimmúðleg tímaskekkja og búrhænur; hún er sápuópera sem ætti að vera löngu búið að taka af dagskrá.

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*



NÁTTÚRAN
LEIÐSÖGN Í MÁLI OG MYNDUM
2990.-
Ótrúleg ævintýri
BRJÁLÍNU HANSEN
1490.- stk.
Bella Linde
Lena Granefelt
GARÐRÆKT
Í SÁTT VIÐ UMHVERFIÐ
matjurtir · ávextir · kryddjurtir
990.-
OPIÐ
KL. 10 – 21
ÖLL KVÖLD
VERUM
UMHVERFISVÆN ·
NOTUM MARGNOTA
BURÐARPOKA
BÓKA
LOKAHELGIN!
Laugardalsvelli
25. FEBRÚAR - 14. MARS
ÓTRÚLEGT ÚRVAL · ÞÚSUNDIR TITLA
HELENE FLOOD
ÞERAPISTINN
2999.-
Depill, hvaða hljóð er þetta?
Eric Hill
1999.-
BRANDARAR og gátur 5
990.-
Hulduheimar
990.-
Hulduheimar
Skýjaeyjan
990.-
leikur að læra
LITIR
dót í bók
999.-
TOMMI KLÚÐUR
MISTÖK VORU GERÐ
STEPHAN PASTIS
1699.-
Hættu að trúa lygunum um hver þú ert svo þú getir orðið sú sem þér var ætlað að verða
Þvoðu þér í framan stelpa
RACHEL HOLLIS
1990.-
ÍSLENSK FJÖLL
Gönguleiðir á 151 tind
ARI TRAUSTI GUÐMUNDSSON
PÉTUR ÞORLEIFSSON
2990.-

# Sýnir að kvennaboltinn er í sókn

**Spænsk íþróttayfirvöld tilkynntu í vikunni að kvennadeildin þar í landi yrði að atvinnumannadeild næsta haust. Með því steig Spánn sama skref og Ítalir fyrr í vetur. Ákvörðunin sýnir enn á ný að kvennaknattspyrna er í sókn, að sögn Sifjar Atladóttur.**

**FÓTBOLTI** Spænsk stjórnvöld stigu stórt skref í gær til að styðja við bakið á kvennaknattspyrnu þar í landi þegar tilkynnt var að efsta deild á Spáni, La Liga Femenina, yrði atvinnumannadeild frá og með haustinu. Með því stígur Spánn sama skref og Ítalir sem tilkynntu fyrr í vetur sama skref, en spænsk stjórnvöld stefndu að breytingunni strax á sama ári á meðan Ítalir eru með þetta á stefnulista fyrir árið 2022.

„Íþróttasamband Spánar mun sjá til þess að efsta deild kvenna verður að atvinnumannadeild frá 2021. Það gengur ekki að karladeildin sé atvinnumannadeild og að kvennadeildin sé ekki talin í sama flokki. Það heldur ekki rökum og við munum binda enda á þetta óréttlæti með því að bæta aðstöðu og skipulag kvennaknattspyrnunnar,“ sagði Irene Lozano, forseti spænska íþróttasambandsins, þegar ákvörðunin var tilkynnt í vikunni. „Markmiðið er að vera með bestu deild Evrópu á Spáni og þetta er rökrétt skref í átt að því markmiði.“



**Caroline Graham Hansen í leik Barcelona og Real í vetur.** FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Deildarkeppnin á Spáni fagnar 33 ára afmæli á þessu ári, en árið 2015 voru hagsmunasamtök kvennaliða stofnuð og í fyrsta sinn skrifuðu leikmenn deildarinnar undir kjarasamning á síðasta ári. Með því var allt til reiðu sem þarf til að gera deildina að atvinnumannadeild en Spánn átti tvö lið í sextán liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu í vetur. Barcelona sem er með eitt af bestu liðum Evrópu stefnir hraðbyri að meistaratitlinum en í fyrsta sinn er lið sem leikur fyrir hönd Real Madrid þennan veturinn eftir að Madrídingar keyptu félagið Tacón.

„Ég veit að spænsku stelpurnar og deildarkeppnin hafa verið að berjast fyrir þessu undanfarin ár. Það er ekki langt síðan þær fóru í verkfall í baráttunni fyrir betri kjörum og þetta er svakalega stórt skref og sýnir hvað kvennaknattspyrnan er að sækja í sig veðrið,“ segir landsliðsmiðvörðurinn Sif Atladóttir, sem leikur með Kristianstad í sænsku deildinni, þegar Fréttablaðið spurði hana hvaða þýðingu ákvörðun eins og þessi hefði.

„Þetta ýtir undir atvinnuöryggi deildarinnar og leikmannanna. Þær þurfa ekki jafn mikið að berjast fyrir tilverurétti sínum ef þær eru með atvinnumannasamning sem ver réttindi þeirra.“

Dregið var í Meistaradeild Evrópu í gær þar sem flest af stærstu liðum Evrópu í karlaflokki undanfarna áratugi voru með fulltrúa. Þau eru flest búin að taka þetta skref eða eru að setja á laggirnar kvennalið.

„Næstu 5-10 árin á ég von á því að þetta sé þróunin í stærri deildunum þar sem karlaliðin eru mjög stór og sterk. Á Englandi hafa stærstu liðin eins og Manchester-liðin tvö og Chelsea verið að stækka við kvennaliðin sín, eins og Barcelona. Real Madrid er enn að vinna í uppbyggingu en það á eftir að lokka til sín stóra leikmenn að fá að spila fyrir Real Madrid. Það sýnir þróunina sem hefur átt sér stað og gefur þessum félög meiri kraft,“ segir Sif og minnist á að ákvarðanir sem þessar eigi stóran þátt í að gera kvennaknattspyrnu sýnilegri. Fyrir vikið sé auðveldara að sækja í fyrirmyndir.

„Um leið eykur það styrkleika íþróttarinnar. Þegar ég er að alast upp er kvennaknattspyrnan ekkert mjög sýnileg,“ segir Sif hreinskilin og heldur áfram. „Mínar fyrirmyndir voru pabbi minn og aðrir karlar. Það var ekki raunhæft markmið að spila í meistaraflokki karla en stúlkur í dag hafa allar þessar kvenfyrirmyndir sem er mjög jákvætt.“

**kristinnpall@frettabladid.is**

briet.is



**Leigufélagið Bríet óskar eftir byggingaraðilum til að taka þátt í uppbyggingu íbúða víðsvegar um landið**

Leigufélagið Bríet stefnir á uppbyggingu á hagkvæmum leiguíbúðum og auglýsir því eftir byggingaraðilum til samstarfs. Byggingaraðili skal vera aðalverktaki og annast framkvæmd verkefnis í samráði við sveitarfélagið og Leigufélagið Bríeti.

Gögn fyrir samstarfsaðila er hægt að nálgast með því að senda tölvupóst á soffia@briet.is og skal gögnum skilað fyrir föstudaginn 9. apríl 2021.

Við val á byggingaraðilum til samstarfs verður tekið tillit til reynslu aðila ásamt hagkvæmni og gæði lausna.

Upplýsingar veita Soffía Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri Bríetar (soffia@briet.is) og Elmar Erlendsson, byggingafræðingur hjá HMS (elmar.erlendsson@hms.is).

Nánari upplýsingar eru að finna á briet.is

Leigufélagið Bríet


**Hilmar Snær á ferðinni niður brekkurnar í Liechtenstein.** MYND/AÐSEND

# Hilmar Snær kláraði tímabilið með bronsi

**SKÍÐI** Hilmar Snær Örvarsson, skíðamaður úr Víkingi, hafnaði í þriðja sæti í svigi á móti sem var liður í Evrópumótaröð IPC og fram fór í Liechtenstein í gær. Þetta var lokadagur mótaraðarinnar þetta keppnistímabilið.

Hilmar Snær var annar eftir fyrri ferðina en smávægileg mistök í upphafi seinni ferðarinnar reyndust honum dýrkeypt og lauk hann þar af leiðandi keppni í þriðja sæti.

Aðstæður í Liechtenstein í gær voru fremur erfiðar, gott veður var á meðan keppninni stóð en mikið af nýjum og blautum snjó í brautinni. Sem fyrr var það Frakkinn Arthur Bauchet sem hafði sigur, en hann fór með sigur af hólmi í öllum fjórum keppnunum í standandi flokki á mótunum í Malbun síðustu dagana.

Fyrr í vikunni keppti Hilmar Snær í stórsvigi á landsmóti í Liechtenstein og svo á móti sem var hluti af Evrópumótaröðinni. Þar endaði hann annars vegar í fimmta sæti og hins vegar í sjötta sæti í þeirri grein.

Hilmar Snær lýkur þar af leiðandi keppni á Evrópumótaröðinni þetta árið með silfur og brons í svigi í farteskinu, en líklegast má telja að þetta hafi verið síðasta verkefni hans þetta tímabilið.

**» Hilmar Snær Örvarsson nældi í silfuverðlaun og eitt brons á mótum innan Evrópumótaraðarinnar í Liechtenstein í vikunni.**

Í desember síðastliðnum var Hilmar Snær valinn Íþróttamaður ársins hjá Íþróttasambandi fatlaðra í fyrsta skipti en hann var á síðasti ári fyrstur Íslendinga til þess að sigra Evrópumótaröð IPC í alpagreinum. Það gerði Hilmar Snær á lokamótum mótaraðarinnar í svigi í Króatíu í upphafi síðasta árs.

Þessi tvítugi skíðamaður úr Fossvoginum vann þrenn gullverðlaun í svigi á mótum á Evrópumótaröðinni í Slóvakíu síðasta vetur.

Þá tryggði hann sér sigur í heildarstigakeppninni í svigi á Evrópumótaröðinni, með því að vinna þrenn gullverðlaun og næla í eitt silfur á mótum sem haldin voru í Króatíu í febrúar í fyrra. **– hó**

FRUMSÝNING

# RANGE ROVER EVOQUE PHEV OG DISCOVERY SPORT PHEV

LAND ROVER

ABOVE & BEYOND

www.landrover.is




## GLÆSILEGAR, KRAFTMIKLAR OG SPARNEYTNAR PLUG-IN HYBRID ÚTGÁFUR

Við frumsýnum nýjar Plug-in Hybrid útgáfur af Range Rover Evoque og Land Rover Discovery Sport. Komdu og skoðaðu fallega hönnun og kraftmiklar en sparneytnar vélar í glæsilegum bílum sem veita þér óviðjafnanlega akstursánægju.

**LAND ROVER**
HESTHÁLSI 6-8, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 525 6500

OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16

ENNEMM / SÍA / NM00479

# Vorerikurnar
## eru komnar



**Vorerikur**
Blómapottar seldir sér.
**779** kr/stk.



40%
**Túlípanar**
10 stk.
**1.490** kr
~~2.490~~ kr



23%
**Krýsi**
10,5 cm pottur.
11400104
**999** kr
~~1.290~~ kr



33%
**Ástareldur**
10,5 cm pottur.
11328305
**999** kr
~~1.490~~ kr



28%
**Rósir**
10,5 cm pottur.
10323787
**1.290** kr
~~1.790~~ kr

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.



## Ný sending af potta-plöntum í hverri viku



33%
LAUFEN
**Veggskál + seta**
7920021
**39.990** kr
~~59.845~~ kr



22%
damixa
**Handlaugartæki**
8000072
**29.990** kr
~~38.485~~ kr



25%
damixa
**Eldhúsblöndunartæki**
8000070
**31.990** kr
~~42.885~~ kr



25%
damixa
**Eldhúsblöndunartæki**
Silhouet, svart. 8000048
**31.490** kr
~~41.990~~ kr



30%
BerlingerHaus
**Pottasett** I-ROSE
10 stk. 2002808
**16.769** kr
~~23.395~~ kr



25%
GROHE
**Eldhústæki**
GROHE StarLight áferð, auðveldar þrif. 7911066
**13.990** kr
~~19.3855~~ kr



25%
BLACK+DECKER
**Fjölnotavél** MT300KA
Sagar og pússar með superlock. Þyngd 1,4 kg, Hraði 10.000 - 22.000. Mjúkt grip og 11 PIRANHA fylgihlutir. 6 sandpappír, fúguraspur, 4 blöð, 2 sköfur. Kapall 3 m. Taska. 5245980
**14.995** kr
~~19.995~~ kr

20%
BLACK+DECKER
**Juðari** KA330E
260W. 1/3 pappír ryksafnari cyclonic. 5245792
**10.995** kr
~~13.995~~ kr

Kynningarverð
SAMSUNG
**Snjallsjónvarp** 55″
4K UHD, upplausn 3840x2160.
1860803
**114.990** kr
~~129.990~~ kr

**Snjallsjónvarp** 75″
4K UHD, upplausn 3840x2160.
1860810
**199.990** kr
~~229.990~~ kr



55″ og 75″
55″ 15 stk. í boði
75″ 10 stk. í boði
Eingöngu í vefverslun og Skútuvogi



Frábært verð
AEG
**AEG þvottavél 8 kg, 1400 sn.**
Kolalaus mótor, vigtar þyngd þvottar.
1860502
**89.990** kr
~~94.990~~ kr



Sparaðu 10.000.kr
Electrolux
**Þurrkari, barkalaus**
7 kg, orkuflokkur B, stærð: 85X59,6 X57 cm, 67dB. 1835643
**69.990** kr
~~79.990~~ kr



20%
AEG
**Ryksuga**
750/650W, 5 m snúra, ryksuguhaus fyrir parket og mottur. 1870001
**13.590** kr
~~16.990~~ kr

blómaval HÚSASMIÐJAN

# FYRIR ÞIG

## Fallegra heimili



Parket og flísar
**25%**
afsláttur

Græn vara

LADY málning JOTUN
**20%**
afsláttur




Litakort Sir Arnars Gauta er komið í Húsasmiðjuna



FRÉTTABLAÐIÐ HELGIN

Þórarinn Þórarinsson
thorarinn@frettabladid.is





„Ég hef náttúrlega aldrei lent í eins yfirgripsmiklu verkefni sem hefur tekið jafn langan tíma," segir Ásgrímur Sverrisson, um þáttaröðina Ísland: bíóland. Hann leikstýrir, skrifar handrit og er þulur. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Kvikmyndavorið hófst á Morðsögu

**Ásgrímur Sverrisson** hefur eytt síðustu fimm árum í að taka saman sögu íslenskrar kvikmyndagerðar. Um 100 klukkustundir af efni enduðu í tíu þátta röð sem hefur göngu sína um helgina.

RÚV sýnir fyrsta þátt af tíu í sjónvarpsþáttaröðinni Ísland: bíóland á sunnudagskvöld, en í þeim rekur kvikmyndagerðarmaðurinn Ásgrímur Sverrisson sögu íslenskrar kvikmyndagerðar sem er ekki styttri en svo að á annað hundrað viðmælenda koma við sögu í þáttunum og aðstoða hann við að fylla upp í sögu sem er merkilega umfangsmikil og marglaga.

„Drottinn minn almáttugur, þetta er náttúrlega svo gígantískt verkefni. Hvernig á ég að klára þetta?" segir Ásgrímur og hlær, þegar hann viðurkennir að þótt hann þekki viðfangsefnið inn og út hafi verkefnið Ísland: bíóland framkallað slíkan verkkvíða að honum hafi í upphafi þótt það yfirþyrmandi.

„Það má segja að heildarferlið sé fimm ár og þar af meira og minna stanslaus vinna í fjögur ár. Maður hefur aldrei verið svona lengi að í einu við eitt verkefni. Eina leiðin til að gera það var að horfa bara á einn dag í einu."

Þannig tókst honum að kljúfa ósköpin öll niður í tíu afmarkaða efnisþætti og RÚV frumsýnir þann fyrsta á sunnudagskvöld, þegar hann byrjar að rekja sig gegnum sögu íslenskra kvikmynda frá byrjun tuttugustu aldar til dagsins í dag. Eða svo gott sem.

**Kvikmyndasaga þjóðar**

„Af því að þetta hefur ekkert verið gert svona áður þá vildi ég í rauninni hafa þetta línulega frásögn þannig að áhorfandinn gæti fylgst með hvernig þetta varð til," segir Ási og leggur áherslu á að hann hafi alltaf hugsað þættina fyrir almenning.

„Þetta er í rauninni alþýðufræðsla, skilurðu? Eða, þetta er fyrir fólkið í landinu. Þetta er ekki fyrir bíónörda. Ég hugsa þetta fyrir áhorfandann heima í stofu og mig langar að segja fólkinu þessa merkilegu, margræðu og flóknu sögu sem er um leið okkar saga líka.

Þetta er saga okkar allra og margir eiga minningar um ýmsar myndir og um leið eru þeir minntir á ákveðin tímabil í sínu lífi þannig að þetta er svona tímaferðalag í dálítið margræðum skilningi og stóra spurningin sem hangir kannski yfir þessu öllu, er hvernig íslenskum kvikmyndum hefur tekist að spegla lífið í þessari íslensku reynslu. Bæði innra með fólki, í sál þess, og ytra, í lýsingum á umhverfi okkar og aðstæðum."

**Í upphafi var morðið**

Ási sá fyrir sér að áhorfandinn gæti með þáttunum fengið að upplifa hvernig kvikmyndagerðin á Íslandi þróast og þenst út. Hvernig ákveðin tímabil verða mjög áberandi í sögunni. „Og síðan bara áfangar hér og þar þangað til hún verður að því sem hún er í dag."

Ekki þurfi að fjölyrða um hversu gríðarlegum breytingum kvikmyndagerðin hafi tekið og gildi þá einu hvort horft er til byrjunarinnar í upphafi 20. aldarinnar, eða íslenska kvikmyndavorsins fyrir einhverjum 40 árum eða svo.

„Það var náttúrlega rosalegur munur að fara frá því að fá nánast enga mynd árum saman. Morðsaga kom þarna rétt á undan, 1977, og er auðvitað tvímælalaust hluti af þessu kvikmyndavori. Hún er vorboðinn, ef það má orða það svo," segir Ási og bendir á að næsta mynd þar á undan hafi verið 79 af stöðinni frá 1962.

„Morðsaga fékk alveg gríðarlega aðsókn og svo komu fyrstu myndirnar þremur árum síðar og þær fengu allar alveg brjálæðislega aðsókn. Um það bil 100 þúsund manns bara á hverja mynd. Það tímabil hélst síðan í nokkur ár og svo fór svona hægt og rólega að draga úr þessum ofboðslega áhuga sem var í rauninni út úr öllu korti."

## Löng fæðing

Ásgrímur fer í þáttunum tíu í gegnum sögu íslenskra kvikmynda frá byrjun tuttugustu aldar til okkar tíma. Fyrsta þáttinn nefnir hann Langa fæðingu og þar er fjallað um bíómyndir sem gerðar eru frá fyrri hluta tuttugustu aldar fram undir lok sjötta áratugarins, ásamt helstu heimildarmyndum þessara tíma. Meðal annars er rýnt í myndirnar Fjalla-Eyvind, Sögu Borgarættarinnar, Ævintýri Jóns og Gvendar, Höddu Pöddu, Björgunarafrekið við Látrabjarg, Síðasta bæinn í dalnum og Sölku Völku.




Ási bendir síðan á að þótt gengi íslenskra mynda hafi verið misgott í seinni tíð þá sé „bara raunin þegar upp er staðið og horft yfir sviðið sú, að áhugi Íslendinga á íslenskum myndum er mjög mikill."

**100 klukkustundir**

Ekkert virðist heldur vanta upp á áhugann á sögu íslenskra kvikmynda, ef marka má viðbrögðin sem Ási hefur fengið við hugmyndinni að þáttunum. „RÚV tók okkur fagnandi alveg bara strax frá byrjun og þarna eru náttúrlega viðtöl við meira eða minna flesta íslenska leikstjóra, svo er eitthvað af gömlum viðtölum við þá sem eru horfnir nú þegar.

Við tókum upp alveg gríðarlegt magn af viðtölum. Ég held við séum með einhverjar 100 klukkustundir af viðtölum og af þeim eru kannski fjórar til fimm í þáttaröðinni. Við vonumst líka til þess að geta gert það efni aðgengilegt síðar. Bara á einhverjum vef eða eitthvað. Bara upp á framtíðina. Söguna. Ef fólk vill eitthvað pæla í þessu, eða fræðimenn jafnvel stúdera þetta seinna. Það verður að huga að aðgengi að frumheimildum."

Þá segist Ási vonast til þess að þættirnir verði til þess að vekja upp minningar, endurnýja áhuga einhverra á eldri myndum. „Og viðhalda þannig þessum áhuga á íslenskri kvikmyndasögu. Hún spannar hér um bil 120 ár núna og þrátt fyrir að hún sé ekki mjög stór þá er hún áhugaverð, vegna þess einmitt að þarna er verið að segja söguna um okkur."

LAGERHREINSUN
Á NILFISK HÁÞRÝSTIDÆLUM
Nilfisk
30% AFSLÁTTUR

C125.7-6 PC X-tra
Verð áður 32.800 kr.
Tilboðsverð
22.960 kr.



C120.7-6 PCAD
Verð áður 34.900 kr.
Tilboðsverð
24.430 kr.



C135.1-8 PC
Verð áður 39.799 kr.
Tilboðsverð
27.859 kr.



Premium 180-10
Verð áður 123.800 kr.
Tilboðsverð
86.660 kr.



Rekstrarland | Vatnagörðum 10 | 104 Reykjavík | 515 1100 | Austurvegi 69 | 800 Selfossi | 480 1306 | Olís Njarðvík | 260 Reykjanesbæ | 420 1000 | rekstrarland.is
olís
REKSTRARLAND




**Icelandair og Air Iceland Connect sameinast undir merkjum Icelandair.**

Þessi breyting er liður í að efla innanlandsflugið og verður til hagsbóta fyrir farþega á margan hátt, frá betri verðum til fleiri áfangastaða og aukinna farþegafríðinda.

Þar með verður Icelandair fyrsti áfangi ferðalagsins, innanlands og utan.

**Innanlandsflugið er komið á kortið og heimurinn færist enn nær.**

**Kynntu þér málið á icelandair.is/saman**

Air Iceland Connect

ICELANDAIR

# Maður verður að þola hnjask

**Áður en Steinunn Birna Ragnarsdóttir tók við stjórn Íslensku óperunnar árið 2015 var hún tónlistarstjóri Hörpu í fimm ár. Þar lærði hún að aftengja egóið og taka gagnrýni ekki persónulega, lærdómur sem hefur nýst vel.**

Björk Eiðsdóttir
bjork@frettabladid.is



Mikið hefur mætt á óperustjóranum sem þó stendur keik í brúnni á meðan þess er beðið að Landsréttur taki afstöðu til áfrýjunar máls gegn Óperunni og hópur söngvara hefur lýst yfir vantrausti á stjórn hennar. En hver er þessi píanóleikari sem hefur kallað Hörpu sitt annað heimili í rúman áratug og bjó jafnvel um sig á skrifstofunni í árdaga tónlistarhússins þegar ekki gafst tími til að fara heim yfir blánóttina?

Steinunn er ógift en á eina dóttur og fjögur barnabörn og var ekki nema 37 ára gömul þegar hún varð amma. Hún hlær þegar hún er spurð út í hjónaband og segist eitt sinn hafa gengið í hjónaband, sem varði mjög stutt.

„Mín lengri sambönd hafa ekki haft efnivið í lífstíðarbindingu. Hjónabandið entist í um eitt og hálft ár en út úr því kom þessi dásamlega dóttir sem ég gæti ekki verið lánsamari með.“

Mikill vinskapur er augljóslega á milli Steinunnar og einkadótturinnar Brynhildar Björnsdóttur, stjórnarformanns GG Verks og fyrrverandi varaþingmanns Bjartrar framtíðar. Rifjar Steinunn upp skemmtilegar minningar um hvaða áhrif það hafði á dótturina að alast upp sem einkabarn einstæðrar móður í tónlistarnámi.

„Hún var ákveðin í að eiga alltaf samstætt stell og það yrði alltaf matur klukkan sex á aðfangadag. Hún ætlaði sér líka að eiga stóra fjölskyldu og alls ekki verða tónlistarmaður. Það skipti hana miklu að halda í hefðir sem ég hef aldrei haft þörf fyrir. En líklega leitum við alltaf að því sem er andstætt því sem við sjálf venjumst í bernsku. Það var mikil festa í minni bernsku og líklega fékk ég þar minn skammt.“

Árið 1983 hélt Steinunn í meistaranám í tónlist í Boston og var dóttirin hluta námsferilsins hér heima hjá móðurömmu og -afa og svo í Bandaríkjunum hjá móður sinni.

„Ég þurfti að redda mér vinnu með skólanum og bankaði upp á í kirkju einni og bauð mig fram sem orgelleikara þó ég hefði þá aldrei leikið á orgel. Ég var ráðin á staðnum og þetta er eitt besta djobb sem ég hef fengið, spilaði eina messu á sunnudegi og gat þannig greitt leigu og hluta uppihalds okkar.“

Söfnuðurinn var sænskur og kallaðist Church of New Jerusalem og var í frjálslyndari kantinum.

„Ein jólin þegar ég þurfti að spila messu klukkan sex, akkúrat þegar Brynhildur vildi byrja að borða jólamatinn, hafði ég boðið félögum mínum úr tónlistarskólanum sem ekki komust heim um jólin, til okkar í jólamat. Þar komu saman ýmis þjóðerni og tóku allir með rétt frá sínu heimalandi og hljóðfæri sín. Mér fannst þetta æðisleg jól en Brynhildur leit á mig skelfingu lostin og sagði: „Þetta fólk er ekki einu sinni skylt okkur,“,“ rifjar Steinunn upp hlæjandi en segist þó halda að í dag sé dóttirin sátt við minninguna.

Steinunn er einkabarn foreldra sinna og ólst upp í Smáíbúðahverfinu þar sem faðir hennar var skólastjóri Réttarholtsskóla.

„Pabbi var mikill menntamaður, klettur í mínu lífi og mikill vinur minn.“



Steinunn Birna var aðeins sex ára gömul þegar hún ákvað að leggja píanóleik fyrir sig og þó hún hafi verið í tímafrekum ábyrgðarstöðum undanfarinn áratug spilar hún á hljóðfærið á hverjum degi og segist harðneita að fara úr formi.

Þegar Steinunn vann að opnun Hörpu árið 2011 lá faðir hennar banaleguna.

„Ég spurði hann út í hvað hann héldi að hefði hjálpað sér í að vera svona góður í að vera manneskja. Honum brá við spurninguna en svaraði svo að líklega hefði þar miklu skipt markmið hans að búa sér alltaf til tilhlökkunarefni.

Hann fann sér eitthvað til að hlakka til samdægurs, eftir nokkrar vikur og eftir ár. Þetta gerði hann alla tíð og var alltaf í jafnvægi og sátt. Ég ákvað að tileinka mér þetta og geri meðvitað, sérlega þegar það er ekkert augljóst til að hlakka til – þá er áskorunin stærst.“

**Fann ástríðuna snemma**

Steinunn er menntaður píanóleikari og hefur starfað lengi við listina en hún var kornung þegar hún áttaði sig á því að þar lægi ástríða hennar.

„Pabbi hlustaði mikið á söngleiki en mamma var og er mjög listræn. Hún kenndi sjálfri sér að spila á

> **ÉG HEF ALDREI EINSETT MÉR AÐ FINNA MÉR MAKA, KANNSKI ER EINHVER BÓHEM TAUG Í MÉR EÐA ÞÖRF FYRIR SJÁLFSTÆÐI SEM GEFUR EKKI FÆRI Á ÞEIM MÖGULEIKA.**

píanó en fékk aldrei þessa kennslu sem ég svo síðar fékk. En hjá þeim fékk ég mikinn stuðning á þessu sviði og til að mynda tók hún á sig aukavinnu til að safna fyrir píanói fyrir mig.“

Hún rifjar upp að sem barn hafi hún varið miklum tíma í bílskúrnum ásamt föður sínum, þar hafi hann hlustað á Kanaútvarpið á meðan hún dundaði sér.

„Pabbi menntaði sig í Bandaríkjunum og hafði gaman af því að hlusta á lýsingar á hafnaboltaleikjum. Á eftir leikjunum var þátturinn Music Appreciation og intróið að þeim þætti var hægi kaflinn úr Pathetique sónötunni eftir Beethoven.

Ég gleymi aldrei því augnabliki sem ég heyrði kaflann fyrst aðeins sex ára gömul. Ég hreinlega leystist upp í frumefni af hrifningu við að heyra þetta: hljóðfærið, hljóminn og verkið. Þegar kaflinn var búinn leit ég á pabba og sagði: „Þetta er það sem ég ætla að gera þegar ég verð stór!“ Hann svaraði bara „auðvitað“, þó hann hefði ekki hugmynd um hvað ég væri að tala um.“

Steinunn var komin í píanótíma vikunni á eftir og að fjórum árum liðnum hafði hún lært að spila umrædda sónötu. „Þetta snýst allt um að finna það sem gefur manni svona mikið þótt það gerist ekki alltaf á þennan hátt.“

Steinunn segist tengja við þau fjögur atriði sem Japanir ráðleggi sínu fólki að hugsa út í við val á starfi. „Veldu eitthvað sem þú elskar, sem þú ert góður í, sem heimurinn þarfnast og þú færð borgað fyrir. Ef þú tikkar ekki í þessi fjögur box, leitaðu þá áfram.“

**Rak ísbíl í Boston**

Sjálf hefur Steinunn lært mikið í rekstri með því að framkvæma hlutina og segist hafa farið í gegnum tvær eldskírnir í þeim efnum.

„Það var þegar ég rak ísbílinn í Boston og svo þegar ég stofnaði Reykholtshátíðina þar sem ég var ein ábyrg fyrir fjárhagslegri útkomu,“ segir Steinunn en hún stofnaði hátíðina árið 1996 og stjórnaði henni fyrstu árin.

„Í Hörpu tekur þetta svo á sig stærri mynd en er í grunninn það sama. Í listframleiðslu er mikilvægt að hugsa stórt, einmitt þegar maður er við það að missa kjarkinn.“

Starf Steinunnar í tónlistargeiranum er þekkt en rekstur ísbíls í Boston hljómar forvitnilega.

„Ég vaknaði við þann vonda draum þegar eitt ár var eftir af framhaldsnáminu, að ég ætti ekki rétt á meiri námslánum og sá þá bandaríska mjólkurfyrirtækið Hood auglýsa að hægt væri að fá leigða hjá þeim ísbíla og reka sjálfur. Það virkaði auðvitað sem galin hugmynd að tónlistarnemi með litla akstursreynslu og enn síður sölureynslu tæki slíkt að sér en örvæntingin rak mig áfram og ég lét slag standa.“

Steinunn fleytti þeim mæðgum þannig áfram á meðan á námi stóð með ísbílsrekstri, orgelleik og starfi á kaffihúsi.

„Ég hafði mikinn stuðning frá mínum foreldrum og Brynhildur var líka mikið hjá þeim. Þetta var samvinnuverkefni enda miklu flóknara að vera móðir, svo ég tali nú ekki um einstæð móðir, í Bandaríkjunum en á Íslandi. Samfélagið gerir ekki ráð fyrir því. Það kom mér líka á óvart hversu mikla fordóma þeir hafa fyrir þessari þjóðfélagsstöðu.“

**Aldrei einsett sér að finna maka**

Þegar talið berst að langtímasamböndum og barneignum segist Steinunn aldrei hafa verið góð í að gera plön varðandi eigið líf.

„Ég get gert langtímaplön fyrir þær stofnanir sem ég stjórna en ekki fyrir sjálfa mig,“ segir hún í léttum tón. „En af einhverjum ástæðum hefur lífið alltaf leitt mig þangað sem mig langar að vera og fyrir það er ég þakklát. Ég hef heldur ekki þörf fyrir að líta til baka og hugsa „Hvað ef?“ Það hefur hellingur gerst sem ég hefði alveg viljað losna við en miklu meira sem ég er þakklát fyrir. Ég hef aldrei einsett mér að finna mér maka, kannski er einhver bóhem taug í mér eða þörf fyrir sjálfstæði sem gefur ekki færi á þeim möguleika.“

Hún segist aldrei upplifa einmanakennd enda sé það tilfinning sem einkabörn þekki sjaldnast. „Einvera var svo stór hluti af uppvextinum og ég notaði ímyndunaraflið mikið, lifði mikið í dagdraum-

# Starfsemi Gildis-lífeyrissjóðs 2020

*Árið 2020 skilaði sjóðfélögum Gildis góðri ávöxtun þrátt fyrir krefjandi aðstæður á mörkuðum vegna Covid-19. Hrein eign sjóðsins í árslok var 764,1 milljarður króna og hækkaði um 103,1 milljarð á milli ára.*

### Ávöxtun 2020




Ávöxtun sjóðsins á árinu er fyrst og fremst borin uppi af erlendum og innlendum hlutabréfum og erlendum skuldabréfum. Innlend skuldabréf skiluðu einnig góðri ávöxtun á árinu, sem og flestir aðrir eignaflokkar.

### Eignir

Hrein eign samtryggingardeildar til greiðslu lífeyris nam 757,6 milljörðum króna í árslok 2020 og hækkaði um 102,2 ma.kr. á árinu. Hrein eign séreignardeilda í árslok 2020 var 6,5 ma.kr. og hækkaði um 0,8 ma.kr. frá fyrra ári.

**Eignir samtryggingardeildar skiptast þannig:**

| | |
|---|---|
| **29,8%** | Erlend hlutabréf |
| **20,0%** | Innlend hlutabréf |
| **19,9%** | Ríkistryggð skuldabréf |
| **13,8%** | Önnur innlend skuldabréf |
| **8,1%** | Veðskuldabréf |
| **4,4%** | Erlend skuldabréf og sjóðir |
| **3,9%** | Innlán |



Vægi eigna í erlendri mynt var 37,9% í árslok 2020, samanborið við 38,2% í árslok 2019. Í nýrri fjárfestingarstefnu Gildis fyrir árið 2021 er lagt upp með að auka vægi hlutabréfa, bæði erlendra og innlendra, en draga á móti úr vægi skuldabréfa. Það er jafnframt stefna Gildis að auka vægi erlendra eigna á komandi árum með það að markmiði að auka áhættudreifingu sjóðsins.

### Stjórn sjóðsins

Stefán Ólafsson (formaður), Gylfi Gíslason (varaformaður), Árni Bjarnason, Áslaug Hulda Jónsdóttir, Freyja Önundardóttir, Ingibjörg Ólafsdóttir, Margrét Birkisdóttir og Sverrir Sverrisson. Framkvæmdastjóri sjóðsins er Árni Guðmundsson.

| Efnahagsreikningur | í milljónum kr. | |
|---|---|---|
| | **2020** | **2019** |
| Eignarhlutir í félögum og sjóðum | 410.760 | 344.940 |
| Skuldabréf | 317.838 | 293.342 |
| Bankainnstæður | 30.710 | 17.779 |
| Afleiðusamningar | 281 | 0 |
| Kröfur | 4.642 | 5.057 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 407 | 399 |
| Skuldir | -505 | -446 |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris** | **764.133** | **661.071** |

| Breytingar á hreinni eign | í milljónum kr. | |
|---|---|---|
| | **2020** | **2019** |
| Iðgjöld | 30.102 | 30.296 |
| Lífeyrir | -19.461 | -17.918 |
| Framlag ríkisins vegna örorku | 1.977 | 1.859 |
| Hreinar fjárfestingartekjur | 91.501 | 86.553 |
| Rekstrarkostnaður | -1.056 | -937 |
| Hækkun á hreinni eign á árinu | 103.062 | 99.853 |
| Hrein eign frá fyrra ári | 661.071 | 561.217 |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris** | **764.133** | **661.071** |

| Kennitölur samtryggingardeildar | **2020** | **2019** |
|---|---|---|
| Hrein nafnávöxtun | 13,6% | 15,1% |
| Hrein raunávöxtun | 9,7% | 12,1% |
| Hrein raunávöxtun (5 ára meðaltal) | 5,7% | 5,5% |
| Hrein raunávöxtun (10 ára meðaltal) | 6,1% | 5,3% |
| Hrein raunávöxtun (15 ára meðaltal) | 2,6% | 3,1% |
| Hrein raunávöxtun (20 ára meðaltal) | 4,1% | 3,6% |
| Tryggingafræðileg staða | +4,0% | +3,7% |
| Fjöldi virkra sjóðfélaga | 34.532 | 35.264 |
| Fjöldi launagreiðenda | 6.419 | 6.431 |
| Fjöldi lífeyrisþega | 25.667 | 24.550 |
| Rekstrarkostnaður – hlutfall af iðgjöldum | 3,30% | 2,9% |
| Rekstrarkostnaður – hlutfall af eignum | 0,15% | 0,15% |
| Árlegur rekstrarkostnaður á hvern sjóðfélaga | 3.653 kr. | 3.370 kr. |

### Ársfundur 2021

Ársfundur Gildis-lífeyrissjóðs verður haldinn fimmtudaginn 15. apríl klukkan 17:00. Stefnt er að því að halda fundinn á Grand Hótel Reykjavík en vegna Covid-19 eru líkur á að hann verði að hluta eða fullu rafrænn. Dagskrá fundarins og fyrirkomulag verður auglýst síðar.

um og geri í raun enn, enda er það besta leiðin til þess að gera plön," segir hún og bendir á að það sé hollt að láta sér leiðast. „Það lætur sér enginn leiðast lengi."

Steinunn segir auðvelt að hverfa inn í störf eins og hún hefur verið í en hún noti píanóið til streitulosunar enda sé það góð leið til að gleyma stað og stund. „Ég spila á hverjum degi og harðneita að fara úr formi."

Þó að Steinunn hafi verið í miklum ábyrgðarstöðum undanfarinn áratug hefur hún ekki sagt skilið við píanóleikarann og í 20 ár hefur hún leikið á píanó með Karlakórnum Fóstbræðrum. „Það er alveg einstakt," segir hún og grínast með að guð hafi loks bænheyrt hana enda hafi hún beðið heitt um bróður sem ung stúlka. „Ég bauðst meira að segja til að hætta að bora í nefið ef það mætti flýta fyrir því að ég yrði bænheyrð sem var mikil fórn þegar ég var fimm ára."

Steinunn hefur tekið að sér eitt og eitt spilaverkefni en það hefur ekki verið mikill aukatími frá þessum störfum. „Píanóleikur er mín næring, lífsfylling og innri fínstilling."

**Ólýsanlegur tími í Hörpu**

Talið berst að því þegar Steinunn var ráðin fyrsti tónlistarstjóri þá óopnaðrar Hörpu; stuttu eftir hrun og Búsáhaldabyltingu.

„Ekkert í mínu lífi mun nokkurn tíma toppa það að standa í stafni við opnun Hörpu á sínum tíma. Það var ólýsanlegt á allan hátt, eins og að nema nýtt land, ótrúlega spennandi en á sama tíma mikil áskorun."

Eins og fyrr segir voru uppi gagnrýnisraddir úr ýmsum áttum og segist Steinunn hafa lært mikið á mótlætinu.

„Fólk átti erfitt, það var að missa eignir og störf og sá þetta stórkostlega hús byggt fyrir fé sem þjóðin kannski átti ekki. Þjóðfélagið var ekki komið í jafnvægi og fólk ekkert endilega á því að við þyrftum tónlistarmusteri. Því blossaði upp reiði sem er svo eðlilegt en í stað þess að beina reiðinni að húsinu beindist hún meðal annars að mér," rifjar hún upp og segist þarna hafa lært að setja hlutina í víðara samhengi.

„Maður getur ekki leyft sér að hvíla í egóinu þegar maður er stjórnandi. Þarna lærði ég tæknina við að taka egóið úr sambandi og setja mig í spor þeirra sem í hlut áttu og sjá samhengið."

**Skilur erfiða stöðu söngvara**

Með þennan lærdóm í farteskinu tók Steinunn við stöðu óperustjóra árið 2015. Nýverið féll dómur í máli söngkonunnar Þóru Einarsdóttur gegn Íslensku óperunni og var hann óperunni í vil. Í framhaldi gaf Fagfélag klassískra söngvara út vantraustsyfirlýsingu á hendur stjórn Óperunnar.

„Það er auðvitað leiðinlegt þegar mál fara í þennan farveg en þegar það gerist verður það að hafa sinn gang," segir Steinunn sem nú bíður eftir ákvörðun Landsréttar.

„Það þarf að vinna úr stöðunni og finna samhljóm til framtíðar og ég mun beita mér fyrir því. Ég skil erfiða stöðu söngvara á Íslandi vel. Þetta er mjög erfið starfsgrein þar sem mikið er lagt á sig án tryggingar um að fá tækifærin sem þér finnst þú verðskulda og hafa hæfni til að takast á við. Það er mikið um hafnanir enda margir sem sækjast eftir hverju hlutverki. Svo ég skil mjög vel að það fylgi þessu frústrasjón og get sett mig í þeirra spor."

Ágreiningur hefur staðið um laun og vinnutíma og fannst söngvurum í uppsetningu Óperunnar á Brúðkaupi Fígarós á sér brotið. Dómurinn staðfesti þó að svo hefði ekki verið.

„Kjarabarátta á þó alltaf rétt á sér og við styðjum hana heils hugar. Það er mikilvægt fyrir okkur að fólk sé sátt enda er hér um að ræða mannauð stofnunarinnar, fólkið sem stendur uppi á sviði og gerir galdurinn. En það þarf að vera samhljómur um það hvernig sú nálgun er. Lagalega þarf þetta að vera rétt. Þetta eru tvær umræður, kjarabaráttan sem við styðjum og svo hins vegar þessi deila sem kom upp um hvort væri hægt að taka upp verksamning og leiðrétta valda liði eftir á en dómurinn skar úr um að væri ekki.



Harpa hefur nánast verið annað heimili Steinunnar undanfarinn áratug en áður en hún varð óperustjóri var hún tónlistarstjóri Hörpu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Steinunn segist vel skilja erfiða stöðu söngvara á Íslandi og vill leita sátta.

**Ekki allir söngvarar ósáttir**

Það þýðir aftur á móti ekki að við séum á móti því að söngvarar sameinist um að bæta sín kjör innan þess fjárhagslega bolmagns sem við höfum sem hefur verið takmarkað," segir Steinunn og bendir á að ekki séu allir söngvarar ósáttir. „Margir söngvarar hafa sent mér hvetjandi skilaboð og sagt að þetta sé ekki í þeirra nafni og að þeir séu ósáttir við hvað umræðan hefur orðið persónuleg, ófagleg og rætin og finnst það ekki í lagi. Það þykir mér mjög vænt um. Við höfum því líka fundið mikinn stuðning."

Steinunn bendir jafnframt á að söngvararnir séu ekki fastráðnir og því hver og einn handhafi síns samningsumboðs.

„En auðvitað þarf ramminn að vera skýr og því þarf að hugsa upp á nýtt hvernig við viljum gera þetta og ég er viss um að söngvarar vilja hafa þessa hluti í lagi rétt eins og við.

> MARGIR SÖNGVARAR HAFA SENT MÉR HVETJANDI SKILABOÐ OG SAGT AÐ ÞETTA SÉ EKKI Í ÞEIRRA NAFNI OG AÐ ÞEIR SÉU ÓSÁTTIR VIÐ HVAÐ UMRÆÐAN HEFUR ORÐIÐ PERSÓNULEG, ÓFAGLEG OG RÆTIN OG FINNST ÞAÐ EKKI Í LAGI.

Næsta skref er því að bjóða til samtals og koma á sameiginlegri sýn sem við gerum með því að heyra þeirra sjónarmið og semja okkur að því innan þess ramma sem við getum. Við viljum láta á það reyna hvort það sé ekki besta leiðin til að lægja þessar öldur. Ég get ekki verið annað en bjartsýn um að það takist en hagsmunir Óperunnar eru þeir sömu og íslenskra söngvara. Því hlýtur það að vera allra hagur að finna leiðir til að ganga í takt."

**Umdeilt starf**

Persóna Steinunnar hefur oftar en ekki verið dregin fram þegar stofnanirnar sem hún hefur farið fyrir hafa verið gagnrýndar og þó hún viðurkenni að það geti tekið á er engan bilbug á henni að finna.

„Maður tekur ekki að sér svona stöðu ef maður þolir ekki hnjask. Listrænir stjórnendur verða alltaf umdeildir enda hefur fólk mismunandi sýn og áherslur í verkefnavali. Því sitja listrænir stjórnendur alltaf tímabundið, annað væri ekki hollt fyrir þá né stofnunina sem þeir starfa fyrir," segir Steinunn sem er ráðin út árið 2023 og mun ekki sækjast eftir endurráðningu.

Aðspurð hvað taki við að þeim tíma liðnum svarar Steinunn: „Þegar ég starfaði sem ráðgjafi fyrir írsku ríkisstjórnina þegar þeir voru að móta sína óperustarfsemi og einnig fyrir menntamálaráðherra Lettlands nýverið kynntist ég því hversu gefandi slík störf eru. Mér finnst spennandi tilhugsun að geta miðlað af þeirri reynslu sem ég hef tileinkað mér á þessum þremur áratugum sem listrænn stjórnandi. Mig langar sérstaklega til þess að valdefla ungar konur sem hallar talsvert á sem stjórnendur. Kannski gæti ég bara orðið ágætis þrautseigjuþjálfari eftir þetta allt saman?"

**Sterkt orðspor Óperunnar**

Nú er undirbúningur hafinn fyrir nýtt leikár Óperunnar en vonir standa til að hægt verði að opna dyrnar í haust.

„Nú bíða allir í ofvæni eftir að komast upp á svið og á óperusýningu en við vorum að taka ákvörðun um að taka aftur upp sýninguna La Traviata sem hætti fyrir fullu húsi 2019. Sýningin hefur síðan verið leigð til Kanada og í þrjú óperuhús í Frakklandi. Það er mikill heiður fyrir okkur og mikilvægt fyrir okkar orðspor auk þess sem þetta er nýr tekjustofn. Því fannst mér liggja beint við að taka upp þessa flottu sýningu og ég er að vinna að því á að við getum farið með hana út á land enda viljum við standa undir nafni sem Ópera allra landsmanna."

Íslenska Óperan er sannarlega komin á kortið erlendis og koma erlendir óperuunnendur gagngert á sýningar hennar í auknum mæli sem er eitt af markmiðum Íslensku óperunnar í síðustu stefnumótun.

„Það gera sér ekki allir grein fyrir því hversu sterkt orðspor Íslensku óperunnar er erlendis. Hingað koma mest ferðamenn frá Svíþjóð og Þýskumælandi löndum en við höfum auk þess merkt aukinn áhuga frá hinum Norðurlöndunum og Bandaríkjunum og erum í samstarfi við öflugar menningarferðaskrifstofur.

Það er gott að finna að við höfum ekki gleymst þó eyða hafi myndast undanfarið ár," segir Steinunn að lokum.




# Sköpum 7.000 störf strax

**Með átakinu Hefjum störf geta fyrirtæki, frjáls félagasamtök, sveitarfélög og stofnanir ráðið atvinnuleitendur með ríflegum stuðningi.**

Kynntu þér málið
á **Hefjumstorf.is**

**Stjórnarráð Íslands**
Félagsmálaráðuneytið

VINNUMÁLA
STOFNUN

# Það Sýrland sem ég kem frá er ekki lengur til



Kinan á ferðalagi um Belgíu þegar hann var búsettur þar. MYND/AÐSEND

Á mánudag eru tíu ár frá því að borgarastyrjöld braust út í Sýrlandi. **Kinan Kadoni** flúði heimili sitt í Sýrlandi rétt áður en hún hófst og hefur ekki getað farið heim síðan. Fjölskyldan hans er dreifð um heiminn og hefur ekki hist öll í þessi tíu ár. Kinan fékk hæli fyrst um sinn í Belgíu og var þar í sjö ár, en endaði síðar á Íslandi.




Lovísa Arnardóttir
lovisaa@frettabladid.is




Kinan segir að hann hefði aldrei órað fyrir því að stríðið í Sýrlandi myndi enn geisa eftir tíu ár. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Kinan Kadoni flúði heimili sitt í Sýrlandi fyrir rúmum tíu árum síðan. Síðan þá hefur hann hvorki farið aftur heim né hitt alla fjölskylduna sína saman. Fjölskyldan hans er dreifð um heiminn og einn bróðir hans enn í Sýrlandi. Á mánudaginn eru tíu ár frá því að þar hófst borgarastyrjöld og hún geisar enn.

Spurður um lífið fyrir stríð segir Kinan að það hafi verið ósköp venjulegt. Hann bjó hjá foreldrum sínum, með bræðrum sínum, og foreldrar hans voru bæði útivinnandi.

„Lífið var gott svo lengi sem þú skiptir þér ekki af pólitík. Bara lifa og vinna, en það var samt ekkert í lagi. Lögreglan stjórnaði með ógnarstjórn og leyniþjónustan var alls staðar. Það mátti ekki tala um ákveðna hluti upphátt og manni leið alltaf eins og það væri einhver að fylgjast með. Þannig að það var ekki allt í lagi," segir Kinan.

Hann segir að það hafi verið nauðsynlegt að skipta um stjórn en engan hafi órað fyrir því að það endaði svona. Bashar al-Assad, forseti Sýrlands, og fjölskylda hans, hafa stjórnað landinu í um 50 ár og þegar hann tók við vonaðist fólk eftir breytingum. Hann hafi verið nýfluttur heim frá Englandi, en svo hafi hann eiginlega breyst í föður sinn.

„Undanfarið höfum við séð myndir af syni hans æ oftar, sem segir mér að það sé verið að undirbúa hann til að taka við," segir Kinan.

### Bjóst ekki við svo löngu stríði

Kinan flúði einn aðeins 21 árs og endaði í Belgíu þar sem hann sótti um og fékk hæli. Hann var þar í nokkur ár og fór svo að vinna á eyjunni Lesbos í Grikklandi við móttöku flóttamanna þegar flóttamannakrísan stóð sem hæst þar árið 2015. Þar kynntist hann íslenskri konu og endaði á því að elta hana hingað til Íslands. Hér býr hann nú, með henni, og starfar á velferðarsviði Reykjavíkurborgar við að aðstoða flóttafólk og innflytjendur.

Aðspurður hvort hann hefði nokkurn tíma órað fyrir því að tíu árum eftir að stríðið braust út þá yrði það enn í gangi, segir Kinan að hann hafi ekki einu sinni haldið að það myndi endast í nokkra mánuði.

„Ég bjóst aldrei við því að það myndi byrja. Alls ekki. Og svo þegar það byrjaði héldum við öll að þetta myndi taka svona tvö ár en svo allt í einu eru tíu ár liðin og þetta er enn í gangi," segir Kinan.

Fréttum og umfjöllun um stríðið hefur farið fækkandi undanfarin ár og telur Kinan að það megi líklega rekja til þreytu. Fólk hafi orðið þreytt á því að heyra um stríð sem aldrei virtist ætla að taka enda.

„Þetta varð leiðinlegt umræðuefni. Það eru svo margir að skipta sér af stríðinu. Sýrland, Sýrlandsstjórn, Íranar, Rússar og fleiri og ég held að þetta hafi verið orðið of flókið fyrir fólk," segir Kinan.

Þegar Kinan kom til Belgíu, 21 árs, beið hann í tvö og hálft eftir að umsókn hans um hæli væri samþykkt. Hann var þar alls í um sjö ár og vann við ýmis störf.

„Ég hef ekki farið til Sýrlands frá því að ég fór," segir Kinan og segir að það séu margar ástæður þar að baki. Í fyrstu var hann ekki með vegabréf en svo fékk hann að lokum sýrlenskt vegabréf, þegar efnahagurinn var á niðurleið í landinu, sem þó enginn samþykkti og hann gat ekki ferðast með.

„Það kostaði mig 800 evrur og var eiginlega gagnslaust," segir Kinan.

### Fór til Lesbos í sjálfboðastarf

Hann segir að árið 2015 hafi belgískt par sem var starfandi á Lesbos sent honum skilaboð um hvort hann vildi koma til eyjunnar til að túlka arabísku og aðstoða vegna þess stóra hóps flóttamanna sem flúði land yfir Miðjarðarhafið og til Evrópu. Fyrst gat hann ekki farið því vegabréfið var ekki enn komið en þegar það kom þá ákvað hann á slá til.

„Ég fór þangað og bauð mig fram í sjálfboðastarf og hitti þar íslenska konu á Lesbos. Það voru margir sjálfboðaliðar og ein þeirra var Þórunn Ólafsdóttir og hér erum við í dag, á Íslandi," segir Kinan og hlær.



Bræður Kinans búa í Þýskalandi og gátu heimsótt hann til Belgíu.

> BORGIN MÍN ER GERBREYTT OG ÞAÐ ER BÚIÐ AÐ EYÐILEGGJA HEIMILI MITT. SKÓLINN MINN ER EYÐILAGÐUR. VINIR MÍNIR ERU SUMIR LÁTNIR, SUMIR FLÚÐU OG AÐRIR ERU ENN ÞAR, FASTIR

Eftir að þau fluttu heim bjuggu þau í eitt og hálft ár á Blönduósi við að aðstoða flóttamenn sem þangað komu og nú starfar hann fyrir Reykjavíkurborg við að aðstoða innflytjendur eða flóttamenn sem tala arabísku.

„Við setjum saman hóp af tólf manns til að vinna með í um fimm eða sex vikur. Ég hef samband við félagsráðgjafa og við lærum saman íslensku, um vinnumarkaðinn, kynjajafnrétti og um íslenskt samfélag. Ég fæ á sama tíma að vita reynslu þeirra og menntun og upp úr þeim upplýsingum reynum við að finna handa þeim starf," segir Kinan.

Hann segir að þau séu búin með einn hóp og að einhverjir séu nú þegar byrjaðir að vinna og að í síðustu viku hafi þau byrjað með annan hóp.

### Fór áður en stríðið hófst

Spurður hvort honum finnist það óraunverulegt að hann hafi þurft að flýja heimili sitt fyrir tíu árum þegar hann er hér, segir Kinan að það sé stutt spurning en að svarið sé flókið.



Kinan á aðeins þrjár myndir af sér í Sýrlandi. Hér er ein þeirra. MYND/AÐSEND



Kinan í Sýrlandi sem ungur maður.



Kinan var sjálfboðaliði á eyjunni Lesbos í Grikklandi árið 2015.

„Það er annars vegar von og hins vegar er raunveruleikinn. Ég fór frá Sýrlandi í desember 2010. Byltingin eða stríðið hófst í mars 2011. Ég var því ekki vitni að því sem gerðist þótt ég hafi auðvitað séð það á netinu og í sjónvarpinu. En ég var ekki þar. Svo þegar ég hugsa um Sýrland þá hugsa ég um það eins og það var þegar ég fór. En svo fer ég aftur í raunveruleikann og auðvitað er Sýrland ekki lengur þannig. Landið er gerbreytt. Borgin mín er gerbreytt og það er búið að eyðileggja heimili mitt. Skólinn minn er eyðilagður. Vinir mínir eru sumir látnir, sumir flúðu og aðrir eru enn þar, fastir," segir Kinan.

Hann segir að ef hann hugsi til fjölskyldu sinnar sé það einnig skrítið. Mamma hans og pabbi, ásamt tveimur bræðrum, eru í Þýskalandi og einn bróðir hans í Dubai en hefur ekki leyfi til að ferðast. Móðir hans og faðir eru ekki enn með ríkisborgararétt og geta því heldur ekki ferðast. Þau geta því ekki hitt hvert annað auðveldlega. Einn bróðirinn er svo enn fastur í Sýrlandi og hann hefur Kinan ekki séð síðan hann fór. Hann á tvö börn sem Kinan hefur aldrei hitt.

„Börnin hans þekkja ekkert annað en stríðið og hafa alist upp við það. Foreldrar mínir myndu auðvitað vilja hitta þau, en það er ekki hægt að fara til Sýrlands," segir Kinan.

„Þetta er erfitt því stundum greinir hugurinn ekki á milli þess sem er raunverulegt og þess sem þú vonast eftir. Eftir allt þá er þetta ekki sama landið, sama fólkið, og Sýrland sem ég kem frá er ekki lengur til," segir Kinan.

### Að setja sig í spor annarra

Kinan segir að hann skilji vel að fólk telji að það geti ekki sett sig í hans spor, en bendir á að þegar hann fór var stríðið í raun ekki hafið. Hann segir frá því að þegar hann kom til Belgíu hafi hann farið í flóttamannamiðstöð og hitt þar íraska flóttamenn sem hafi sagt honum frá stöðunni í Írak, að þar væri rafmagn skammtað og ekkert vatn.

„Ég trúði þeim ekki. Ég virti alveg það sem þau sögðu en hugurinn á mér náði ekki utan um að þetta væri hægt, og það árið 2011," segir Kinan og að hann hefði aldrei órað fyrir því að nú, tíu árum síðar, sé staðan sú sama í Sýrlandi.

„Þegar ég tala við bróður minn sem er enn þar, þá segir hann mér að hann hafi ekki verið með rafmagn síðasta hálfa sólarhringinn, eða að hann hafi þurft að kaupa rafmagn í tvær klukkustundir. Þegar Írakarnir sögðu mér frá sinni stöðu gat ég ekki með neinu móti sett mig í þeirra spor, en lífið breyttist og ég er í þeirra sporum núna og árið er 2021," segir Kinan. Hann segir að breytingin á landinu sé ótrúleg.

Heldurðu að þú farir þangað aftur? Langar þig það?

„Það er fyndið að þú spyrjir að þessu því ég skrifaði langa grein um það í gær. Ég myndi elska að fara þangað aftur. Sama hvað. Auðvitað vil ég það. Það er partur af mér. En spurningin er frekar mun ég geta það? Ég hef verið einn síðustu tíu ár og í burtu frá fjölskyldu minni og á meðan breyttist landið og fólkið í því. Þó svo að stóran hluta af mér langi að fara aftur, þá er ég enn hræddur um að ég fari þangað og verði komið á óvart því þetta verður eitthvað sem ég þekki ekki. Það verður fólk þar sem ég þekki ekki," segir Kinan.

Hann segir að sem dæmi geti hann ekki farið til borgarinnar sem hann ólst upp í, því henni er stjórnað af sýrlenskum yfirvöldum sem er stjórnað af Bashar al-Assad.

„Það er allt í Sýrlandi, en samt ekkert. Þetta er svo skrítið. Ég veit ekki hvað orð á að nota til að lýsa þessum tilfinningum. Sýrland er til þarna einhvers staðar, en samt ekki," segir Kinan. lovisa@frettabladid.is


# Tækifæri

Skoðaðu nýjan bækling á sminor.is

BOSCH
**Ryksuga, Serie 2**
BZGL 2X100
Lítil og nett en öflug. Snúra: 8 m. Hljóð: 80 dB.
Tækifærisverð:
**16.900 kr.**
Fullt verð: 22.900 kr.

BOSCH
**Kæli- og frystiskápur, Serie 4**
KGV 36VWEAS
Kælir: 214 lítrar. Ein „VitaFresh"-skúffa sem tryggir ferskleika grænmetis og ávaxta lengur. Frystir: 94 lítrar. Þrjár frystiskúffur, þar af ein stór. „LowFrost"-tækni. H x b x d: 186 x 60 x 65 sm.
Tækifærisverð:
**109.900 kr.**
Fullt verð: 149.900 kr.

BOSCH
**Þurrkari, Serie 4**
WTH 85VB8SN
8 kg
Sérkerfi: Ull, blandaður þvottur, handklæði, tímastillt kerfi, íþróttafatnaður, hraðkerfi 40 mín. o.fl.
Tækifærisverð:
**119.900 kr.**
Fullt verð: 149.900 kr.

Home Connect
SIEMENS
**Uppþvottavélar, iQ300**
SN 43HS32UE (stál)
SN 43HW32US (hvít)
12 manna. Sex kerfi, þar á meðal hraðkerfi á 65° C (klukkustund). Fjögur sérkerfi, meðal annars tímastytting. Hljóð: 46 dB. „aquaStop"-flæðivörn. Home Connect: Wi-Fi.
Tækifærisverð:
**89.900 kr.**
Fullt verð: 109.900 kr.

**Artic Borðlampar**
AN68009-01/15
6 W, LED. Fáanlegir í hvítu og svörtu.
Tækifærisverð:
**12.900 kr.**
Fullt verð: 18.900 kr.

BOSCH
**Þvottavél, Serie 4**
WAN 2823BSN
8 kg
Vindur upp í 1400 sn./mín. Sérkerfi eru meðal annars: Skyrtur, íþróttafatnaður, gallabuxur, mjög stutt kerfi (15 mín.), stutt kerfi (30 mín.), ull o.fl. Tromla: 55 lítrar.
Tækifærisverð:
**89.900 kr.**
Fullt verð: 119.900 kr.

**Opið virka daga frá kl. 8.30 - 18 og á laugardögum frá kl. 11 - 14.**
Vefverslun okkar er opin allan sólarhringinn á **sminor.is**.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

# Flesta vantar betri undirbúning

Félagsráðgjafinn og fjölskyldufræðingurinn **Valgerður Halldórsdóttir** er einn okkar fremstu sérfræðinga þegar kemur að tengslum stjúpfjölskyldna. Hún segir okkur geta verið mikið betur undir stjúpforeldrahlutverkið búin.

Björk Eiðsdóttir
bjork@frettabladid.is



Valgerður Halldórsdóttir heldur úti vefsíðunni stjuptengsl.is og býður bæði upp á námskeið og viðtöl fyrir stjúpfjölskyldur. Í síðustu viku fór af stað nokkurra þátta samstarf hennar og Viðju uppeldisfærni sem heldur úti hlaðvarpinu Uppeldisspjallið.

„Þar er að finna aðgengilega uppeldisráðgjöf sem uppeldisfræðingar og sálfræðingur veita. Í ljós kom að það var mikið hlustað á þáttinn og þörfin fyrir hendi. Við ákváðum því að gera nokkra þætti saman sem snúa að börnum. Hlustendur geta sent inn spurningar sem ég ætla að reyna að svara. Með vorinu mun hlaðvarpið Stjúptengsl fara í loftið en fólk í stjúpfjölskyldum er á öllum aldri og viðfangsefnin óþrjótandi," segir Valgerður en þættirnir eru aðgengilegir í gegnum Soundcloud.



Valgerður segir ansi margt fyrirsjáanlegt þegar kemur að þeim vanda sem stjúpfjölskyldur lenda í og við getum gert mun betur. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

### Flóknara en ég átti von á

*Allir þekkja mýtuna um vondu stjúpuna og einhverra hluta vegna er umræðan um þær oft meiri en um stjúpfeður, hvað skyldi valda því?*

„Það eru sjálfsagt ýmsar ástæður fyrir því. Ég hef hitt ótal konur sem segja: „Þetta hlutverk er flóknara en ég átti von á!" Það segir okkur að marga vantar meiri undirbúning og fræðslu um áskoranir stjúpfjölskyldna. Hlutirnir eru oftast mun fyrirsjáanlegri en margir halda. Óraunhæfar væntingar, þekkingarleysi, óvissa og missir hafa meiri áhrif en við gerum okkur grein fyrir.

Við tökum hlutunum persónulega í stað þess að átta okkur á að þeir hafa ekkert með okkur persónulega að gera heldur hvar börnin eru stödd, makinn eða hans eða hennar fyrrverandi. Flestum börnum finnst til dæmis að foreldrar þeirra fari of fljótt í ný sambönd og oft er foreldrasamvinnan milli foreldra með þeim hætti að það er ekki gert ráð fyrir því að annar eða báðir aðilar fari í ný sambönd sem þarf að taka mið af," útskýrir Valgerður.

Hún segir stjúpmæður oft gera meiri kröfur um að átt sé við þær samráð til dæmis vegna breytinga á umgengni, en stjúpfeðurnir.

„Flestir foreldar falla hins vegar í þá gryfju í fyrstu að taka ákvarðanir án samráðs við nýja makann, einfaldlega vegna þess að þeir eru vanir því. Upplifir þá stjúpmóðirin að „sú fyrrverandi stýri öllu".

### Vanþakklæti og höfnun

Valgerður bendir á að stjúpmæður segi gjarnan að þær viti að þær séu ekki mæður stjúpbarna sinna og þær ætli heldur ekki að vera það en eru hins vegar mjög óvissar um hlutverk sitt.

„Sumar stjúpur gera miklar kröfur um tilfinningalega nánd og viðurkenningu stjúpbarna sinna, sem þau eru mistilbúin til. Finna þá sumar stjúpmæður fyrir höfnun og vanþakklæti þegar þær hafa verið að leggja sig 150 prósent fram í því að reyna að ná til barnanna og þóknast þeim. Fái stjúpa síðan að heyra frá maka sínum að hún þoli ekki börnin í stað stuðnings frá honum er auðvelt að brenna upp og leggjast á flótta inn í herbergi, til vinkvenna eða í vinnuna til að draga úr þeim kvíða og streitu sem fylgir stjúpbörnunum."

Enn eina ástæðuna telur Valgerður vera að konur séu oft með meiri ábyrgð á heimilinu og skilgreini til dæmis hvað sé viðunandi umgengni og hvað ekki „á þeirra heimili" en að sjálfsögðu sé það ekki algilt.



Valgerður segir það vera algeng mistök í upphafi að moka öllum út í bíl og ætla að kynnast með því að hafa gaman saman. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

„Sé parið ekki samstillt er hætta á að stjúpmóðirin, sem mögulega vantar upp á tengsl við stjúpbörnin sín og tíma til að búa þau til, beini pirringi að börnunum sé faðir eða móðir þeirra ekki að fylgja eftir þeim reglum sem þau sömdu um. Af hverju foreldrið samþykkti reglurnar sem það er ekki tilbúið í raun að fylgja eftir er svo annað mál og efni í annað viðtal," segir Valgerður í léttum tón.

### Flestir fara fljótt í nýtt samband

*En hvað er það helst sem stjúpmæður ættu að hafa í huga til að forðast þessa togstreitu?*

„Í stað þess að bregðast sífellt við væntingum eða óskum annarra þurfa stjúpmæður að fá andrými til að finna sitt eigið hlutverk, setja mörk, prófa sig áfram og mynda tengsl við börnin. Góð tengsl eru verndandi þáttur bæði fyrir börn og fullorðna. Tímanum er kannski betur varið í að spjalla og drekka kakó saman eða leika einn tölvuleik við stjúpbarnið en að hafa allt hreint og á sínum stað," segir hún en bendir á að hlutverkin geti verið ólík eftir aldri barnanna og tímabilum. „Það er ekki til eitthvert eitt rétt hlutverk."

Rannsóknir sýna að flestir foreldrar fara í ný sambönd og tiltölulega fljótt. Það er því sjaldnast spurning hvort börn einhleypra foreldra verði stjúpbörn.

*En erum við nægilega undir ný hlutverk búin?*

„Við getum undirbúið okkur með því að koma foreldrasamvinnunni í lag og láta hana snúast um börnin en ekki eitthvað annað. Með því auðveldum við aðlögun barnanna að stjúpfjölskyldunni," segir Valgerður.

### Samráð við stjúpforeldri

„Það getur mörgum þótt skrýtið að einhver aðili sem ekki á börnin með þér hafi eitthvað um það að segja hvort og þá hvernig til dæmis umgengni sé breytt. Eins og sá „nýi" eða „nýja" hafi tekið yfir stjórn heimilisins og barnsins en ekki foreldrið. Samráð við stjúpforeldri er samt sem áður nauðsynlegt, sérstaklega barnanna vegna. Eins og fyrr segir gleyma margir foreldrar þessu í fyrstu og taka ákvarðanir sín á milli án aðkomu núverandi maka. Foreldrið úti í bæ má að sjálfsögðu biðja um hvaða breytingar sem er, en í stað þess að leysa það í samtali við það eitt, má segja: Ég tékka á stöðunni og læt þig vita."

**FORELDRIÐ ÚTI Í BÆ MÁ AÐ SJÁLFSÖGÐU BIÐJA UM HVAÐA BREYTINGAR SEM ER, EN Í STAÐ ÞESS AÐ LEYSA ÞAÐ Í SAMTALI VIÐ ÞAÐ EITT, MÁ SEGJA: ÉG TÉKKA Á STÖÐUNNI OG LÆT ÞIG VITA.**

Valgerður bendir á að þegar sífellt sé verið að gera breytingar án samráðs fái stjúpforeldrið þá tilfinningu að það stýri engu í sínu lífi.

„Hætta er á að smám saman safnist upp pirringur sem beinist að blessuðum börnunum sem hafa ekkert með þetta að gera en tengist þeim. Slíkt samspil hefur líka áhrif á samskipti stjúpforeldris og maka þess sem getur litast yfir á börnin þegar þau eru á heimilinu. Við viljum að börnin komi inn í góðar aðstæður og foreldrið hafi góðan meðspilara með sér inni á heimilinu, það er stjúpforeldrið, svo börnunum líði vel í þeirra umsjá. Flestir vilja vera spurðir en pirringurinn kemur þegar ekki er gert ráð fyrir þér."

*Eins og fyrr segir fara flestir í ný sambönd tiltölulega snemma og algengt er að börnum finnist það of snemmt. En hvenær ætli sé passlegt að kynna nýjan einstakling fyrir börnunum?*

„Það er svo sem ekki hægt að setja einhver tímamörk í sjálfu sér, en foreldrinu og stjúpforeldrinu þarf að vera alvara með sambandinu, hafa trú á því að það sé komið til með að vera. Það fylgir því ábyrgð að koma inn í líf barna. Flestir þurfa tíma til að jafna sig á milli sambanda, bæði börn og fullorðnir, og við skilnað tekur það um það bil eitt til þrjú ár. Gerist hlutirnir of hratt er hætta á að börnin séu ekki tilbúin og setji sig upp á móti nýja makanum."

### Tími maður á mann mikilvægur

Valgerður segir mikilvægt fyrir bæði foreldra og stjúpforeldra að gefa sér tíma eitt með barni eða börnum.

„Það eru algeng mistök að moka öllum út í bíl og „hafa gaman saman" til að kynnast, þó það megi gera það líka. Flestir þurfa tíma með foreldrum sínum til að takast á við sorg og missi sem fylgir breytingum, hvort sem það er vegna skilnaðar, andláts eða stofnunar stjúpfjölskyldu. Foreldrar hafa líka þessa þörf til að rækta og viðhalda tengslum við sín eigin börn. Okkur líður einfaldlega betur með fólki sem við þekkjum og erum tengd og með því að vinna í maður á mann samskiptum sköpum við tilfinninguna um að tilheyra." Valgerður segir þetta einnig skipta miklu varðandi agamál enda líklegra að barn verði við beiðnum um til dæmis tiltekt frá þeim sem það á slíka tengingu við.

Almennt segir Valgerður okkur geta verið miklu betur undirbúin fyrir stjúpforeldrahlutverkið en við erum. „Það er svo margt fyrirsjáanlegt sem má læra að takast á við á uppbyggilegan hátt í stað þess að persónugera hlutina. Skilnaðir í stjúpfjölskyldum eru algengari en í fyrsta hjónabandi og endurteknir skilnaðir eru áhættuþáttur fyrir börn. Það er því til mikils að vinna að vanda vel til verka."

Allar upplýsingar um námskeið er að finna á stjuptengsl.is.


RAFHJÓLA
11.-15. MARS
DAGAR
KOMDU OG PRÓFAÐU DRAUMA RAFHJÓLIÐ
FERMINGARTILBOÐ
HJÁLMUR OG LÁS
FYLGIR ÖLLUM ZERO 8
20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM FYLGIHLUTUM
*FERMINGARTILBOÐ GILDIR TIL 3. APRÍL
ELLINGSEN
Fiskislóð 1, Reykjavík / Síðan 1916 / 580-8500 / www.rafhjolasetur.is

# Erfiðir tímar hafa mótað mig

**Hannes S. Jónsson** verður sjálfkjörinn sem formaður Körfuknattleikssambands Íslands á ársþingi þess sem fram fer í dag. Hannes er á leið inn í sitt 16. starfsár sem formaður sambandsins en hann tók við keflinu árið 2006.

Hjörvar Ólafsson
hjorvaro@frettabladid.is



Hannes S. Jónsson hóf ungur að árum að starfa innan körfuboltans en þegar hann var fimmtán ára gamall settist hann í stjórn körfuboltadeildar Breiðabliks og sama ár, árið 1990, sat hann sitt fyrsta ársþing KKÍ. Fyrir þann tíma hafði Hannes ekki æft körfubolta og ekki haft mikinn áhuga á íþróttinni.

„Litli bróðir pabba fór í skiptinám til Bandaríkjanna og kom til baka til Íslands með körfuboltabakteríu sem hann smitaði mig af. Ég varð strax heltekinn af körfuboltanum og sökkti mér í starfið hjá Blikum. Rétt eftir fermingu var ég kominn í stjórn körfuboltadeildar Breiðabliks og mætti á mitt fyrsta ársþing KKÍ fimmtán ára gamall. Ég var ekki mikið að stunda félagslífið þegar ég var í menntaskóla þar sem körfuboltinn átti hug minn allan," segir Hannes um rót körfuboltaáhuga síns.

### Afi fékk hjartaáfall í kirkjunni

„Það stakk smá í stúf að svona ungur maður væri kominn í stjórn deildar. Fjölskylduaðstæður höfðu mótað mig mikið en þegar ég var unglingur þurfti ég oft að hafa áhyggjur af því að það væri ekki til mjólk út á morgunkornið. Ég er elstur af þremur bræðrum og ég lét yngri bræður mína oft vera í forgangi þegar kom að því að fá það sem þurfti," segir hann um uppvaxtarár sín.

„Við vorum bara venjuleg fjölskylda sem bjó í Kópavogi, á Flúðum og í Breiðholti. Pabbi og afi voru með fyrirtæki saman sem fór í gjaldþrot og þeir feðgar töluðust ekki við í kjölfar þess. Ég man það vel að fyrsta stóra ákvörðunin í lífinu hjá mér var þegar það var lagt upp í hendurnar á mér að ákveða hvort að afa og ömmu yrði boðið í fermingarveisluna mína sem síðan var greidd að einhverju leyti af fermingarpeningunum mínum.

Ég ákvað að bjóða þeim, og svo í fermingunni fær afi minn hjartaáfall og er sóttur af sjúkrabíl í kirkjuna. Þetta hafði töluverð áhrif á mig og ég varð vanur því að taka mikla ábyrgð á unglingsaldri. Þegar ég er svo 27 ára gamall lést faðir minn langt fyrir aldur fram en hann var á svipuðum aldri og ég er núna. Þessi áföll hafa þjappað fjölskyldunni saman sem var mjög náin fyrir. Þrátt fyrir þær aðstæður sem ég rek hér að framan ríkti mikill kærleikur innan fjölskyldunnar og mamma og pabbi gerðu allt sem þau gátu til þess að láta okkur bræðrunum líða vel," segir þessi 45 ára gamli maður.

### Hrundi niður vegna mikils álags

„Sonur minn, Jón Gautur, er skírður í höfuðið á afa sínum og ég passa upp á að halda minningu pabba í heiðri og þrátt fyrir að börnin mín tvö hafi ekki fengið að hitta afa sinn þá finnst þeim þau þekkja hann. Ég sakna hans og stundum verð ég reiður yfir að hann hafi farið frá okkur svona snemma. Ef ég er sem dæmi að dunda mér eitthvað heima fyrir og heyri lag sem við kunnum báðir að meta þá óska ég þess heitt að hann væri hér enn hjá okkur. Söknuðurinn hverfur aldrei og pabbi verður alltaf með mér," segir hann.

Fyrir nokkrum árum tók síðan vinnan sinn toll hjá Hannesi þegar líkaminn hrundi og hann var lagður inn á sjúkrahús vegna of mikils líkamlegs og andlegs álags.



Hannes S. Jónsson, formaður KKÍ, hefur upplifað ýmislegt á æviskeiði sínu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

„Við þurftum að taka á erfiðum málum innan KKÍ árin 2014 og 2015 og þar á eftir stækkaði sambandið vegna velgengni karlalandsliðsins og annarra landsliða. Samhliða því að við jukum starfsemi okkar komu hins vegar ekki tekjur frá afrekssjóði Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands, ÍSÍ, þar sem ríkissjóður lagði sjóðnum til mjög lítið framlag þar til bara fyrir örfáum árum. Engar tekjur komu heldur frá Alþjóðakörfuboltasambandinu, FIBA, á þessum tíma. Af þeim sökum var fjárhagsstaðan í lok árs 2017 orðin mjög slæm sem olli mér töluverðum áhyggjum og auknu álagi á andlegu og líkamlegu hliðina.

Blóðþrýstingurinn var orðinn allt of hár og líkaminn hrundi á endanum. Það tók nokkurn tíma að jafna mig og ég viðurkenni það alveg að mér var hugsað til skyndilegt fráfalls pabba og Ólafs E. Rafnssonar vinar míns á þessum tíma. Það er búið að niðurgreiða vel skuldir undanfarin ár og koma því sem eftir er í réttan farveg, og er fjárhagur sambandsins í mun betra jafnvægi í dag," segir formaðurinn.

> **FJÖLSKYLDUAÐSTÆÐUR HÖFÐU MÓTAÐ MIG MIKIÐ EN ÞEGAR ÉG VAR UNGLINGUR ÞURFTI ÉG OFT AÐ HAFA ÁHYGGJUR AF ÞVÍ AÐ ÞAÐ VÆRI EKKI TIL MJÓLK ÚT Á MORGUNKORNIÐ.**

„Þessi tími kenndi mér það að þrátt fyrir að ég hafi mjög mikla ástríðu fyrir körfubolta hef ég reynt að taka ekki inn á mig öll þau vandamál sem eru til staðar í körfuboltasamfélaginu því ég verð að setja mér mörk. Það þykir sjálfsagt að maður sé til taks öllum stundum sólarhringsins og það er hið besta mál. Ég vil að allir sem koma nálægt íþróttinni okkar frábæru geti rætt málin við mig á opinskáan hátt og þannig er það áfram en ég reyni að passa betur upp á að hvíla mig á milli tarna.

Jón Gautur hefur fengið sinn skerf af erfiðleikum vegna starfs míns. Sem dæmi má nefna að þegar hann var rúmlega tíu ára gamall vatt fullorðinn einstaklingur sér að honum og bað hann um að skila því til mín að ég væri fáviti fyrir mín störf fyrir KKÍ," segir þessi ástríðufulli körfuboltaáhugamaður.

„Það skiptir mig líka mjög miklu máli að eiga góða að eins og fjölskylduna mína og samstarfsfélaga hjá KKÍ til að ræða málin á góðum nótum. Yndisleg fjölskylda, vinir og góðir samstarfsfélagar er dýrmætur demantur að eiga og þar datt ég svo sannarlega í lukkupottinn," segir þessi mikli fjölskyldumaður.

### Ofbeldi aldrei liðið innan KKÍ

Snemma á þessu ári spratt upp umræða um kynferðislega áreitni innan vébanda KKÍ og hefur sambandið verið gagnrýnt fyrir að taka ekki nógu hart á þeim málum.

„Um aldamótin, þegar ég var að koma inn í stjórnina, þá var tíðarandinn allt annar og einstaklingar töldu sig geta leyft sér ýmislegt sem myndi aldrei líðast í dag. Það er mjög gott að tíðarandinn hefur breyst, við eigum aldrei að líða ofbeldi af nokkrum toga

Þeim málum, sem hafa komið inn á borð hjá KKÍ þar sem talið er að einstaklingar á vegum sambandsins hafi gerst sekir um kynferðislega áreitni eða óviðeigandi samskipti, hefur verið tekið á og engum málum sópað undir teppið. Okkur hjá KKÍ sárnar það afar mikið að heyra að við eigum að hafa sett mál til hliðar eða ekki tekið mark á þeim. Til þess að við getum tekið á málum þá verða þau hins vegar að koma formlega inn á borð til okkar, það er ekki hægt að taka jafn viðkvæm mál fyrir bara á sögusögnum.

Ég hvet þá sem verða fyrir áreitni af einhverju tagi til að stíga fram og láta okkur vita. Þeim málum verður tekið alvarlega, í dag höfum við samskiptaráðgjafa íþrótta- og æskulýðshreyfingarinnar sem tók til starfa í fyrra. Til hans er hægt að vísa þessum málum," segir þessi reynslumikli maður.

Fyrir komandi ársþing hafa verið lagðar nokkrar tillögur eins og gengur og gerist og hafa nokkrar þeirra fengið meiri umræðu en aðrar. Þar á meðal er tillaga Ungmennafélags Kjalarness um að leyfa stúlknaliðum að leika á strákamótum á ákveðnu aldursstigi. Brynjar Karl Sigurðsson er hugmyndasmiðurinn að tillögunni en heimildarmyndin þar sem hann og lið hans eru í aðalhlutverki, Hækkum rána, hefur vakið þó nokkra athygli í samfélaginu undanfarið.

„Þessi tillaga mun fá efnislega meðferð á þinginu eins og allar aðrar. Hingað til hefur sú stefna orðið ofan á að hafa mótahald í grunninn kynjaskipt en ákveðin kynjablöndun hefur verið leyfð ef þjálfarar beggja liða hafa samþykkt það og það má örugglega skerpa á okkar regluverki. Ákvörðun um róttæka breytingu á mótahaldi er tekin á ársþingi en ekki innan stjórnar.

Um þjálfunaraðferðir þjálfara almennt, er það ekki mitt sem formanns að hafa skoðun á þeim. Félögin í landinu hafa tækifæri til að ræða tillöguna á þinginu og ákveða hvað skal gera," segir Hannes um tillögu Kjalnesinga.

### Kitlar að fara á kaf í rallý aftur

Það sem kannski fáir vita er að Hannes var á sínum tíma í fremstu röð í rallýheiminum þar sem hann vann titla sem aðstoðarökumaður.

„Ég hef verið mikið í kringum rallýbransann síðan ég var unglingur en árið 2002 ákvað ég að verða aðstoðarökumaður hjá Hlöðveri Baldurssyni og við náðum að landa Íslandsmeistaratitli í nýliðaflokki sem þá hét og í flokki einsdrifsbíla ásamt því að lenda í öðru sæti yfir heildina á Íslandsmótinu. Rallý er frábær íþrótt og ég hef mjög gaman af því að fylgjast með því. Báðir bræður mínir hafa einnig verið á fullu í rallinu og í dag er litli bróðir formaður BÍKR ásamt því að vera varaformaður körfuknattleiksdeildar Breiðabliks. Ég vil líka taka það skýrt fram að þrátt fyrir áhuga á sportinu þá er ég vita vonlaus þegar kemur að því að gera við bíla og get með engu móti hjálpað til í þeim efnum," segir ökuþórinn.

# ALLT




KYNNINGARBLAÐ

LAUGARDAGUR 13. mars 2021



Þórdís S. Hannesdóttir segist finna mikinn mun á meltingunni eftir að hún byrjaði að taka Happier GUTS frá Eylíf. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Bætt líðan andlega og líkamlega

Þórdís S. Hannesdóttir segist geta mælt eindregið með Happier GUTS frá Eylíf. Vörurnar eru unnar úr hreinum, íslenskum hráefnum, engum aukefnum er bætt við og framleiðslan er á Íslandi. Happier GUTS vinnur gegn meltingartruflunum og bætir þarmaflóruna. 2






Þórdís segist alla tíð hafa verið með lata þarmastarfsemi. „Ég hef prófað ýmislegt í gegnum tíðina til að fá betri meltingu en ekkert virtist koma mér að gagni,“ segir hún. „Ég var eiginlega búin að gefast upp því ég fékk ekkert út úr þessum prófunum. Mér fannst það hlyti bara að vera að ég væri svona og lítið við því að gera. Þá var ég svo heppin að kynnast Happier GUTS eftir ábendingu um að þetta virkaði vel fyrir meltinguna. Ég var búin að vera í langri hvíld frá öðrum bætiefnum,“ segir Þórdís.

„Ég ákvað að taka slaginn og prófa Happier GUTS og er ánægð með það. Eftir um það bil tveggja mánaða notkun finn ég gríðarlegan mun á mér og allt annað líf en áður. Óþægindin frá meltingarvegi og þarmastarfseminni eru mun minni og þar fyrir utan er öll almenn líðan mín mjög góð, bæði andlega og líkamlega. Mér bara líður betur,“ útskýrir Þórdís.

„Ég mun svo sannarlega halda áfram að taka inn þetta frábæra efni sem er unnið úr íslenskum gæðahráefnum og framleitt hér á landi. Ég mæli eindregið með Happier GUTS fyrir þá sem eru með meltingaróþægindi því það hefur hjálpað mér mjög mikið.“

Nýjasta varan frá Eylíf, Happier GUTS, inniheldur fjögur íslensk hráefni, það eru:

- Kítósan, unnið úr rækjuskel, er náttúrulegar trefjar og reynist vel fyrir meltinguna, það dregur í sig fituefni úr meltingarveginum
- Kalkþörungar sem eru mjög kalkríkir og innihalda 74 stein- og snefilefni úr náttúrunni
- GeoSilica kísillinn sem hefur reynst vel og rannsóknir staðfesta virkni
- Fjallagrös sem eru vel þekkt fyrir sín góðu áhrif á meltinguna
- Við styrkjum blönduna með öflugri blöndu af meltingarensímum, C-vítamíni, krómi, joði og sinki




*Athugið að ekki má taka D-vítamín eða önnur fituleysanleg vítamín á sama tíma. Látið líða um það bil 2 klst. á milli.*

**Vörulínan frá Eylíf**

Vörulínan Eylíf býður upp á fjórar vörur, Active Joints, Stronger Bones, Smoother Skin & Hair, og nýjasta varan er Happier GUTS, allt vörur sem hafa reynst fólki vel. Vörurnar eru unnar úr hreinum, íslenskum hráefnum, engum aukefnum er bætt við og framleiðslan er á Íslandi. Ólöf Rún Tryggvadóttir er stofnandi vörulínunnar Eylíf. Hugmyndin kom til vegna þess að hana langaði að setja saman þau frábæru hráefni sem eru framleidd á Íslandi á sjálfbæran hátt frá náttúrulegum auðlindum landsins og auka þannig aðgengi fólks að þeim hráefnum. Framleiðslan fer fram á Grenivík og þróun varanna er í samstarfi við sérfræðinga frá Matís.

Eins og áður segir eru fjórar tegundir frá Eylíf komnar á markað, Active Joints, Stronger Bones, Smoother Skin & Hair og nú nýjasta varan Happier GUTS.

„Vinsælasta varan er Active Joints sem inniheldur fjögur íslensk næringarefni og margra ára rannsóknir sýna fram á jákvæð áhrif þeirra,“ segir Ólöf Rún. „Við vöndum til verka og sækjum í sjálfbærar auðlindir úr sjó og af landi. Við notum hreina, íslenska náttúruafurð, hrein hráefni sem ekki eru erfðabreytt og stuðla að sveigjanlegri líkama, þá erum við færari til að takast á við verkefnin í dagsins önn. Við vitum að heilsan er dýrmætust, því er svo mikilvægt að gæta vel að henni og fyrirbyggja ýmis heilsuvandamál. Heilbrigð melting er grunnurinn að góðri heilsu, þess vegna vildum við hjá Eylíf bjóða upp á gæðavöru fyrir meltinguna,“ segir Ólöf Rún.

Íslensku hráefnin sem notuð eru í Eylíf vörurnar eru:

- Kalkþörungar frá Bíldudal
- Smáþörungar (Astaxanthin) frá Reykjanesbæ
- GeoSilica frá Hellisheiði
- Kollagen frá Sauðárkróki
- Kítósan frá Siglufirði
- Íslenskar jurtir, handtíndar, frá fjölskyldufyrirtæki í Hafnarfirði

Hrein hráefni og íslensk framleiðsla.

Fæst í öllum apótekum, Hagkaup, Heilsuhúsinu, Fjarðarkaupum, Nettó og á eylif.is þar sem hægt er að fá fría heimsendingu.



**Þórdís segist hafa lengi glímt við lata þarmastarfsemi.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Allt annað og betra líf

**Guðlaugur getur nú staðið upp án fyrirhafnar og gengið óstuddur upp og niður stiga eftir að hann byrjaði að taka Active JOINTS.**

Guðlaugur Sigurðsson lenti í vinnuslysi úti á sjó árið 2010 og slasaðist illa með þeim afleiðingum að hann varð óvinnufær. „Ég hef verið mjög slæmur í líkamanum frá slysinu, en var þó heppinn á sínum tíma að fá spelku frá Össuri þannig að ég gat sinnt daglegum athöfnum. Spelkan var eins konar lífsbjörg fyrir mig á þeim tíma. Síðustu árin eftir slysið hef ég átt erfitt heilsulega séð, alltaf verið með verki og átt erfitt með svefn því ég var stöðugt með verki,“ segir hann.

„Það var konan mín sem sá auglýsingu á íslensku fæðubótarefni, Active JOINTS frá Eylíf, og ákvað að kaupa það fyrir mig í haust. Eftir aðeins eina viku var ég farinn að finna góðan mun á líkamanum sem mér fannst alveg ótrúlegt. Það er gaman að segja frá því að ég er orðinn svo miklu betri í skrokknum núna að stundum gleymi ég að setja á mig spelkuna þegar ég fer út í göngutúr. Eins get ég orðið gengið upp og niður stiga án þess að styðja mig við og þarf ekki lengur að styðja mig við þegar ég stend upp frá borði, ég bara stend upp umhugsunarlaust,“ segir Guðlaugur. „Það er eiginlega kraftaverk frá því sem áður var. Ég tek þrjú hylki á dag og dreifi inntökunni yfir daginn með máltíðum.

Þrátt fyrir að fötlunin mín eftir slysið hverfi ekki, þá er ég samt sem áður gangandi um glaður og mér líður svo miklu betur og mæli svo sannarlega með Active JOINTS frá Eylíf.“



Guðlaugur Sigurðsson fékk liðleika aftur með Active JOINTS frá Eylíf.




> **Eftir aðeins eina viku var ég farinn að finna góðan mun á líkamanum sem mér fannst alveg ótrúlegt. Það er gaman að segja frá því að ég er orðinn svo miklu betri í skrokknum núna að stundum gleymi ég að setja á mig spelkuna þegar ég fer út í göngutúr.**
>
> Guðlaugur Sigurðsson

Fæst í öllum apótekum, Hagkaup, Heilsuhúsinu, Fjarðarkaupum, Nettó og á eylif.is þar sem hægt er að fá fría heimsendingu.

*Fæðubótarefni koma ekki í staðinn fyrir fjölbreytta fæðu. Ekki ætlað börnum eða barnshafandi konum. Ekki er ráðlagt að taka meira en ráðlagður dagskammtur segir til um. Geymist þar sem börn ná ekki til.*

**Allt er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** Torg ehf.
**Ábyrgðarmaður:** Björn Víglundsson

**Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

**Sölumenn: Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.


SMÁRA BÍÓ
MEIRI
UPPLIFUN
Bíó | Lasertag | Sýndarveruleiki
Leiktækjasalur | Barnaland | Karaoke
Bókaðu þína upplifun
á www.smarabio.is

# Ýkt, tilgangslaus ofsafegurð

**Helen Svava Helgadóttir opnaði nýverið einkasýninguna Augnlok. Helen fær innblástur víða, hvort sem það er úr YouTube-kommentum, glitrandi hafinu í Feneyjum eða frá tónlistarmanninum Lil Wayne.**



Hjördís Erna Þorgeirsdóttir
hjordiserna@frettabladid.is

Helen Svava, sem leggur stund á mastersnám í myndlist, var 27 ára gömul þegar hún áttaði sig heldur óvænt á því að hún vildi leggja fyrir sig listsköpun.

„Það telst líklega mjög seint en þá ákvað ég hálf óvart að fara í myndlistaskólann því ég vildi fresta því að raungera minn innri lögfræðing í eitt ár til viðbótar," segir Helen og hlær.

„Ég hefði líklega átt von á því að finna mig í flestu öðru. En mig langaði að læra að teikna, því mér fannst eins og því fylgdi eitthvert óskilgreint frelsi."

### Skemmtileg YouTube-komment

Helen segir innblásturinn koma víða að. „Innblástur er ekki beint hlutur sem ég tengi við að komi og fari. Ég get gert marga hluti sem mér finnst frábærir alla daga ef ég vil – en ég kýs að vera ekki alltaf að gera. Það er svo hollt að leyfa sér bara vera.

En lífið er auðvitað einn stanslaus innblástur. Mér finnst mjög gaman að fara til Feneyja og sjá hafið glitra betur þar en hér en mér finnst líka bara mjög gaman að vera heima og lesa YouTube-komment."



**Helen Svava Helgadóttir stendur nú fyrir einkasýningu í húsakynnum Listaháskólans á Laugarnesi. Sýningin verður uppi frá 12.-21. mars.** FRÉTTBLAÐIÐ/STEFÁN




*Hvað ertu að fást við á sýningunni?*

„Að búa til myndlist síðasta árið hefur fyrir mig verið rosalega mikið fólgið í því að loka bara augunum og ímynda mér hluti og tala um þá eins og ég tryði því að á einhverjum tímapunkti myndi ég gera þá. Ég trúði því ekki og er virkilega hissa og ánægð með að hafa náð að raungera það sem hefur bara verið til á bak við augnlokin síðasta árið.

Það eru í raun þessir hlutir sem ég hef náð að svona tengja við að séu partur af því að vera í þessu COVID-ástandi – þar sem maður er extra fastur í líkamanum sínum með hugsunum sínum. Að þeir komi frá mínum svona hugmyndafræðilega ysta parti, sem er eitt tattú af rós sem ég er með á innanverðum handleggnum og svo frá kjarnanum sem væri þá hjartað.

En hjartað er líka fyrsta hálsmenið sem ég keypti mér og rósirnar eru úr Góða hirðinum og hafa fylgt mér flest síðustu ár. Þannig að ég gæti farið með þetta í margar áttir og af því hún hefur verið svo lengi ekki til, eða að segjast ætla að verða til, þá hafa myndast mjög margar tengingar. Svo er ég líklega mest að fást bara við efni og vil tala heiðarlega um það. Að sjóða stál, tálga við og þess háttar."

Helen segir gesti sýningarinnar umfram allt eiga von á hefðbundinni skúlptúrsýningu. „Tvær mannhæðarháar rósir, eitt risastórt hjartahálsmen og einn smáhlutur sem er örlítið meira abstrakt, en ber titilnafn sýningarinnar."

### Djúpur sannleikur Lil Wayne

Helen skrifaði lokaritgerð um tónlistarmanninn Lil Wayne.

*Hvernig kom það til?*

„Hann móðgaði mig svo mikið í fyrsta skipti sem ég heyrði lag eftir hann að það kannski reyndist ekki erfitt einhvern veginn að fá uppreist æru. Það fór svo í taugarnar á mér að einhver skyldi gera mikið verra lag en upphaflega lagið af sömu tónlistartegund. Mér fannst tilvist þess því truflandi. En svo gerðist eitthvað fyrir svona fimm árum. Ég setti lagið á í gríni og fílaði það betur en upphaflega Outkast-lagið og skildi ekki hvernig það gat gerst án þess að ég hefði heyrt það allan þennan tíma," útskýrir Helen.

Lagið sem um ræðir er lagið Jazzy Belle með Outkast en endurhljóðblöndun Lil Wayne er hið stórgóða Pussy, Money, Weed.

Helen segir margt heillandi við textasmíðar Lil Wayne. „Það væri þá einhver innsæ, ljóðræn dýpt sem mér finnst svo oft vera til staðar. Það er eitthvað við þessa dagbókarlegu texta sem ná einhverju fram sem er ekki oft sett fram á þennan hátt.

Hálft lagið snýst kannski um hvað hann er góður í kynlífi en svo læðast inn setningar sem eru einhver svona algildur djúpur sannleikur um ást og tilfinningar. Þannig að kannski þegar það kemur, kemur það á óvart og nístir mig á annan hátt. Það er líka þetta við að henda endalaust út af efni þar sem leynast demantar og drasl.

Mér finnst mjög skemmtilegt að vera bombarderuð af alls konar efni og þurfa sjálf að sjá um að sortera og ákveða hvað það er sem mér finnst gott og hvað ekki. Sérstaklega á vettvangi tónlistar sem ég er ekkert sérstaklega vitur á. En fyrir mér hefði hann alveg eins getað verið Lana del Rey. Sem gerir texta sem ég elska fyrir sömu hversdagslegu ljóðrænuna, en hún er ekki með sömu brestina og heildarkonseptið hennar er miklu skiljanlegra. Gott lag, vont lag, dæmi."

*Hvernig er annars að vera listakona á tímum COVID?*

„Ég er á vernduðum stað í námi þannig að reynsla mín í raunheimum er ekkert sérstaklega víðtæk en hins vegar hefur þessi almenni COVID-kvíði líklega læðst inn hjá flestum og hefur auðvitað sett sitt mark á þessa tíma. Maður er stanslaust að takast á við mjög miklar andstæður um það sem skiptir máli í lífinu. Þannig að tilfinningin við að búa til list þegar það er heimsfaraldur verður ýkt tilgangslaus en við það öðlast hún einhverja ofsafegurð líka."

FRÉTTABLAÐIÐ

# Nytjahlutir og endurvinnsla

KYNNINGARBLAÐ

LAUGARDAGUR 13. mars 2021

**Kynningar:** Barnaloppan, Grænir skátar ehf., Sorpa, SmartGO, Hringekjan, ABC barnahjálp.



# Extra stórt loppuspor fyrir umhverfið

**Þegar Andri Jónsson og Guðríður Gunnlaugsdóttir stofnuðu Barnaloppuna á sínum tíma óraði þau ekki fyrir því hversu vinsæl hún yrði á meðal Íslendinga.**




**Samstarf þeirra Andra Jónssonar, Guðríðar Gunnlaugsdóttur og Brynju Dan Gunnarsdóttur hefur blómstrað í Extraloppunni.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR.

Hugmyndin var fersk og spennandi og enda þótt flóamarkaðir hafi lengi verið til á Íslandi, var þjónustustigið hvergi jafn fullnægjandi og hjá Barna- og Extraloppunni.

**Loppan tikkaði í öll boxin**

„Þegar við fluttum heim frá Danmörku langaði okkur að stofna fyrirtæki sem væri ekki bara vinnan okkar, heldur vildum við leggja okkar af mörkum hvað varðar samfélagsábyrgð. Við komum bæði úr umhverfislega þenkjandi fjölskyldum þar sem vel er hugað að endurvinnslu, flokkun og takmörkun á matarsóun. Barnaloppan náði þannig að tikka í nokkur box hjá okkur báðum sem og hjá íslensku þjóðinni. Þá voru þetta okkar fyrstu skref í að taka þátt í hringrásarkerfi Íslands með samfélagslega ábyrgum rekstri,“ segir Andri.

„Við fundum snemma fyrir áhuga fólks á sambærilegri verslun fyrir eldri kynslóðina og því tókum við saman við hana Brynju Dan Gunnarsdóttur og opnuðum Extraloppuna í Smáralind. Brynja er mikill baráttujaxl á ýmsum sviðum og hörkudugleg og því var hún tilvalin sem samstarfsaðili í Extraloppunni. Samstarfið við hana hefur heldur betur blómstrað síðan við opnun 2019.“

**Tími til kominn**

Brynja Dan segist hafa haft samband við Guðríði um leið og þau Andri hrintu Barnaloppunni úr vör. „Ég spurði hana hvort við þyrftum ekki að opna sambærilega verslun fyrir fullorðið fólk. Þetta hefur því legið lengi á borðinu og ári síðar, 2019, ákváðum við að kýla á þetta. Sjálf hafði ég verið í markaðsmálum í tíu ár og langaði að fara út í eigin rekstur. Ég er 50 prósent eigandi í Extraloppunni og vinn hér í versluninni. Andri og Guðríður koma með sína þekkingu og reynslu af rekstri Barnaloppunnar og ég kem inn með mína þekkingu í markaðsgeiranum. Mér fannst strax mikilvægt að verslun með fullorðinsfatnað þyrfti að vera staðsett í verslunarmiðstöð þar sem er hátt til lofts og þar sem eru aðrar sambærilegar verslanir, til þess að halda hugmyndinni frá hefðbundinni flóamarkaðsstemningu. Einnig fannst mér atriði að hafa allt útlit í versluninni og á samfélagsmiðlum einfalt og stílhreint. Þó svo báðar verslanir byggi á sömu hugmyndafræði þá eru þær í grunninn ólíkar. Önnur selur nauðsynjavörur á meðan hin verslar með munað.

Það kom mér óneitanlega á óvart hversu vel var tekið á móti Extraloppunni og síðan við opnuðum hefur verið biðröð í að selja í básum hjá okkur. Fólk er mjög spennt að geta selt fatnað sem það notar ekki lengur og fá eitthvað upp úr því án þess að þurfa að standa yfir sölubás allan daginn. Við erum fyrst og fremst þjónustufyrirtæki og það er það sem fólk sækir í.“



**Það er alltaf gaman að gramsa í Extraloppunni enda kennir þar ýmissa grasa. Ekki skemmir fyrir hvað verslunin er stílhrein og falleg.**

> Það má greinilega nýta hlutina mun betur en margir gera sér grein fyrir.
>
> Andri Jónsson

**Fordæmisgefandi loppa**

Andri segir að það sé gaman að upplifa að loppurnar séu fordæmisgefandi, enda hafa margir farið út í áþekkan rekstur. „Það er magnað að sjá hve mikið af fatnaði og öðrum vörum selst í þessum búðum sem hefði eflaust farið til spillis annars. Þá er gaman að segja frá því að sumar vörur hafa komið til okkar tvisvar og jafnvel oftar, sem segir okkur að það má greinilega nýta hlutina mun betur en margir gera sér grein fyrir.“

**Gífurlegur sparnaður í sporum**

Andri nefnir að í samvinnu við umhverfisverkfræðinga frá Eflu hafi þau reiknað út kolefnissporin sem hafa sparast frá því þau Guðríður stofnuðu Barnaloppuna. „Það kom í ljós að á einu og hálfu ári í rekstri höfum við sparað útblástur frá 5.200 bifreiðum á ári, sem jafngildir 30.000 alklæðnuðum fyrir börn, útifötum, skóbúnaði, leikföngum og fleiru sem hefur farið í endurnýtingu. En núna eftir tæp þrjú ár hefur þessi sparnaður rúmlega tvöfaldast í kolefnissporum. Núna erum við að vinna í því að reikna út kolefnissporin sem hafa sparast frá því við opnuðum Extraloppuna og verður spennandi að sjá útkomuna. Við búumst jafnvel við að tölurnar verði sambærilegar eða hugsanlega hærri en reiknað var með í fyrstu.“

# Vefur eftirsóttar mottur úr rúllubaggaplasti



Jóhanna María Einarsdóttir
johannamaria@frettabladid.is

**Elín Kjartansdóttir hefur vakið töluverða athygli fyrir fallegar mottur úr óvenjulegum endurnýttum efnivið. Um er að ræða forláta mottur úr rúllubaggaplasti sem hún vefur í falleg mynstur.**

Elín er búsett norður í Þingeyjarsveit og hóf störf sem skólaliði og síðan í eldhúsi Þingeyjarskóla fyrir hartnær átta árum. Nú býður hún nemendum skólans upp á spennandi möguleika í handverki, sem er ólíklegt að sé í boði í mörgum grunnskólum í dag. „Það kom upp í starfsmannaspjalli að ég hefði verið með þemaviku í skólanum fyrir 15-20 árum og leiðbeint yngri deildunum í vefnaði. Hálfur skólinn fékk að spreyta sig og úr varð langur refill í ýmsum litum úr alls konar hráefni sem hékk lengi uppi á vegg í skólanum. Skaut skólastjórinn því að hvort ég vildi ekki kenna vefnað í skólanum,“ segir Elín og bendir á að í Þingeyjarskóla sé vel staðið að verk- og listgreinakennslu. Fá nemendur fjölbreytta menntun í ýmsu handverki og taka að auki þátt í stórri uppsetningu á ári hverju með tónlistar- og leiklistarflutningi.

**Kennir vefnað og nýtingu**

Elín hóf á síðasta ári að leiðbeina nemendum á mið- og unglingastigi um vefnað einn dag í viku. „Það þarf einfaldlega vissa hæð til að geta unnið við vefstólinn, en ég stefni á að bæta við spuna og tóvinnu í vor fyrir nemendur á öllum aldri og leikskólastigið líka. Þá geta börnin spunnið ull, til dæmis af sínum eigin kindum eða jafnvel af hundinum á heimilinu. Sjálf hef ég spunnið úr einum sex til átta dýrategundum.“



**Elín er hér stödd í skólavefstofunni og rífur niður efni í viðeigandi búta fyrir vefnaðinn. Mynd/Alexandra.**

> Það er hægt að búa til ýmislegt úr slitnum textíl.

Elín var strax ákveðin í því að vefnaðurinn byggðist eingöngu á hráefni sem til félli, ekkert yrði keypt nýtt nema uppistöðugarnið. „Við leitum, klippum og rífum efni sem kemur mestmegnis úr tiltekt á heimilum. Þegar kemur að vefnaði þá er allt mögulegt. Það er hægt að klippa niður eða rífa hvaða textíl sem er og vefa úr honum. Tvær hafa til dæmis ofið úr gallabuxum. Það kemur allur textíll og ýmislegt fleira líka til greina.“



**Gunnar er einn nemandi Elínar og sést hér vefa dýrindis mottu úr gömlum og slitnum rúmfötum.**

Til eru tveir fullbúnir vefstólar sem nemendur keppast um að komast í og fá að vefa. „Því miður er ekki hægt að skipta um vefnað í stólnum og því geta bara tveir nemendur ofið í einu. Fyrsta verkefni allra er einskeftumotta sem er einfaldasti vefnaðurinn og þegar hafa tíu nemendur fengið að spreyta sig í vefstólunum. Ég er mjög sátt við samskiptin við nemendur og finnst frábært hvað þau hafa verið áhugasöm og meðvituð um umhverfismál og nýtingu. Við vinnum með nærumhverfið, endurnýtingu og hugmyndaflug.“

Ef þessu tilraunaverkefni verður haldið áfram næsta vetur vonast Elín til þess að geta boðið nemendum upp á framhaldskennslu í flóknari vefnaði með möguleika á mynsturgerð. „Ég veit ekki til þess að boðið sé upp á vefnaðarkennslu í vefstólum í öðrum grunnskólum á landinu en það væri mjög gaman að frétta hvort svo er.“

**Rúllubaggaplastið svínvirkar**

Elín er sjálf stolt og fær handverkskona og hefur marga fjöruna sopið í þeim geira. „Ég er afskaplega nýtin og nokkuð gamaldags ef svo má að orði komast. Mér er ekkert gefið um að kaupa nýjar flíkur og henda án þess að gjörnýta þær. Ef ég hendi einhverju þá geta allir treyst því að það er alveg ónýtt. Það er nefnilega hægt að búa til ýmislegt úr slitnum textíl og það gildir um allt frá rúllubaggaplasti og upp í slitinn nærbol.

Rúllubaggaplastið er fyrir augunum á öllum í sveitum síðustu áratugi. Nú kemur þetta í fjölbreyttum litum, hvítu og svörtu, grænu, bleiku og bláu. Litaða plastið er erfiðara í endurvinnslu og þá er um að gera að endurnýta það, fyrst þetta er komið í notkun á annað borð. Ég hugsaði með mér að þetta hráefni væri vel nýtilegt í vefnaðinn og prófaði. Þá tók ég þvælur utan af rúlluböggum og setti í þvottavél. Það er náttúrulega smá lím í þessu sem þarf að þvo úr til að gera efnið meðhöndlanlegra. Þetta svínvirkar alveg. Motturnar henta vel þar sem er mikil umgengni og eru stamar á gólfi. Undanfarin ár hef ég ekki haft tíma til að gera mikið af þessu en vonast til að geta sinnt handverkinu meira í framtíðinni.“

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson | Sölumaður auglýsinga: Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, | Veffang: frettabladid.is

# Við sækjum, þú færð greitt – eintóm hamingja

**Grænir skátar sérhæfa sig í að sækja drykkjarumbúðir með skilagjaldi í fyrirtæki, húsfélög og veitingahús, sem síðan fá hluta ágóðans til baka í formi einfaldrar peningagreiðslu.**

Torfi Jóhannsson hefur starfað hjá Grænu skátunum í fimm ár. „Það sem við erum að gera almennt er að hjálpa fyrirtækjum, veitingahúsum og húsfélögum með hagkvæmar endurvinnslulausnir á drykkjarumbúðum með skilagjaldi. Við komum og sækjum, sköffum ílát ef þarf, og greiðum til baka ákveðið skilagjald. Þá er þetta ekki að safnast upp eða enda í ruslinu,“ útskýrir hann.

**Þrjú gildi að leiðarljósi**

„Grænir skátar hafa boðið þessa þjónustu í einhver tíu ár. Hugmyndin kviknaði eins og margar aðrar svipaðar hugmyndir þegar það fréttist að við værum að sækja í gáma og fyrirtæki fóru að biðja okkur um að koma þegar mikil hrúga hafði safnast upp. Við höfum líka verið með dósagámana okkar á grenndarstöðvum og endurvinnslustöðvum núna í einhver 32 ár.“

Starfsfólk Grænu skátanna kemur úr ýmsum áttum. „Hjá okkur starfa meðal annars yfir 20 einstaklingar sem eru með skerta starfsgetu, eða þurfa vinnu með stuðningi. Það hefur alltaf verið rauði þráðurinn í okkar vinnu, að geta boðið þeim upp á þennan möguleika í vinnu.“

Torfi segir starfsemi Grænu skátanna fyrst og fremst byggjast á þremur gildum. „Við tölum alltaf um að við séum að vinna eftir þessum þremur gildum, það er þá endurvinnslan sem snýr að því að bæta hag umhverfisins, síðan að bjóða þessum hópi sem þarf stuðning í vinnu ákveðið tækifæri á að vera í vinnu og svo að efla æskulýðsstarfið með styrkjum til skátanna. Grænir skátar eru í eigu Bandalags skáta og allur ágóði rennur til stuðnings æskulýðsstarfi skátanna.“

**Þægilegt og einfalt**

Ferlið er afar einfalt og þægilegt. „Fyrirtækið sér bara um að safna í tunnuna eða pokann hjá sér og við komum svo og sækjum og skilum því í réttan farveg. Þetta er hagur fyrir alla – það vinna allir sem koma að þessu.“

Torfi segir þetta fyrirkomulag hafa reynst afar vel auk þess sem það endurspegli aukna áherslu á umhverfisvitund. „Þessi lausn sem við erum að bjóða í þessu umhverfisátaki sem heimurinn er í nýtur sífellt meiri vinsælda. Við höfum orðið vör við töluverða ásókn í að nýta þessa þjónustu.“

Þjónustan stendur öllum til boða. „Allir geta nýtt sér þetta. Svo er þetta bara eins og gengur og gerist, við prófum bara og sjáum hvernig þetta virkar. Flestallir eru hjá okkur lengi og hætta ekkert, þetta er að virka vel. Við tökum við öllu með svokölluðu skilagjaldi. Alveg sama hvað það er og í hvaða ljósi.“

Það er allur gangur á því hversu oft er sótt. „Við erum að þjónusta hátt í 120 aðila á einhverjum tímapunkti í hverjum mánuði. Það er mismunandi tíðni eftir því hversu mikið hefur safnast. Allt frá því að fara tvisvar í viku í sum húsfélög yfir í að fara einu sinni í mánuði í önnur. Þá stillir maður tíðnina og annað, bæði eftir því sem hentar húsfélögunum og okkur.“

**Aukning síðasta árið**

Ólíkt mörgum öðrum fyrirtækjum hefur verið óvenjumikið að gera hjá Grænu skátunum undanfarið ár. „Síðasta árið hefur verið gott á marga vegu. Það er meira af fólki heima fyrir og meiri neysla og þessi mikla aukning hefur skilað sér vel til okkar. Við erum eitt af þeim fyrirtækjum sem hafa fundið jákvæða breytingu á þessum COVID-tímum,“ segir Torfi.

„Við höfum líka mikið verið að þjónusta íþrótta- og skólahópa síðustu tvö ár. Það er oft þannig að þá er fólk frá íþróttafélögunum að labba í hús og við sjáum um rest. Þetta hefur gengið ákaflega vel og það hefur verið meira að gera síðasta árið. Við erum núna í samstarfi við einhver 6-8 íþróttafélög og það hefur gengið afskaplega vel fyrir sig.“

Einstaklingar geta einnig stutt við Grænu skátana á einfaldan hátt. „Einstaklingarnir skila í gámana á grenndarstöðvum og á Sorpustöðvunum á höfuðborgarsvæðinu, þar tökum við svo við umbúðunum. Allur ágóðinn rennur svo sem fyrr segir beint í æskulýðsstarf skátanna hringinn í kringum landið.“




**Torfi Jóhannsson í Grænum Skátum segir starfsemina byggjast á þremur gildum. Þau snúi að umhverfinu, því að veita hópi sem þarf stuðning í vinnu tækifæri til að vinna og síðan að styrkja æskulýðsstarf Skátanna.** MYND/KRISTINNÓLAFSSON




**Fyrirtækjaþjónusta Grænu skátanna nýtur mikilla vinsælda.**




**Flokkunartunnur Grænna skáta passa í allar geymslur, stórar sem smáar.**

Hægt er nálgast frekari upplýsingar í síma 550-9800 og á graenirskatar.is

# Framkvæmdir fyrir lítinn pening

**Endurvinnslustöðvar SORPU hafa rekið Efnismiðlunina, lítinn markað sem býður upp á byggingar- og framkvæmdaefni, á endurvinnslustöðinni við Sævarhöfða frá árinu 2018.**

„Mikið af slíku efni kemur inn á endurvinnslustöðvarnar og er þetta tækifæri til þess að koma efninu í endurnotkun og þannig á fyrsta forgangi inn í hringrásarhagkerfið í stað þess að það fari til endurvinnslu eða förgunar,“ segir Karen H. Kristjánsdóttir, sérfræðingur hjá endurvinnslustöðvum SORPU, og bendir á að tilgangur markaðarins sé að vera vettvangur fyrir miðlun efna og hluta til endurnotkunar sem er mikilvæg aðgerð til að nýta auðlindir jarðar sem best á hverjum tíma.

„Efnismiðlunin býður upp á valkosti fyrir breiðan hóp viðskiptavina, sérstaklega þá sem eru í húsnæðisbreytingum, sumarbústaðabyggingu, garðvinnu, leikmyndagerð eða einhvers konar listsköpun,“ segir hún. „Vöruúrvalið er fjölbreytt og má þar nefna skrúfur, verkfæri, hurðir, glugga, parket, flísar, hellur, bárujárn, timbur, sturtubotna, reiðhjól og bílakerrur. Á markaðnum er einnig framboð af efni og vörum sem jafnvel er ekki í boði annars staðar, svo sem gamlar hurðir og veðrað timbur,“ upplýsir Karen og bendir á að vinsældir markaðarins hafi farið vaxandi á hverju ári frá opnun og aukist til muna í COVID. „Fólk virðist vera í miklum framkvæmdahug og er gaman að sjá að fólk er tilbúið að skoða notuð efni í stað nýrra.“

Í COVID þurfti að grípa til aðgerða vegna fjöldatakmarkana inni á endurvinnslustöðinni og loka þurfti markaðnum tímabundið. „Þá var brugðið á það ráð að selja vörurnar í gegnum Facebook-síðu Efnismiðlunarinnar. Þar er boðið upp á tvenns konar netsölu, annars vegar beina sölu á vörum og hins vegar uppboð. Þegar um er að ræða beina sölu eru settar inn myndir, lýsing og verð og þá gildir að sá fyrsti sem setur athugasemd undir myndina fær vöruna. Hins vegar þegar um uppboð er að ræða þá eru settar inn myndir fyrir hádegi með lýsingu og upphafsverði, öllum er frjálst að bjóða í vöruna í auglýstan tíma, sá hreppir hnossið sem á hæsta boð við lokun uppboðs.

Með þessari nýjung kom fram nýr hópur viðskiptavina sem áður hafði ekki tök á að mæta á staðinn, svo sem fólk sem býr utan höfuðborgarsvæðisins eða kemst ekki frá á opnunartíma. Allur framkvæmdaúrgangur er gjaldskyldur á endurvinnslustöðvum og þarf fólk því að greiða fyrir byggingarefni sem það kemur með, en getur svo valið að gefa efnið til Efnismiðlunarinnar svo efnið haldi áfram í hringrásarhagkerfinu. Tekið er við efni á öllum endurvinnslustöðvum og eru vörurnar fluttar yfir á Sævarhöfða þar sem þær eru seldar.

Verðlagning er hófstillt og hægt er að gera kostakaup. Markmiðið er alltaf að skapa farveg fyrir skynsama nýtingu nothæfrar vöru. Allur hagnaður af markaðnum rennur óskiptur til góðra málefna. Síðastliðið haust var óskað eftir styrkþegum fyrir fyrstu úthlutun. Leitast var við að styrkja verkefni sem tengdust á einhvern hátt hringrásarhagkerfinu og voru tvö verkefni sem fengu styrk upp á samtals 1.000.000 króna. Lesa má um það á Facebook-síðu markaðarins. Stefnt er að því að opna annað útibú af Efnsimiðluninni á endurvinnslustöðinni við Breiðhellu í vor.

Sem fyrr segir er núverandi markaður staðsettur á endurvinnslustöðinni við Sævarhöfða og er opnunartíminn miðvikudaga til laugardaga kl. 14.00–17.30. Yfir sumartímann er opið alla daga nema sunnudaga.“




**Núverandi markaður Efnismiðlunar er staðsettur á endurvinnslustöðinni við Sævarhöfða.**



**Margir hafa getað nýtt sér efnivið til framkvæmda sem kemur í Efnismiðlunina. Stefnt er að því að opna annað útibú af Efnismiðluninni á endurvinnslustöðinni við Breiðhellu í vor.**

> **Stefnt er að því að opna annað útibú af Efnsimiðluninni á endurvinnslustöðinni við Breiðhellu í vor.**
>
> Karen H. Kristjánsdóttir

Á Facebook-síðu markaðarins er hægt að sjá vöruúrval og fylgjast með netsölunni: Efnismiðlun Góða hirðisins.

# Ensím gætu bylt plastendurvinnslu



Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is

**Vísindamenn hafa þróað nýtt „ofurensím“ sem getur brotið niður plast til endurvinnslu á nokkrum dögum. Vonast er til að með frekari þróun geti slík ensím nýst til öflugrar endurvinnslu og þannig dregið úr plastmengun og plastframleiðslu.**

Vísindamönnum við háskólann í Portsmouth á Englandi hefur tekist að búa til nýtt „ofurensím“ sem getur brotið niður plast allt að sex sinnum hraðar en gamla ensímið þeirra. Vísindamennirnir höfðu áður þróað plastétandi ensím sem kallast PETase og blönduðu því svo saman við annað ensím sem flýtti verulega fyrir ferlinu, samkvæmt fréttatilkynningu háskólans sem send var út síðasta haust.

Þetta nýja ensím gæti komið að miklu gagni við að endurvinna þá gerð af plasti sem er notuð í einnota drykkjarflöskur, teppi og föt. Þetta plast er mörg hundruð ár að brotna niður í umhverfinu en PETase brýtur það niður á nokkrum dögum.

John McGeehan, einn af aðalhöfundum rannsóknarinnar, sagði í samtali við fréttastofu CNN að þetta væri risastórt skref í átt að því að nota ensím til að endurvinna plast og minnka plastmengun. Hann sagði að það hefði raunar komið vísindamönnunum töluvert á óvart að þetta hefði virkað svona vel, en lagði áherslu á að ferlið væri enn alltof hægt að til að vera tilbúið til að fara á markað.

En vísindamennirnir hafa fengið fjármagn til að sinna frekar rannsóknum og eru að reyna að finna leiðir til að fá ensímin til að virka enn hraðar. Ef þeim tekst að þróa nógu hratt ferli gæti það þýtt að hægt verði að hætta að framleiða nýtt plast með jarðefnaeldsneyti og endurnýta þess í stað það plast sem er til staðar. Það gæti sparað gríðarlega orku.

„Ofurensímið“ er byggt á ensímunum PETase og MHETase. Þegar þeim er blandað saman brjóta þau plastið niður tvöfalt hraðar en PETase gerir eitt síns liðs, en þegar ensímin voru tengd saman varð ferlið svo þrefalt hraðara. Ensímin eru bæði fengin frá bakteríum sem höfðu þróað getu til að melta plast og voru uppgötvaðar á ruslahaug í Japan árið 2016.

**Fleiri lausnir í sjónmáli**

Plastmengun er ein alvarlegasta umhverfisváin og hún er sífellt að aukast. Það er engin ein lausn sem getur leyst vandann en metnaðarfull endurvinnsla getur minnkað hana verulega.

Í apríl á síðasta ári tilkynnti franska fyrirtækið Carbios rannsókn á sínu eigin plastétandi ensími, sem er verið að prófa í verksmiðju fyrir utan borgina Lyon. Fyrirtækið segir að ensímið geti endurunnið 90 prósent af plastúrgangi innan 10 klukkustunda og í framhaldi af rannsókninni gerðust stórfyrirtæki eins og PepsiCo og Nestlé meðeigendur í fyrirtækinu.

> **Ensímin eru bæði fengin frá bakteríum sem höfðu þróað getu til að melta plast.**

Ensímið var uppgötvað í laufmoltu en hita þarf það í yfir 70 gráður til að það virki á meðan þetta nýja „ofurensím“ virkar við stofuhita.

McGeehan segir að með því að blanda saman ólíkum aðferðum sé hægt að flýta fyrir þróuninni á þessari tækni og þannig væri mögulega hægt að hefja endurvinnslu á þennan hátt innan tveggja ára.

Aðrar mögulegar lausnir eru smávaxnir vaxormar sem geta borðað ýmsar gerðir af plasti og mjölormar, en þrjú til fjögur þúsund mjölormar geta brotið niður einn frauðplastbolla á um það bil viku.



**Plastmengun er risavaxið og sístækkandi vandamál en vísindamenn vonast til að geta bylt endurvinnslu þess með nýjum ensímum.** FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

FRÉTTABLAÐIÐ

# Atvinnublaðið

Mest lesna atvinnublað Íslands*

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625, Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is 550 5621

*Neyslukönnun Gallups 2018, allt land, 18-80 ára

job

## Hlaðmaður/aðstoðarmaður flugvirkja í flugtæknideild

LANDHELGISGÆSLA ÍSLANDS

Landhelgisgæsla Íslands leitar að öflugum einstaklingi í starf hlaðmanns/aðstoðarmanns flugvirkja.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**

- Aðstoða flugvirkja við undirbúning, frágang og þrif á þyrlum og flugvél fyrir og eftir flug
- Aðstoð við almennt viðhald loftfara
- Viðhald á húsnæði, þrif og tilfallandi verkefni í flugskýli
- Móttaka gesta og aðgangsstýring
- Öryggisgæsla á kvöld- og næturvöktum

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Nákvæm og öguð vinnubrögð og hæfni til að vinna undir álagi
- Mjög góð hæfni í mannlegum samskiptum og teymisvinnu
- Sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði
- Stundvísi og reglusemi skilyrði
- Handlagni - geta til að sinna léttu almennu viðhaldi

Um framtíðarstarf er að ræða þar sem unnið er á þrískiptum, átta tíma vöktum.
Nánari upplýsingar um starfið má finna á heimasíðu Intellecta, **www.intellecta.is**.

Nánari upplýsingar um Landhelgisgæslu Íslands má finna á **www.lhg.is**.

Umsóknarfrestur er til og með **29. mars 2021.** Umsókn óskast fyllt út á **www.intellecta.is** og þarf henni að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi.
Allir áhugasamir, óháð kyni, hvattir til að sækja um.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

STARF

## Verkefnastjóri umhverfis- og nærsamfélags

**Vilt þú hjálpa okkur að gera heiminn grænan?**
Við auglýsum eftir verkefnastjóra umhverfis- og nærsamfélags á Blöndusvæði. Starfið er á nýju sviði Samfélags og umhverfis og verður verkefnastjórinn með starfsstöð á Norðurlandi.

**Verkefni**
– Leiðir samstarf í nærsamfélagi aflstöðva á svæðinu
– Umsjón með umhverfisstarfi á Blöndusvæði, m.a. Grænum skrefum, uppgræðslu og upplýsingagjöf
– Umsjón með sumarvinnu ungmenna og móttöku gesta

**Hæfni**
– Háskóla- eða iðnmenntun sem nýtist í starfi
– Lipurð í samskiptum og samstarfshæfni
– Reynsla og þekking á sviði verkefnastjórnunar
– Þekking á umhverfismálum og sjálfbærni
– Skipulagshæfni, sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði í starfi
– Tölvu- og hugbúnaðarfærni

**Sótt er um starfið á vef Landsvirkjunar, Landsvirkjun.is**
**Umsóknarfrestur er til og með 24. mars 2021.**

Landsvirkjun






BAUHAUS
Allt fyrir hús, heimili og garða

# ER BAUHAUS AÐ LEITA AÐ ÞÉR?

Vegna aukinna umsvifa óskar BAUHAUS eftir að ráða öfluga aðila í tvö spennandi störf. Við leitum að jákvæðum og skipulögðum starfsmönnum til að sinna fjölbreyttum verkefnum í skemmtilegu starfsumhverfi.

BAUHAUS er vaxandi fyrirtæki í verslun og þjónustu á Íslandi og leggur sig fram við að skapa gott umhverfi fyrir starfsfólkið. Markmið BAUHAUS er að bjóða viðskiptavinum sínum upp á mikið vöruúrval, faglega þekkingu og góða þjónustu. Í 22.000 m2 vöruhúsi í Reykjavík býður BAUHAUS upp á margskonar þjónustu undir einu þaki.

Umsóknum fylgi starfsferilskrá. Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is**.
Umsóknarfrestur er til og með **26. mars nk.**
Nánari upplýsingar um störfin veitir Stefanía Hildur Ásmundsdóttir, **stefania@hagvangur.is**

## SÖLUFULLTRÚI Á FYRIRTÆKJASVIÐI

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Myndun viðskiptasambanda ásamt sölu og eftirfylgni
- Fagleg og vönduð ráðgjöf til viðskiptavina
- Samningagerð
- Þátttaka í vöruþróun og innleiðingu nýrra vara
- Framlegðareftirlit verkefna

**Hæfnikröfur**
- Áhugi og reynsla af sölustörfum æskileg
- Þekking og áhugi á byggingavöru er kostur
- Góð almenn tölvukunnátta
- Skipulagsfærni, sjálfstæði í vinnubrögðum og geta til að vinna undir álagi
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar og áhugi á fólki
- Rík þjónustulund, lausnamiðuð hugsun og jákvæðni
- Góð íslensku- og enskukunnátta

## VÖRUMÓTTÖKUSTJÓRI

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Yfirumsjón með vörumóttökusvæði og ábyrgð á vörusendingum
- Ábyrgð á öllu vörustreyminu, frá móttöku vörusendingar og þar til vara er komin í verslun
- Meðhöndlun varnings og eftirfylgni gæða í vörumóttöku
- Umsjón með starfsmannamálum, s.s. ráðningum og þjálfun
- Ábyrgð á að viðskiptavinir BAUHAUS fái bestu þjónustu sem völ er á

**Hæfnikröfur**
- Reynsla af sambærilegu starfi er skilyrði
- Iðn- eða háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Skipulagshæfileikar og sjálfstæð vinnubrögð
- Rík þjónustulund og hæfni til að stýra verkefnum
- Lausnamiðuð hugsun, jákvætt viðmót og sveigjanleiki
- Góð almenn tölvukunnátta
- Góð íslensku- og enskukunnátta

HAGVANGUR

Sterk tengsl
í íslensku atvinnulífi



HAGVANGUR

hagvangur.is

Fjársýsla ríkisins

Fjársýslan er þjónustu- og þekkingarstofnun á sviði opinberra fjármála sem sinnir fjölbreyttum krefjandi verkefnum. Gildin okkar eru þekking, áreiðanleiki og þjónusta. Við leggjum áherslu á góðan starfsanda, jákvæð og opin samskipti og framþróun og metnað í verkefnum okkar.

Sótt er um starfið á **hagvangur.is**

Umsókn skal fylgja ferilskrá og kynningarbréf sem greinir frá ástæðu umsóknar og rökstuðningi fyrir hæfni í starfið.

Umsóknarfrestur er til **29. mars n.k.** og verður öllum umsækjendum svarað.

Um 100% starf er að ræða og eru laun samkvæmt gildandi kjarasamningi milli fjármála- og efnahagsráðherra og Félags háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins.

Nánari upplýsingar veitir Sverrir Briem, **sverrir@hagvangur.is**

# FORSTÖÐUMENN Í TVÆR LYKILSTÖÐUR

Fjársýsla ríkisins veitir ríkisaðilum fjölbreytta þjónustu á sviði opinberra fjármála og stuðlar að skilvirku verklagi á því sviði. Tækniþróun undanfarinna ára hefur opnað á margvísleg tækifæri í sjálfvirknivæðingu ferla og framþróun sem unnið er markvisst að því að nýta. Við leitum að öflugum leiðtogum sem hafa metnað og getu til að nýta þessi tækifæri og vera hluti af stafrænni vegferð næstu ára. Störfin heyra beint undir fjársýslustjóra og eru hluti af stjórnendateymi.

## FORSTÖÐUMAÐUR ÞRÓUNAR- OG ÞJÓNUSTUSVIÐS

Hlutverk þróunar- og þjónustusviðs er að leiða stafræna þróun Fjársýslu ríkisins og stuðla að aukinni skilvirkni með framþróun í verklagi. Meðal verkefna er ráðgjöf og stefnumótun varðandi fjárhags- og mannauðskerfi, rekstur og þróun þeirra kerfa ásamt eftirliti með virkni og gæðum. Sviðið kemur að forgangsröðun og mati þróunarverkefna og verkefnastjórnun þeirra ásamt samningagerð og samskiptum við birgja. Stuðlað er að samþættingu og þróun ferla, hagnýtingu gagna og gervigreindar ásamt fræðslu, leiðbeiningum og námskeiðahaldi.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf sem nýtist í starfi. Framhaldsmenntun kostur
- Reynsla í að leiða stafræn umbótaverkefni, breytingastjórnun og endurhönnun ferla
- Reynsla af uppbyggingu, skipulagi og rekstri stórra upplýsingatæknikerfa
- Reynsla af stefnumótun og skilvirkri verkefnastjórnun
- Reynsla af stjórnun teyma og að byggja upp sterka liðsheild
- Leiðtogahæfni og framúrskarandi færni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Mjög góð færni til tjáningar í ræðu og riti á íslensku og ensku

## FORSTÖÐUMAÐUR LAUNASVIÐS

Hlutverk launasviðs er að skila ríkisaðilum ábata með metnaðarfullri þjónustu á sviði launa og tengdra mannauðsmála. Sviðið ber ábyrgð á launaafgreiðslu ríkisins. Unnið er með Kjara- og mannauðssýslu ríkisins að túlkunum og útskýringum kjarasamninga, ráðgjöf, þróun og stefnumótun í mannauðs- og launakerfum, tölfræðivinnslu, upplýsingagjöf, fræðslu, gerð leiðbeininga og námskeiðahald. Mikil samskipti eru við ýmis ráðuneyti og aðra ríkisaðila.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf sem nýtist í starfi. Framhaldsmenntun er kostur
- Mikil þekking og reynsla af vinnu við kjaramál og vinnurétt
- Reynsla af stjórnun mannauðsmála kostur
- Reynsla af breytingastjórnun og endurhönnun ferla kostur
- Reynsla af stefnumótun og skilvirkri verkefnastjórnun
- Reynsla af stjórnun teyma og að byggja upp sterka liðsheild
- Leiðtogahæfni og framúrskarandi færni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Mjög góð færni til tjáningar í ræðu og riti á íslensku og ensku

HAGVANGUR

Sterk tengsl
í íslensku atvinnulífi

hagvangur.is



HAGVANGUR




# Sérfræðingur í fjárstýringu

## (Treasury Specialist)

**Fjármálasvið Össurar leitar að metnaðarfullum aðila í starf sérfræðings í fjárstýringu.** Fjárstýring ber meðal annars ábyrgð á fjármögnun félagsins, lausafjárstýringu auk áhættustýringar á þeim sviðum.

### STARFSSVIÐ

- Þátttaka í innleiðingu á stefnumótandi verkefnum á sviði fjárstýringar
- Innleiðing á fjárstýringarkerfi
- Samskipti við erlenda banka og umsjón með bankainnleiðingum
- Aðstoð við fjármögnun og lausafjárstýringu
- Aðstoð við áhættustýringu, s.s. gjaldeyrisvarnir
- Önnur tilfallandi verkefni á sviði fjárstýringar

### HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, svo sem viðskipta-, hag- eða verkfræði
- Að lágmarki 2 ára reynsla af störfum við fjárstýringu eða við önnur störf á fjármálamarkaði
- Reynsla af fjárstýringarkerfum og innleiðingu þeirra er kostur
- Framúrskarandi þekking á Excel
- Mjög góð enskukunnátta í ræðu og riti
- Góð skipulagsfærni, frumkvæði, sjálfstæði og nákvæmni í vinnubrögðum

**Umsóknarfrestur er til og með 22. mars 2021.**

Við hvetjum áhugasama til að sækja um, óháð kyni og uppruna.

Sótt er um starfið á vef Össurar, ossur.is/mannaudur.

Athugið að velja viðeigandi starf.

For English version, please see the above webpage.

Nánari upplýsingar veitir mannauðsdeild í síma 515 1300.

Össur er leiðandi alþjóðlegt fyrirtæki á sviði stoð- og stuðningstækja.

Hjá félaginu starfa um 3.500 manns í 26 löndum.

Gildi félagsins eru:

**Heiðarleiki – Hagsýni – Hugrekki**



FÓÐURBLANDAN

# FRAMKVÆMDASTJÓRI FRAMLEIÐSLUSVIÐS

Fóðurblandan óskar eftir að ráða drífandi og jákvæðan einstakling til þess að leiða framleiðslusvið fyrirtækisins.

**Fóðurblandan hf. er rótgróið íslenskt landbúnaðarfyrirtæki sem verið hefur leiðandi í framleiðslu og sölu á landbúnaðartengdum vörum í áratugi. Hjá Fóðurblöndunni starfar öflugur hópur fólks sem nýtir þekkingu sína til að efla árangur, hagsæld og öryggi viðskiptavina sinna.**

**Við bjóðum upp á góðan starfsanda og liðsheild, tækifæri til endurmenntunar og þátttöku í verkefnum sem skipta máli fyrir alla.**

Umsóknir óskast fylltar út á **hagvangur.is**

Umsókninni þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni í starfið.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Ábyrgð á verksmiðju og allri framleiðslu
- Rekstrar- og fjárfestingaráætlunargerð fyrir framleiðslusvið
- Kostnaðareftirlit, framleiðslugreiningar og samantektir
- Ábyrgð á mannauðsmálum framleiðslusviðs
- Samskipti við hagsmunaaðila vegna framleiðslu- og gæðamála
- Leiðandi í skipulagi og stefnumótun framleiðslu og ber ábyrgð á gæða-, öryggis-, framleiðslu- og fræðslumálum framleiðslusviðs
- Önnur tilfallandi verkefni

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Haldgóð iðn- eða háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Víðtæk reynsla af stjórnun tengdri framleiðslu skilyrði
- Þekking á gæða- og öryggismálum
- Framúrskarandi skipulags- og samskiptahæfni og reynsla af starfsmannamálum
- Stefnumótandi og árangursmiðuð hugsun
- Hæfileikar til að skapa sterka liðsheild
- Gott vald á íslensku og ensku, bæði í ræðu og riti

Umsóknarfrestur er til og með **31. mars nk**. Nánari upplýsingar veitir Hlynur Atli Magnússon, **hlynur@hagvangur.is**

HAGVANGUR



MOSFELLSBÆR

## Skólastjóri

# Listaskóla Mosfellsbæjar

### Fjölbreyttur skóli — Skapandi umhverfi

Mosfellsbær er í fararbroddi í nýbreytni í skólastarfi. Listaskóli Mosfellsbæjar skipar fastan sess í skóla- og menningarlífi bæjarins. Markmið hans er að bjóða börnum og ungmennum upp á tónlistarnám og þátttöku í öðrum listgreinum. Undir hatti skólans starfa tónlistardeild og skólahljómsveit, samstarfssamningar eru við Myndlistarskóla Mosfellsbæjar og Leikfélag Mosfellsbæjar.

Listaskólinn starfar í eigin húsnæði og í öllum grunnskólum bæjarins. Við tónlistadeildina eru starfandi bæði klassísk og rytmísk deild og kennt er á öll helstu hljóðfæri auk söngs. Strengjasveit og rytmískar hljómsveitir eru starfandi við skólann auk fjölmargra annarra samspila.

Skólastjóri Listaskólans ber ábyrgð á að starfið sé í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá tónlistarskóla og stefnumörkun Mosfellsbæjar. Hann ber ábyrgð á starfsemi skólans, veitir honum faglega forystu og er daglegur stjórnandi tónlistadeildar.

Mosfellsbær leitar eftir metnaðarfullum einstaklingi sem hefur víðtæka þekkingu á skólastarfi, býr yfir skapandi hugsun og leiðtogafærni til að leiða starfsfólk og nemendur Listaskólans áfram inn í framtíðina.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun á sviði tónlistar skilyrði
- Viðbótarmenntun á sviði stjórnunar og/eða uppeldis- og menntunarfræða skilyrði
- Þekking á stjórnsýslu, fjármálastjórnun og stefnumótunarvinnu
- Reynsla á sviði stjórnunar og faglegrar forystu í mennta- og menningarstofnunum
- Reynsla af tónlistarflutningi og tónlistarkennslu
- Þekking á sviði upplýsingatækni
- Frumkvæði, sjálfstæði og góðir skipulagshæfileikar
- Lipurð og færni í samskiptum
- Góð íslenskukunnátta og færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Almenn tungumálakunnátta

**Mosfellsbær er öflugt og framsækið sveitarfélag þar sem gildin virðing, jákvæðni, framsækni og umhyggja eru leiðarljós starfsmanna í daglegu starfi.**

**Umsóknarfrestur er til og með 7. apríl 2021.**
Sækja skal um starfið á ráðningarvef Mosfellsbæjar, www.mos.is/storf. Umsóknir skulu innihalda starfsferilsskrá og kynningarbréf sem greinir frá reynslu, menntun og fyrri störfum ásamt rökstuðningi fyrir hæfni í starfið. Nánari upplýsingar veitir Linda Udengård framkvæmdastjóri fræðslu- og frístundasviðs í síma 525-6700 eða á linda@mos.is og Atli Guðlaugsson skólastjóri Listaskólans í síma 864-8019 eða á atli@mos.is. Um framtíðarstöðu er að ræða. Öllum umsóknum verður svarað. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands ísl. sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Ráðið er í öll störf óháð kyni.

Þverholti 2 | 270 Mosfellsbær | Sími 525 6700 | mos.is

VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSÆKNI UMHYGGJA

BLAÐAMAÐUR Á FRÉTTABLAÐIÐ

## VILTU SLÁST Í HÓP ÖFLUGUSTU BLAÐAMANNA LANDSINS?

Fréttablaðið leitar eftir umsóknum um starf blaðamanns. Um er að ræða áhugavert starf á skemmtilegum vinnustað í stöðugri sókn

**Umsækjandi þarf:**
- að hafa reynslu af blaðamennsku og skrifum í fréttamiðla, hvort sem er í blað, á net, fyrir sjónvarp eða útvarp
- að hafa góða þekkingu á íslensku samfélagi og brennandi áhuga á málefnum líðandi stundar
- að hafa gott vald á íslenskri tungu
- að hafa þekkingu á samfélagsmiðlum og virkni þeirra
- að vera fær í mannlegum samskiptum
- að geta unnið undir álagi

Umsóknir ásamt ferilskrá skal senda til Elísabetar Salvarsdóttur á netfangið elisabet@torg.is fyrir **19. mars 2021.**

Fréttablaðið er í eigu Torgs ehf. sem á og rekur fjölmarga frétta- og afþreyingarmiðla.

FRÉTTABLAÐIÐ MARKAÐURINN HRINGBRAUT FRÉTTABLAÐIÐ.IS DV TORG



# Sumarstörf

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins (SHS) vill ráða starfsfólk til að sinna sjúkraflutningum í afleysingum sumarið 2021. Um er að ræða vaktavinnu, 8-12 tíma vaktir, á öllum tímum sólarhrings.

Við erum að leita að einstaklingum sem vilja láta gott af sér leiða og hafa áhuga á að tilheyra öflugu liði sem hefur það hlutverk að sinna útkalls-þjónustu á höfuðborgarsvæðinu.

Til að sinna sjúkraflutningum þarf að hafa starfsréttindi sem sjúkra-flutningamaður og aukin ökuréttindi (C1). Hægt er að sækja um án þess að hafa réttindin, en þá er gert ráð fyrir að þeir sem verða ráðnir hafi öðlast þau áður en þeir hefja störf. Umsóknarfrestur er til **21. mars nk.**

Við hvetjum alla til að sækja um, óháð kyni. Nánari upplýsingar um umsóknarferlið, hæfniskröfur og inntökupróf er að finna á heimasíðu SHS.

**Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins**

**www.shs.is**

**SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS – SKÓGARHLÍÐ 14 – S: 528 3000 – WWW.SHS.IS**



# Are you the next Menigan?

We are hiring an Integration Engineer and Software Engineer with the following qualities:

- Excellent working knowledge of .NET (4.7/5/Core), C#, ASP.NET and MS SQL Server
- Good working knowledge of Entity Framework, Docker, Kubernetes, REST API design and Microservices design
- Good appetite for software design principles (SOLID, DRY, Design Patterns, database design, etc.)
- 5 years' experience in software development
- Degree in computer science, software engineering or equivalent

Meniga can promise a collaborative working environment where we aim to bring the best out of our people whether in daily responsibilities, career goals or ping pong.

We are looking for energetic and dynamic people to join our team as we work to help people across the world lead better financial lives.

As a **Senior Software Developer**, you will play an instrumental role in developing Meniga's products, taking a lead role in core development.

As a **Senior Integration Developer**, you will play an instrumental role in developing Meniga's custom extensions and taking a lead role in customer integration projects.

For more info and application please visit:
**meniga.com/jobs**



Klausturbleikja
-íslenskt sælgæti

## Fiskeldisfræðingur eða einstaklingur með mikla reynslu af fiskeldi.

Klausturbleikja leitar að fiskeldisfræðingi eða einstaklingi með mikla reynslu af fiskeldi til starfa hjá fyrirtækinu.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Starfsmaðurinn þarf að búa í nágrenni við Kirkjubæjarklaustur.

**Hæfniskröfur :** Reynsla af fiskeldi, sjálfstæð vinnubrögð, áreiðanleiki og góðir samskiptahæfileikar.
Í boði er spennandi ábyrgðarstarf hjá þekktu fyrirtæki sem framleiðir framúrskarandi vörur. Klausturbleikja er vaxandi fyrirtæki á einum fallegasta stað á landinu.

Áhugasamir eru beðnir um að senda umsókn ásamt ferilskrá á netfangið gudbjorg@klausturbleikja.is fyrir **21.03.2021**

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað.

## Skólastjóri Borgarhólsskóla – Afleysing skólaárið 2021 - 2022

Sveitarfélagið Norðurþing leitar að metnaðarfullum, sjálfstæðum og drífandi stjórnanda með mikla þekkingu og áhuga á skólastarfi.
**Borgarhólsskóli** er tæplega 300 barna grunnskóli á Húsavík. Þar fer fram metnaðarfullt skólastarf og áhersla er lögð á jákvæð samskipti og samveru. Skólinn nýtir uppeldisstefnuna Jákvæður agi og teymiskennslu. Skólasýn, stefnu skólans og fleiri upplýsingar um skólastarfið er hægt að nálgast á heimasíðu skólans http://www.borgarholsskoli.is

**Starfslýsing**
Um er að ræða 100% starf skólastjóra til eins árs skólaárið 2021 – 2022. Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Skólastjórafélags Íslands. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf eigi síðar en 1. ágúst.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Leyfi til að nota starfsheitið kennari.
- Reynsla af stjórnun og/eða faglegri forystu á sviði kennslu og þróunar í grunnskólastarfi
- Kennslureynsla á grunnskólastigi
- Þekking og reynsla af teymiskennslu
- Þekking á uppeldisstefnunni Jákvæður agi
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Færni í að vinna í teymum og að fjölbreyttum verkefnum.
- Skipulögð vinnubrögð, sjálfstæði og frumkvæði, góðir samskiptahæfileikar og þjónustulund.

Umsókn um starfið skal fylgja skrá yfir menntun og starfsferil og afrit af leyfisbréfi, kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar með rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í starfið og upplýsingar um umsagnaraðila. Fólk af öllum kynjum er hvatt til að sækja um.

Umsókn sendist á jon@nordurthing.is merkt: Borgarhólsskóli – Umsókn um stöðu skólastjóra. Öllum umsóknum verður svarað. Umsóknir gilda í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út. Nánari upplýsingar um starfið veitir Jón Höskuldsson fræðslufulltrúi Norðurþings, í síma 464 6123, netfang: jon@nordurthing.is

**Framlengdur umsóknarfrestur er til og með 19. mars 2021.**

PIPAR\TBWA · SÍA



# Viltu vera með?

## — Lyfjafræðingar
## — Aðstoðarlyfjafræðingar
## — Sumarstörf

Lyf & heilsa óska eftir lyfjafræðingum og aðstoðarlyfjafræðingum í sumarstörf á höfuðborgarsvæðinu, Suðurlandi (Selfossi og Hveragerði) og á Akureyri. Möguleiki er á framtíðarstarfi.

### Lyfjafræðingur / Aðstoðarlyfjafræðingur

***Starfssvið*** Í starfinu felst fagleg ábyrgð á afgreiðslu lyfja samkvæmt lögum og reglugerðum um lyfsölu.

***Hæfniskröfur*** Ef þú hefur háskólapróf í lyfjafræði og gilt starfsleyfi, brennandi áhuga á þjónustu, ert jákvæður og opinn einstaklingur, þá gætum við verið að leita að þér.

***Upplýsingar um störfin veitir Guðbjörg Stefánsdóttir, rekstrar- og mannauðsstjóri, gudbjorg@lyfogheilsa.is***

***Fyrir störfin skal senda umsókn merkta „lyfjafræðingur", ásamt ferilskrá á starf@lyfogheilsa.is fyrir 20. mars.***

***www.lyfogheilsa.is***

*Lyf & heilsa er framsækið þjónustufyrirtæki með starfsemi víðsvegar um landið. Fyrirtækið leggur metnað sinn í að veita viðskiptavinum sínum framúrskarandi þjónustu á sviði heilsu, heilbrigði og lífsgæða.*

Lyf & heilsa
*Við hlustum!*

Heilsustofnun er ein stærsta endurhæfingarstofnun landsins og veitir árlega 1350 einstaklingum endurhæfingarþjónustu skv. samningi við Sjúkratryggingar Íslands. Á Heilsustofnun fer fram einstaklingsmiðuð læknisfræðileg endurhæfing sem stjórnað er af þverfaglegum teymum. Áhersla er á að efla líkamlega, andlega og félagslega færni einstaklinga, auka lífsgæði og styrkja þá til athafna daglegs lífs. Helstu meðferðarsvið eru verkjameðferð, meðferð vegna streitu og kulnunar, offitumeðferð, geðendurhæfing, hjartaendurhæfing, öldrunarendurhæfing og endurhæfing eftir alvarleg veikindi, aðgerðir eða slys.



# LAUS STÖRF HJÁ HEILSUSTOFNUN Í HVERAGERÐI

## Læknir

Óskum eftir að ráða endurhæfingarlækni eða annan sérfræðilækni sem hentar starfseminni vel svo sem heimilislækni, lyflækni, öldrunarlækni eða geðlækni.

Starfslýsing: Viðtal og skoðun nýrra sjúklinga og gerð meðferðaráætlunar, þverfagleg teymisvinna, tilfallandi læknisstörf og bakvaktir. Um framtíðarstarf er að ræða en sumarafleysing kemur einnig til greina.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Reynsla og áhugi á rannsóknarvinnu er kostur.

Starfshlutfall er eftir samkomulagi.

## Sálfræðingur

Sálfræðingur óskast til starfa. Um framtíðarstarf er að ræða en sumarafleysing kemur einnig til greina. Starfið er fjölbreytt og felst í viðtölum við dvalargesti, að veita almenna fræðslu og leiða meðferðarhópa, auk þátttöku í þverfaglegum teymum.

Á síðustu árum hefur áhersla verið lögð á hvernig núvitund og samkennd nýtist í meðferðarstarfi.

Starfshlutfall er eftir samkomulagi.

## Sjúkraþjálfari

Sjúkraþjálfari óskast til starfa í sumar. Starfið er fjölbreytt, auk hefðbundinnar sjúkraþjálfunar felur það í sér kennslu í hóptímum, fræðslu, útigöngur og þátttöku í þverfaglegu teymisstarfi.

Starfshlutfall er 100%

## Íþróttakennari

Íþróttakennari óskast til starfa í sumar. Starfið er fjölbreytt, einstaklingsþjálfun og kennsla í hóptímum, s.s. vatnsleikfimi og leikfimi, fræðsla, göngur og þátttaka í þverfaglegu teymisstarfi.

Starfshlutfall er 50-80%

**Hæfniskröfur:**

- Íslenskt starfsleyfi og góð íslenskukunnátta
- Faglegur metnaður og ábyrgð í starfi
- Reynsla af þverfaglegu meðferðarstarfi er kostur
- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum

**Nánari upplýsingar veita:**
G. Birna Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri lækninga – birna@heilsustofnun.is
Steina Ólafsdóttir deildarstjóri sjúkraþjálfunar – steina@heilsustofnun.is
Aldís Eyjólfsdóttir starfsmannastjóri – aldis@heilsustofnun.is s. 4830300

## Umsóknarfrestur er til 15. apríl.

Möguleiki er á húsnæði á staðnum.
Einnig ekur starfsmannarúta til og frá Olís við Rauðavatn í Reykjavík.

Umsóknir með ferilskrá berist til starfsmannastjóra á aldis@heilsustofnun.is
Nánari upplýsingar um störfin er að finna á:
heilsustofnun.is/heilsustofnun/storf-i-bodi

Berum ábyrgð á eigin heilsu        www.heilsustofnun.is



# LINUX SÉRFRÆÐINGUR

**Við leitum að Linux sérfræðingi með ríka öryggisvitund til að takast á við spennandi verkefni í uppbyggingu grunninnviða á sviði upplýsingatækni.**

Stjórnkerfi flutningskerfis raforku á Íslandi byggir á rekstraröryggi tölvukerfa og því er um krefjandi og ábyrgðarmikið starf að ræða. Linux kerfisstjóri hefur umsjón með daglegum rekstri upplýsingatæknikerfa Landsnets og hefur eftirlit með afköstum og rekstraröryggi kerfanna. Upplýsingatækni gegnir lykilhlutverki í framþróun fyrirtækisins og framundan eru krefjandi og skemmtileg verkefni í samstarfi við innlenda og erlenda birgja. Um er að ræða nýtt starf í samhentu UT teymi okkar.

**Hæfniskröfur**

- Reynsla af rekstri og viðhaldi á Linux inniviðum
- Reynsla af sýndarumhverfum er kostur
- Reynsla af rekstri gagnagrunna er kostur
- Þekking á skeljaskriftum er kostur
- Góð samskiptafærni og geta til að vinna í teymi
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð

Starfið felur í sér spennandi og krefjandi verkefni á umbótasinnuðum og metnaðarfullum vinnustað þar sem áhersla er lögð á vellíðan og ánægju alls starfsfólks.

**Umsóknarfrestur er til 28. mars 2021.** Sótt er um starfið á **landsnet.is**. Með umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi. Nánari upplýsingar veitir Ásmundur Bjarnason, forstöðumaður upplýsingatækni, **asi@landsnet.is**.

**Landsnet | Gylfaflöt 9 | 112 Reykjavík | Sími 563 9300 | landsnet@landsnet.is | www.landsnet.is**

LANDSNET



# NÝ STÖRF Á UPPLÝSINGATÆKNISVIÐI HÁSKÓLA ÍSLANDS

**Háskóli Íslands er í fararbroddi íslenskra háskóla og virkur þátttakandi í alþjóðlegu vísinda- og fræðasamfélagi. Árangur skólans á síðustu árum hefur skipað honum í fremstu röð samkvæmt viðurkenndum alþjóðlegum mælingum. Upplýsingatæknisvið er þjónustusvið innan skólans sem leysir upplýsingatengdar áskoranir tölvunotenda innan háskólasamfélagsins, allt frá daglegum skrifstofuverkum upp í flóknustu ofurtölvuvinnslu.**

**Hjá sviðinu eru í gangi fjölmörg þróunarverkefni sem lúta að því að efla lausnarframboð og þjónustu. Verið er að innleiða vottað stjórnkerfi upplýsingaöryggis, efla hugbúnaðarlausnir vegna náms og kennslu sem og að búa til nýtt lausnarframboð fyrir starfsmenn háskólans er starfa við vísindi og rannsóknir. Í rekstri er eitt stærsta tölvunet landsins þar sem samanlagður fjöldi starfsmanna og nemenda sem notendur er á þriðja tug þúsunda. Margs konar hugbúnaðarlausnir eru í boði fyrir notendur og er þar UGLA stærsta kerfið sem utanumhald um nám, kennslu, rannsóknir og innra starf háskólans.**

**Hjá okkur er aldrei skortur á áskorunum og nú þarf upplýsingatæknisvið að auka við mannafla sinn í hugbúnaðarþróun og kerfisstjórn. Við leitum að einstaklingum sem hafa góða samskiptahæfileika, ríka þjónustulund, frumkvæði, starfsmetnað og eru góðir í teymisstarfi.**

**Hér er tækifæri til að hafa áhrif á framþróun tækni, vísinda og samfélags á Íslandi í spennandi sem og öguðu starfsumhverfi. Áhersla er á metnaðarfullt starf í samhentum hópi á vinnustað með góðum starfsanda.**

## FORRITARAR

### Starfssvið

Leitað er eftir öflugum sérfræðingum sem starfa munu að þróun fjölbreyttra og sérhæfðra hugbúnaðarlausna byggðra á opnum hugbúnaði fyrir háskólasamfélagið.

Tæknin sem notuð eru PHP, HTML, CSS og Javascript og notast er við PostgreSQL gagnagrunna.

### Hæfniskröfur

Umsækjendur þurfa að hafa háskólamenntun í tölvunarfræði eða sambærilegu námi og/eða reynslu af hugbúnaðarþróun.

Þekking og áhugi á vefforritun, útgáfustjórnun og notkun gagnagrunna er kostur.

## VEFFORRITARI

### Starfssvið

Leitað er eftir einstaklingi í starf vegna þróunar á upplýsinga- og kynningarvefjum Háskóla Íslands og tengdum stofnunum.

Vefir eru smíðaðir í Drupal vefumsjónarkerfi og notast er við HTML, CSS og Javascript.

### Hæfniskröfur

Umsækjendur þurfa að hafa háskólamenntun og/eða aðra menntun og reynslu sem nýtist í starfi.

Þekking á vefgerð í sambærilegu umhverfi skiptir máli sem og á útgáfu -stjórnun.

Reynsla í framendaforritun.

## KERFISSTJÓRAR UGLU

### Starfssvið

Leitað er eftir öflugum einstaklingum til að takast á við kerfisumsjón UGLU og annan kerfisrekstur.

Dagleg umsjón með kerfinu í samstarfi við þróunaraðila kerfisins.

Virk þátttaka í þróun og uppbyggingu UGLU ásamt almennri uppbyggingu rekstrarlausna hjá Upplýsingatæknisviði.

### Hæfniskröfur

Leitað er eftir öflugum einstaklingi með menntun sem nýtist í starfi, reynslu af kerfisstjórn, þekkingu á gagnagrunnslausnum og Linux stýrikerfi.

**Umsóknarfrestur er til og með 25. mars 2021.**
Sótt er um störfin á **vef Háskóla Íslands** eða á **starfatorg.is**

*Háskóli Íslands er alþjóðlegur rannsóknarháskóli og stærsta kennslu-, rannsókna- og vísindastofnun landsins. Um 1500 starfsmenn eru í föstum störfum við skólann og um 2.200 lausráðnir. Nemendur við skólann eru um 12.500. Háskóli Íslands starfar á fimm fræðasviðum, býður fjölbreytt nám á öllum stigum og er eini háskóli landsins sem býður upp á grunnnám og framhaldsnám í öllum helstu fræðigreinum.*

HÁSKÓLI ÍSLANDS


Sterk tengsl
í íslensku atvinnulífi



HAGVANGUR

hagvangur.is

# Viltu vinna í ört vaxtandi fyrirtæki á Vestfjörðum

## Sérfræðingur í fjármáladeild

**Viðkomandi mun heyra undir framkvæmdastjóra fjármálasviðs.**

### Helstu verkefni

- Skipulag á móttöku reikninga fyrir stórar verklegar framkvæmdir
- Skipuleggja og halda utan um rafrænar samþykktir reikninga hjá tilgreindum samþykktaraðilum
- Færsla bókhalds í bókhaldskerfi eftir að samþykktum er lokið
- Skýrslugerð úr bókhaldi og samþykktarkerfi
- Samráð við mismunandi verkefnisstjóra og verkstjóra varðandi kostnaðareftirlit í stærri verkefnum og undirverkum
- Samskipti við birgja um reikninga og uppgjör
- Önnur almenn bókhalds og skýrslugerð tengd sérverkefnum

Starfshlutfall getur verið sveigjanlegt 50-100%
Arctic Fish er með starfsstöðvar í Tálknafirði, Vesturbyggð og í Ísafjarðarbæ. Umræddu starfi er hægt að sinna frá öllum þessum starfsstöðvum.

### Leitað er að einstaklingi með eftirfarandi hæfni:

- Viðskiptafræðimenntun eða önnur menntun sem nýtist við verkefnið
- Viðeigandi starfsreynsla úr bókhaldi eða verkbókhaldi getur líka komið til greina
- Nákvæmni og öguð vinnubrögð eru nauðsynlegir kostir
- Reynsla af kostnaðareftirliti í stórum verklegum framkvæmdum er kostur
- Framúrskarandi Excel kunnátta þ.m.t. Pivot og Powerpivot er kostur
- Hæfni til að skrifa skýrslur og greiningar á ensku og íslensku
- Þekking á Power BI er kostur
- Góð tölvukunnátta

Nánari upplýsingar veitir Neil Shiran Þórisson framkvæmdastjóri fjármálasviðs s. 831 5300.

## Mannauðs- og öryggisstjóri

**Viðkomandi mun heyra undir forstjóra fyrirtækisins.**

### Helstu verkefni

- Ráðgjöf og stuðningur við stjórnendur með það að markmiði að auka gæði mannauðsmála
- Ábyrgð og umsjón með nýráðningum
- Ábyrgð, framkvæmd og eftirfylgni með umbótaverkefnum í mannauðsmálum
- Ábyrgð á innleiðingu á stefnum og verkferlum í mannauðsmálum
- Ábyrgð á árangursmælingum og greiningum í mannauðsmálum
- Ábyrgð á innri markaðsmálum og upplýsingagjöf til starfsmanna
- Ábyrgð á verkefnum sem stuðla að jákvæðum starfsanda og góðri vinnustaðamenningu
- Framkvæmd og eftirfylgni með öryggisstöðlum fyrirtækisins og gerð og innleiðing nýrra staðla
- Öryggisfulltrúi við nýframkvæmdir félagins

Gert er ráð fyrir að um fullt starf sé að ræða en það er ekki krafa. Gera þarf ráð fyrir ferðalögum innan Vestfjarða vegna vinnu.
Arctic Fish er með starfsstöðvar í Tálknafirði, Vesturbyggð og í Ísafjarðarbæ. Umræddu starfi er hægt að sinna frá öllum þessum starfsstöðvum.

### Leitað er að einstaklingi með eftirfarandi hæfni:

- Þekking og reynsla af mannauðsmálum
- Þekking og reynsla af því að vinna í stöðluðu umhverfi
- Menntun sem nýtist í starfi
- Frumkvæði og metnaður til að skila góðu starfi
- Góð tölvukunnátta
- Stundvísi, áreiðanleiki og áhugi á verkefninu
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af fiskeldi er kostur

Nánari upplýsingar veitir Daníel Jakobsson s. 820 6827.

## Verkefnastjóri byggingarframkvæmdar

**Stækkun seiðaeldisstöðvar í Norðurbotni, Tálknafirði. Viðkomandi mun heyra undir forstjóra fyrirtækisins.**

### Um starfið

Við hjá Arctic Fish erum að fara að stækka seiðaeldisstöðina okkar í Norðurbotni, Tálknafirði. Um er að ræða 5.000 m$^2$ byggingu með 8.000 m$^3$ af kerjum. Byggingarframkvæmdir hefjast vorið 2021.

Við erum að leita að verkefnastjóra sem verður á staðnum og hefur yfirumsjón með framkvæmdum, áætlunargerð og skipulagningu verkefnisins. Viðkomandi mun leiða saman ýmsa aðila til að tryggja skilvirka hönnun sem tryggir árangursríkra framleiðslu á hágæða seiðum.

### Helstu verkefni

- Yfirstjórn á byggingarstað
- Skipulagning, áætlunargerð og kostnaðareftirlit fyrir verkefnið
- Samhæfing og samstarf við ráðgjafa og aðra stjórnendur
- Eftirfylgni með tíma- og kostnaðaráætlunum og með undirverktökum
- Samhæfing og upplýsingamiðlun við undirverktaka og birgja
- Stuðla að þátttöku og samkennd hjá starfsfólki seiðaeldisstöðvarinnar í verkefninu
- Samskipti við yfirvöld og hönnuði vegna leyfismála

### Leitað er að einstaklingi með eftirfarandi hæfni:

- Menntun og reynslu innan byggingargeirans og framkvæmda
- Reynslu og þekkingu á RAS kerfum
- Góða reynslu af verkefnastjórn
- Skipulagshæfileika, áreiðanleika og áhuga á verkefninu
- Góða hæfni í ritaðri og munnlegri ensku

Við hjá Arctic Fish bjóðum þér spennandi tækifæri og góðar aðstæður. Launakjör eru samkeppnishæf og vilji er til að skipuleggja starfið þannig að það henti viðkomandi.

Fyrirspurnum um starfið má beina til Stein Ove Tveiten, CEO, 843 900 eða Daníels Jakobssonar, 820 6827.

**Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um**. Umsóknir skulu berast í tölvupósti til Kristínar Hálfdánsdóttir kh@afish.is.
Með umsókn þarf að fylgja ferilskrá og kynningarbréf.

**Umsóknarfrestur er til og með 28. mars 2021.**

*Arctic Fish framleiðir hágæða lax í seiðaeldisstöð í Tálknafirði og sjókvíum á Vestfjörðum. Markmiðið er að halda áfram að fjárfesta og byggja upp sjálfbæran og arðbæran rekstur, þar sem að eldið er í sátt við samfélagið og umhverfið. Arctic Fish telur að lykillinn að velgengni fyrirtækisins muni byggja á öflugu starfsfólki sem leggur metnað sinn í að bjóða besta mögulega lax frá Íslandi.*

*Arctic Fish samanstendur af Arctic Fish, Arctic Sea Farm, Arctic Smolt og Arctic Odda. Arctic Fish sér um eftirlit og stjórnun fyrirtækjanna. Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru á Ísafirði.*

ArcticFish

info@arcticfish.is || www.arcticfish.is

# Laust starf skjalastjóra og persónuverndarfulltrúa

Akraneskaupstaður

Akraneskaupstaður auglýsir nýtt starf skjalastjóra og persónuverndarfulltrúa laust til umsóknar. Leitað er eftir öflugum skjalastjóra/persónuverndarfulltrúa til starfa á bæjarskrifstofunni og heyrir starfið beint undir skrifstofustjóra á skrifstofu bæjarstjóra.

Áhersla sveitarfélagsins er að veita aukna rafræna þjónustu og miðlun með tækninýjungum ásamt því að umbylta starfsháttum innan sveitarfélagsins með aukinni þekkingu og notkun skjalavistunarkerfis. Þetta tiltekna starf er hluti af þeirri vegferð og mun skjalastjóri hafa það hlutverk að leiða og þróa skjalamál sveitarfélagsins ásamt því að sinna hlutverki persónuverndarfulltrúa. Skjalastjóri ber ábyrgð á því að farið sé eftir gildandi lögum og reglum um skjalavistun.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Gerð skjalastefnu ásamt ábyrgð og umsjón með innleiðingu og þróun hennar.
- Endurskoðun og mótun verklags við skjalastjórnun.
- Umsjón með móttöku erinda og skjala.
- Umsjón með frágangi skjalasafns og eftirfylgni með skjalaskráningu.
- Skipulagning og framkvæmd með fræðslu og kennslu í skjalamálum.
- Ráðgjöf og stuðningur við starfsmenn um skjalamál.
- Frumkvæði og ábyrgð á þróun rafræns skjalavistunarkerfis.
- Framfylgja stefnu Akraneskaupstaðar í persónuvernd.
- Veita starfsmönnum Akraneskaupstaðar ráðgjöf á sviði persónuverndar.
- Áframhaldandi vinna að verkefnum vegna persónuverndarlöggjafar frá árinu 2018, m.a. innri úttektir, áhættustýringu, þjálfun starfs manna, gerð vinnsluskráa o.fl.

### Hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, svo sem bókasafns og upplýsingafræði.
- Þekking og reynsla af skjalamálum skilyrði.
- Reynsla af innleiðingu og þróun skjalastjórnunarkerfa er kostur.
- Þekking eða reynsla á opinberri stjórnsýslu er kostur.
- Þekking eða reynsla á sviði persónuverndar er kostur.
- Mjög góð tölvukunnátta og skilningur á öryggis- og upplýsingatækni er nauðsynleg.
- Þekking og reynsla af skjalavistunarkerfinu One Systems er kostur.
- Framúrskarandi leiðtoga- og samskiptahæfni.
- Framsýni, frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og skipulagshæfni.
- Gott vald á íslensku ásamt hæfni í tjáningu í ræðu og riti.
- Rík þjónustulund.

Með umsókn skal fylgja skrá yfir menntun og starfsferil, kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar með rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í starfið og upplýsingar um umsagnaraðila.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Umsóknarfrestur er til 16. mars n.k.

*Nánari upplýsingar um starfið veita Sædís Alexía Sigurmundsdóttir (saediss@akranes.is), skrifstofustjóri og Harpa Hallsdóttir (harpa@akranes.is), mannauðsstjóri .*

JÁKVÆÐNI METNAÐUR VÍÐSÝNI

STOFNUN ÁRSINS 2020

*www.akranes.is/lausstorf*



# Skólastjóri
## óskast í sólríka sveit

Skútustaðahreppur auglýsir starf skólastjóra Reykjahlíðarskóla í Mývatnssveit laust til umsóknar.
Mývatnssveit skartar fegurð stórbrotinnar náttúru og veðurfarið er margrómað á öllum árstímum. Margskonar möguleikar felast í þessu fallega umhverfi þar sem samfélagið stendur á grunni hins gamla bændasamfélags. Umhverfið er spennandi til útivistar og má m.a. nefna göngu- og hjólastíga, skíðalyftu, gönguskíðabrautir og friðlýst svæði.
Reykjahlíðarskóli er samfélag um 60 nemenda og starfsmanna, sem setur velferð og hagsmuni barna í forgang með áherslu á lýðheilsu, jafnrétti, fjölmenningu, lýðræðislegt samstarf og virðingu fyrir manngildi og sjálfbærni. Öflug tengsl við umhverfi og grenndarsamfélag og sérstaða nánasta umhverfis eru nýtt til kennslu.
Leitað er eftir metnaðarfullum, framsæknum einstaklingi sem hefur góða þekkingu á skólastarfi og er tilbúinn að leiða skapandi skólastarf og virkja þátttöku skólans í samfélagslegum nýsköpunarverkefnum í anda sjálfbærrar þróunar.

### Meginverkefni og ábyrgð

- Leiða starf í framsækni skólasamfélagi sem nýtir styrkleika sem felast í fjölbreyttri náttúru og sterku samfélagi.
- Leiða samstarf innan skólasamfélagsins.
- Stýra og bera ábyrgð á rekstri og daglegri starfsemi skólans.
- Veita faglega forystu og leiða þróun skólastarfs í samræmi við skólastefnu Skútustaðahrepps, aðalnámskrá grunnskóla og lög um grunnskóla.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Frumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum, hugmyndaauðgi, skipulagshæfni og leiðtogahæfileikar.
- Færni í samskiptum.
- Framhaldsmenntun sem nýtist í starfi t.d. á sviði stjórnunar og/eða uppeldis- eða menntunarfræða er kostur.
- Leyfisbréf kennara og kennslureynsla.
- Hæfni og reynsla á sviði stjórnunar, stefnumótunar, áætlanagerðar og þróunar skólastarfs æskileg.
- Áhugi á skólaþróun og framsækni skólastarfi er skilyrði.

### Umsóknarfrestur er til og með 7. apríl.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Skólastjórafélags Íslands.
Næsti yfirmaður er sveitarstjóri Skútustaðahrepps. Sveitarfélagið Skútustaðahreppur aðstoðar við búslóðaflutning og við að útvega húsnæði í sveitarfélaginu.
Umsóknum skal skila á netfangið umsokn@skutustadahreppur.is, merkt „Skólastjóri Reykjahlíðarskóla." Með umsókn skal fylgja starfsferilsskrá, nöfn tveggja umsagnaraðila og stutt kynning á umsækjanda, ásamt sýn á það hvernig starfsemi Reykjahlíðarskóla mun þróast á næstu árum.
Nánari upplýsingar veitir Sveinn Margeirsson, sveitarstjóri í síma 680-6666, einnig er hægt að senda fyrirspurnir á sveinn@skutustadahreppur.is
Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Réttur er áskilinn til að hætta við ráðningu og/eða auglýsa stöðuna að nýju.



# SÉRNÁMSSTÖÐUR Í HEILSUGÆSLUHJÚKRUN

Lausar eru til umsóknar 12 sérnámsstöður hjúkrunarfræðinga í heilsugæsluhjúkrun. Stöðurnar eru sex við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (HH), tvær við Heilbrigðisstofnun Norðurlands (HSN), ein við Heilbrigðisstofnun Suðurlands (HSU), ein við Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, ein við Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA) og ein við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða (HVEST). Hver sérnámsstaða er 80% og veitist frá 1. ágúst 2021 til eins árs.

**Umsóknarfrestur er til og með 26. mars 2021.**
**Athugið að sótt er um sérnámsstöðu hjá viðkomandi stofnun.**

Sérnám í heilsugæsluhjúkrun er í samstarfi við Háskólann á Akureyri. Námið samanstendur af fræðilegu námi við Háskólann á Akureyri og klínískri þjálfun á heilsugæslustöð hjá HH, HSN, HSU, HSA, HSS eða HVEST undir handleiðslu lærimeistara. Námið er skipulagt til eins árs og lýkur með diplóma gráðu.

### MARKMIÐ SÉRNÁMS

- Efla hæfni hjúkrunarfræðinga, meðal annars í þverfaglegu samstarfi á heilsugæslustöð
- Móta viðhorf og sýn til þjónustu heilsugæslunnar í komandi framtíð
- Veita nemendum tækifæri til að rýna í og innleiða gagnreynda starfshætti í daglegu starfi undir handleiðslu lærimeistara á heilsugæslustöð

### MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR

- Almennt hjúkrunarleyfi, BS gráða (lágmarkseinkunn 7)
- Viðkomandi sé starfandi á heilsugæslustöð og hafi a.m.k. eins árs starfsreynslu í heilsugæslu
- Skipulagshæfni og sjálfstæði í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum er skilyrði

### NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITA

Sesselja Guðmundsdóttir
Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu
513 5046 / sesselja.gudmundsdottir@heilsugaeslan.is

Alma María Rögnvaldsdóttir
Framkvæmdastjóri hjúkrunar HSS
422 0625 / alma@hss.is

Baldvína Ýr Hafsteinsdóttir
Framkvæmdastjóri hjúkrunar HSU
432 2007 / baldvina.hafsteinsdottir@hsu.is

Guðný Friðriksdóttir
Framkvæmdastjóri hjúkrunar HSN
860 7750 / gudnyf@hsn.is

Hildur Elísabet Pétursdóttir
Framkvæmdastjóri hjúkrunar HVEST
450 4500 / hildurep@hvest.is

Nína H. Gunnarsdóttir
Framkvæmdastjóri hjúkrunar HSA
470 3054 / ninahronn@hsa.is

**NÁNARI UPPLÝSINGAR Á STARFATORG.IS**

HSN · Heilbrigðisstofnun Suðurlands · HSS Heilbrigðisstofnun Suðurnesja · Heilbrigðisstofnun Vestfjarða · Heilbrigðisstofnun Austurlands · Háskólinn á Akureyri University of Akureyri · Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins

---

Parki INTERIORS

## Sölufulltrúi í innréttingadeild

**Hlutfall:** Fullt starf **Tegund:** Sölu og markaðsstörf
Kraftmikill einstaklingur óskast í innréttingadeild Parka.
**Sjá nánar á Job**

job
Finnum draumastarfið saman

---

**RAFEY VÖRUBÍLAVERKSTÆÐI**

## RAFEY EHF Á EGILSSTÖÐUM ÓSKAR EFTIR AÐ RÁÐA BIFVÉLAVIRKJA Á VÖRUBÍLAVERKSTÆÐI FYRIRTÆKISINS

## EINNIG KEMUR TIL GREINA AÐ RÁÐA STARFSMENN SEM HAFA MIKLA REYNSLU AF VIÐGERÐUM.

Rafey ehf er öflugt félag með langa sögu. Vörubílaverkstæði er ein af 4 deildum félagsins.

**Allar nánari upplýsingar veitir Máni s. 895 1916.**

Vekjum athygli á nýrri heimasíðu okkar, www.rafey.is

RAFEY EGILSSTAÐIR
Miðási 11 · 700 Egilsstaðir · www.rafey.is
Sími 471 2013 · 893 5413

---

# Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

---

PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Hlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar er að tryggja hagkvæm, örugg og aðgengileg fjarskipti og póstþjónustu og efla virka samkeppni á markaði. Meginþungi starfseminnar eru fjarskipti og tengd mál. Hjá PFS starfa 30 starfsmenn, aðallega sérfræðingar við úrlausn tæknilegra, viðskiptalegra og lagalegra verkefna er tengjast hlutverki stofnunarinnar.

## Sérfræðingur í netöryggissveit PFS - CERT-ÍS

CERT-ÍS óskar eftir að ráða í stöðu sérfræðings í netöryggissveit. CERT-ÍS starfar sem sér skipulagseining innan Póst- og fjarskiptastofnunar.
Netöryggissveitin hefur það hlutverk að fyrirbyggja, draga úr og bregðast við hættum vegna netárása eða hliðstæðra öryggisatvika í þeim tölvukerfum sem falla undir starfssvið hennar. Sveitin greinir atvik, takmarkar útbreiðslu og tjón af völdum netárása og stefnir á að vera leiðandi í umræðu um netöryggismál og fyrirbyggjandi varnarstarfi.
Við bjóðum gott tækfæri til starfsþróunar í krefjandi og kviku umhverfi upplýsinga- og netöryggismála.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Náin þátttaka í örri þróun og uppbyggingu netöryggissveitar CERT-ÍS
- Meðhöndlun öryggisatvika og greining veikleika í tölvu- og netkerfum
- Upplýsingaskipti við þjónustuhópa og aðra ytri aðila
- Þátttaka í samstarfi alþjóðlegra CERT og CSIRT sveita
- Ráðgjöf og upplýsingar varðandi upplýsingaöryggi

**Hæfniskröfur**
- Háskólapróf í verk-, tækni- eða tölvunarfræði eða haldgóð reynsla á sviði netöryggis
- Starfsreynsla við hönnun og högun netkerfa, hugbúnaðargerðar og/eða öryggisgreininga er æskileg
- Hæfileiki til að geta unnið sjálfstætt sem og í hópi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Gerð er krafa um mikla greiningarhæfni, öguð og skipulögð vinnubrögð
- Góð íslensku og enskukunnátta, bæði töluð og í rituðu máli.
- Reynsla af viðbragðs- og aðgerðarstjórnun æskileg
- Þekking á farsímakerfum æskileg (4G/5G)

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Krafist verður sakavottorðs.

**Umsóknarfrestur er til og með 19. mars nk.**

CERT-ÍS lítur svo á að umsókn gildi í 6 mánuði frá dagsetningu hennar, nema umsækjandi ákveði umsókninni skemmri gildistíma.

CERT-ÍS hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um störf hjá stofnuninni.

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Arnar Sigmundsson - gudmundur@cert.is

# Fagval

## Starfsmaður óskast

Fagval ehf auglýsir eftir starfsmanni í smíði og uppsetningu á álhurðum og gluggum.

**Vinsamlega sendið inn fyrirspurn á job@fagval.is**

# Íbúafundur



## Breyting á aðalskipulagi hafnarsvæðisins

Boðað er til íbúafundar þann 17. mars 2021 kl.17:00 – 18:30 að Norðurhellu 2, þar sem tillaga að breyttu aðalskipulagi sem nær til hafnarsvæðisins í Hafnarfirði verður kynnt. Fjöldi þátttakenda í sal miðast við tilmæli yfirvalda um fjöldatakmarkanir og fjarlægðarmörk. Allir fundargestir eru vinsamlega beðnir um að vera með grímu.

**Kynningarfundurinn verður einnig í beinu streymi á vef bæjarins og á Facebooksíðu Hafnarfjarðarbæjar.**

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti þann 03. 03. 2021 tillögu að greinargerð ásamt uppdrætti aðalskipulagsbreytingarinnar. Í gildandi aðalskipulagi er skipulagssvæði tillögunnar skilgreint sem H1 og H2 (hafnarsvæði). Með breytingunni verður landnotkun svæðisins skilgreind sem M5 og M6 (miðsvæði), ÍB15 (íbúðarsvæði) og H6 (hafnarsvæði). Einnig tekur tillagan til svæða í sjó og við hafnarbakka þar sem landnotkun verði skilgreind sem H7 og H8 (hafnarsvæði).

Nánar á:
**hafnarfjordur.is**

Hafnarfjörður

**SELTJARNARNES**
**Dælubrunnur Lindarbraut**
**Framkvæmdir**
**ÚTBOÐ**

Seltjarnarnesbær óskar eftir áhugasömum aðilum til að taka þátt í útboði vegna framkvæmda við byggingu á nýjum skolpdælubrunni við Lindarbraut og koma fyrir tengilögnum frá honum að núverandi yfirfallsbrunni.

Helstu magntölur eru:

| | |
|---|---|
| - Gröftur | 500 $m^3$ |
| - Dælubrunnur, steinsteypa | 16 $m^3$ |
| - Dælubrunnur, mót | 120 $m^2$ |
| - Dælubrunnur, bendistál | 2.600 kg |

Útboðsgögn verða aðgengileg frá og með þriðjudeginum 16. mars 2021 á vefslóðinni vso.ajoursystem.is.

Tilboðum skal skila rafrænt, gegnum útboðskerfið vso.ajoursystem.is, eigi síðar en mánudaginn 19. apríl 2021 kl. 13:00.



Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður. Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

## Forstöðumaður innri endurskoðunar

Vegagerðin leitar að metnaðarfullum einstaklingi til að sinna starfi forstöðumanns innri endurskoðunar hjá Vegagerðinni. Forstöðumaður er ábyrgur fyrir stjórnun og framkvæmd innri endurskoðunar í samræmi við erindisbréf Vegagerðarinnar.

Í boði eru fjölbreytt og krefjandi verkefni á áhugaverðum vinnustað.

**Umsóknarfrestur er til og með 31. mars 2021.**

Hlutverk innri endurskoðunar er að hafa eftirlit með og skoða reglubundið og á kerfisbundinn hátt alla starfsemi, bókhald og rekstur stofnunarinnar. Aðstoða stjórnendur við að ná settum markmiðum og stuðla að hagkvæmari og skilvirkari nýtingu á fjármunum Vegagerðarinnar. Einnig leggja mat á og bæta virkni innra eftirlits.

Um 100% starf er að ræða á starfsstöð Vegagerðarinnar á höfuðborgarsvæðinu.

**Áhugasamir sæki um starfið á www.vegagerdin.is**

**Reykjavíkurborg**
Umhverfis- og skipulagssvið



## Deildarstjóri deiliskipulags- og afgreiðslumála

**Skipulagsfulltrúinn í Reykjavík óskar eftir að ráða öflugan og metnaðarfullan einstakling til að sinna starfi deildarstjóra deiliskipulags- og afgreiðslumála**

Leitað er að jákvæðum aðila með ríka forystu- og samskiptahæfileika. Starfið krefst víðtækrar faglegrar þekkingar, stjórnunar- og skipulagshæfni, frumleika og nákvæmni. Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi starf í skapandi og faglegu starfsumhverfi með nýsköpun og framsækni á öllum stigum skipulagsgerðar að leiðarljósi. Deildarstjórinn er staðgengill skipulagsfulltrúa sem jafnframt er hans næsti yfirmaður.

**Starfssvið**

- Stýrir deild deiliskipulags og afgreiðslumála og er næsti yfirmaður verkefnisstjóra sem starfa á deildinni hverju sinni.
- Hefur forystu í samvinnu við skipulagsfulltrúa um mótun faglegra forsendna, skipulagningu, áætlanagerð og eftirliti með verkefnum og upplýsingamiðlun deildar.
- Efla faglegt samstarf deildar innan sem utan skrifstofu og stuðla að framþróun á starfssviði deildar með þátttöku í stefnumótunarvinnu og þróunarverkefnum / rannsóknum.
- Samskipti og samráð við íbúa, hagsmunaaðila, ráðgjafa og stofnanir, nefndir og ráð, skrifstofur og deildir innan og utan borgarkerfis um skipulagsmál og veita ráðgjöf til sömu aðila um framgang og málsmeðferð einstakra skiplagsmála sem eru til umfjöllunar hjá embætti skipulagsfulltrúa.
- Vera öðrum verkefnisstjórum til aðstoðar og ráðgjafar um málsmeðferð og framvindu einstakra skipulagsmála í umsjá þeirra.
- Yfirumsjón umfangsmikilla skipulagsverkefna, stefnumótunar og áætlanagerðar í skipulagi og/eða einstakra málaflokka á í samráði við skipulagsfulltrúa.
- Áætlunargerð, verkaskipting, eftirlit og umsjón og framfylgd starfsáætlunar og tryggir að framkvæmd þjónustu í starfsemi deildar sé í samræmi við stefnu, leiðarljós og markmið umhverfis- og skipulagssviðs.
- Situr afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa og tekur þátt í formlegri afgreiðslu mála á vegum embættisins.
- Staðgengill skipulagsfulltrúa í skipulags- og samgönguráði.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun í samræmi við 5.mgr. 7.gr. skipulagslaga nr.123/2010.
- Lágmark 7 ára reynsla af skipulagsgerð og/eða málsmeðferð skipulagsáætlana og verkefnisstjórnun.
- Leiðtogahæfileikar.
- Frumkvæði og faglegur metnaður.
- Mjög góðir hæfileikar til samskipta og samvinnu.
- Þekking og reynsla í opinberri stjórnsýslu er kostur.
- Reynsla af stjórnun er kostur.
- Skipulagsfærni, nákvæmni og hæfileiki til að vinna sjálfstætt.
- Geta unnið vel undir álagi.
- Góð kunnátta í íslensku og ensku og/eða norrænu máli í ræðu og riti.

Umsóknarfrestur er til og með 29 mars 2021. Um er að ræða 100% starf og æskilegt er að starfsmaður geti hafið störf sem fyrst. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og hlutaðeigandi stéttarfélags. Nánari upplýsingar veitir Björn Axelsson ***bjorn.axelsson@reykjavik.is*** skipulagsfulltrúi í síma 411-1111. Sótt er um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar ***www.reykjavik.is*** undir **„laus störf“** og **„deildarstjóri deiliskipulags og afgreiðslumála**.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

# Útboð



## Ný útboð í auglýsingu

**LED götulampar í Hafnarfirði**
Hafnarfjarðarbær óskar eftir tilboðum í LED götulampa í fjögur hverfi í Hafnarfirði. Í heildina eru þetta um 2.100 lampar og verða tilboð opnuð **15.apríl kl. 10**.

**Skarðshlíð – dæluhús og snjóbræðsla**
Þegar Jakob er inntur eftir því hvaða smurbrauð hafi verið vinsælast frá upphafi, stendur ekki á svari: „Rauðsprettan – ingen over. Ingen ved siden. Danir sem hingað hafa komið segja hana mikið mun betri en heima fyrir. En svo verður að nefna purusteikina með sýrðu grænmeti og soðsósu af heitu réttunum svona sögulega séð. Af nýjum réttum á matseðlinum okkar er hægt að nefna Roastbeef Bernaise sem er með stökkum „kartoffelchips“, sultuðum rauðlauk og bernaise-majónesi, en einnig get ég sagt frá reyktri andarbringu með piparrótarrjóma og kryddjurtum sem slegið hefur í gegn. Hún er soldið jólaleg en aðventan á líka stóran sess í hjarta Jómfrúarinnar sem okkar mesta háönn ársins, svo það má segja að það sé viðeigandi að hafa einn svona „jólarétt“ allt árið um kring.“

**Lengsti ákavítislisti landsins**

*Hafa orðið breytingar á rekstrinum?*

„Já, ég segi stundum að við höfum breytt öllu en samt engu. Enda var ekki um að ræða breytingar breytinganna vegna. heldur endurbætur í víðasta skilningi. Við pabbi vorum sammála um að margt í innréttingum og andrúmsloftinu sem ríkti á Jómfrúnni mætti „modernisera“, enda eðlilegt að hlutir láti á sjá á 20 ára tímabili.

Það var leiðarljósið í þeim framkvæmdum sem við fórum í. Að gera hluti þannig úr garði að gestir, og ekki síður starfsfólk. gæti fengið meira út úr veru sinni á Jómfrúnni.

Við bjuggum til bar, gerðum hlýlegra innanhúss með efnisvali, lýsingu og bættri hljóðvist, auk þess sem við bættum starfsmannaaðstöðu og vinnuaðstöðu okkar starfsmannanna. Opnunartíminn var lengdur og matur og drykkir þróaðir samhliða því, við erum til dæmis með lengsta ákavítislista landsins og þó víðar væri leitað. Ég er líka svo heppinn að hafa Óla bróður minn með mér í þessu öllu sem veitingastjóra og þar að auki sem menntaðan framreiðslumann. Við vinnum mjög vel saman ásamt okkar góða fólki.

Oft er sagt að tölurnar tali sínu máli og þær segja okkur að við höfum gert rétt.

**Auka alúð á afmælisári**

Margt spennandi er fram undan á afmælisárinu og aðspurður segir Jakob að fyrst og fremst verði hlúð að því sem vel hefur verið gert. „Það eru vissulega áskoranir í því að halda árslangt afmæli á tímum þar sem strangar skorður eru settar á gestafjölda. Það er jú grundvöllur farsæls veitingarekstrar að fólki sé heimilt að koma saman og sem betur fer horfir til betri vegar í þeim efnum.



Roastbeef bernaise með stökkum „kartoffelchips“, sultuðum rauðlauk og bernaise-majónesi.



Brauð sem við köllum bara „vegan smörrebröd“ sem er sólkjarnarúgbrauð með edamame hummus, lárperu og radísuspírum.



Ákavítis- og rauðbeðugrafinn lax á súrdeigsbrauði með með lárperu og kryddjurtum.

> **Það gekk á ýmsu til að byrja með.**
> Jakob Einar Jakobsson

Við höfuð því ekki blásið í stóru lúðrana til að fagna afmælinu okkar og ætlum ekki að gera það. Við viljum og ætlum í staðinn að leggja bara auka alúð við það sem við teljum okkur hafa gert vel alla tíð, það að vera gestrisin og góð heim að sækja.

Þó get ég nefnt það að við ætlum að hafa djassprógramm sumarsins einkar veglegt og stefnum á útgáfu bókar fyrir árslok, sem verður jólagjöfin fyrir sælkerann og „veitingaspekúlantinn“. Einnig höfum við hafið sölu á frábæru kampavíni sem við höfum í einkasölu hér á landi og þannig viljum við bjóða landsmönnum að skála saman á Jómfrúnni við sig og sína og fyrir Jómfrúnni.“

LISTASAFN ÁRNESINGA
6. febrúar - 23. maí 2021



тройка
Kristján Steingrímur
Pétur Magnússon
& Tumi Magnússon

Rófurass
Bjargey Ólafsdóttir



Sýningarstjóri
Jonatan Habib Engqvist

Safnið er opið alla daga nema mánudaga frá 12 -17,
ókeypis aðgangur
sjá nánar á www.listasafnarnesinga.is

# Með ævintýri og dekur upp á vasann

Senn kemur vorið og ekki seinna vænna að njóta lífsins og landsins gæða, nú þegar helgarfrí gefst og dagarnir kalla á nýjar og kátari minningar eftir hvimleiðan COVID-vetur. Því er tilvalið að nota ferðagjöfina sem allir Íslendingar eldri en átján ára fá notið til 31. maí og er liður í að styðja við bakið á íslenskri ferðaþjónustu í heimsfaraldrinum og hvetja landsmenn til að eiga góðar stundir víðs vegar um landið.

Alla munar um að eiga 5.000 króna ferðaávísun til að gera sér dagamun og dekra við sjálfan sig, hvort sem það er að fara út að borða og panta sér dýrindis steik á uppáhaldsveitingahúsinu sínu, gista á rómantískum stað í íslenskri náttúru, sækja menningarviðburði eða upplifa eitthvað ævintýralegt eins og bátsferð, hvalaskoðun, fara á hestbak, vélsleðaferð, útsýnisflug eða annað óviðjafnanlegt í minningabankann.

Ferðagjöfin er sótt á Ísland.is og til að nýta hana í eitthvað dásamlega skemmtilegt þarf að ná í smáforritið Ferðagjöf í App Store eða Play Store og í framhaldinu er hægt að skanna strikamerki við kaup á þjónustu. Þeir sem eru ekki með snjallsíma geta nýtt ferðagjöfina beint inni á Ísland.is og á ferdalag.is er hægt að sjá hvaða fyrirtæki taka á móti ferðagjöfinni og þrengja leitina við tiltekin landsvæði.









Það væri synd að nota ekki ferðaávísunina góðu til að njóta með sjálfum sér, vinum eða fjölskyldunni í mat eða menningu, ferðalögum eða fjöri.

> **Alla munar um að fá gefins 5000 kall til að krydda aðeins tilveruna í mat og drykk, afþreyingu, gistingu, menningu, óvæntri upplifun eða góðu dekri fyrir líkama og sál.**

Allir eru hvattir til að nýta gjöfina í tæka tíð og aldeilis kjörið að nota tímann fram til 31. maí til að lifa og leika sér með gefins 5.000 krónur upp í gamanið. Heimilt er að gefa ferðagjöfina í smáforritinu Ferðagjöf, sem og beint af Ísland. is. Smellt er á „Sækja Ferðagjöf“ og þá opnast gluggi með valmöguleikunum að nota ferðagjöfina eða „Gefa áfram“. Þannig getur ferðaávísunin orðið öðrum til gleði og alveg frábær tækifærisgjöf.

## Bílar & Farartæki



Nýr Nissan Leaf e+ 62 kWh Tekna 3ja ára evrópsk verksmiðjuábyrgð. Með öllu sem hægt er að fá í þessa bíla. Svartur - hvítur og Dökkgrár. 1.284.000 undir listaverði á aðeins 4.990.000,-



Chrysler Town & Country Limited 1/2016 ekinn aðeins 70 þ.km. 7 manna. Leðursæti. Rafdrifnar hliðarhurðir og skot lok. Hlaðin búnaði. Frábært verð kr. 4.490.000,-

**Sparibíll ehf**
**Hátún 6A, 105 Reykjavík**
**Sími: 577 3344**
**www.sparibill.is**

## Þjónusta

### Bókhald

HSE Bókhald & Uppgjör slf
Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör.
Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

**FRAMTALSAÐSTOÐ - BÓKHALDSÞJÓNUSTA**
Bjóðum einstaklingum framtalsaðstoð og fyrirtækjum alhliða bókhalds og uppgjörsþjónustu.
Góð þjónusta á sanngjörnu verði.
Uppl. í síma 8548080/5168080
retta.is
olafur@retta.is

### Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Litið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

### Múrarar

Get bætt við mig flísalögnum og múrvinnu, 20 ára reynsla. Uppl. í s. 866 3300

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

Flísalagnir
Múrvinna
Málningarvinna
Smíðavinna
Tréverk
Blikkvinna
bpbyggehf@gmail.com
Sími 844 5469

K2
LOFTSTOKKAHREINSUNIN
- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR

Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

Rúnar Múrari ehf
S - 780 - 28 38
Tröppuviðgerðir - Húsaviðgerðir - Þakmálun - Málningarvinna- o.m.fl.
https://runarmurari.is

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.
Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.
Tímavinna eða tilboð.
Strúctor byggingaþjónusta ehf.
S. 893 6994

### Nudd

**NUDD NUDD NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvikur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

### Skemmtanir

Bingóleiga
bingospil.is

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Hafdals hótel við Akureyri



Nýlegt hótel, stór og góð herbergi. fallegt útsýni. 7. mín. akstursfjarðlægð frá miðbæ Akureyrar.
**Bókanir á www.hafdals.is**
**Sími 898 8347**

GLUGGA GERÐIN
Gamli glugginn úr, nýi gluggin í ...svo einfalt er það
Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.
Hafðu samband og við metum ástandið.
Smiðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

## Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

**Beinn sími: 550 5625**
**Sölufulltrúar:**
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is





Tilboð 19.990 kr (var 21.484 kr)
Jet II - 105 cm

Tilboð 21.990 kr (var 23.075 kr)
Jet 1 - 105 cm

Loftviftur eru snjöll leið til að dreifa varma og koma hreyfingu á loft. Loftviftur henta því vel í stofur, svefnherbergi, skrifstofur, í vöruhús og verksmiðjur. Á sumrin henta vifturnar til að kæla en á veturna til að jafna hitastig og draga úr kyndingu.

Tilboð 134.990 kr (var 150.853 kr)
Risavifta - 254 cm
Fyrir stór rými eða mikla lofthæð

Tilboð 54.990 kr (var 65.373 kr)

Cyclone 132 cm
Tilboð 24.990 kr (var 27.367 kr)

KÍKTU Á ÚRVALIÐ AF LOFTVIFTUM

íshúsið
viftur.is -andaðu léttar
S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur

## Keypt & Selt

### Til sölu

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is




Gítarar og hljómborð
í miklu úrvali
Verð við allra hæfi




RAFVESPA
60V/900W með 60 km. drægni.
Hleðsla: 6-8 tímar. 25 km. hraði.
Rauð, svört eða hvít.
Kr. 179.000,-
NITRO
Nitró - Urðarhvarfi 4 - 557 4848 - nitro.is

### Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
Opið mán - fös 11-16,
Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

## Heimilið

### Barnavörur




VAGNSTYKKI + KERRUSTYKKI + SKIPTITASKA
Verð frá 99.900 kr. Barnið Okkar - Hlíðasmára 4 - 201 Kóp. s. 5538313 barnidokkar.is

## Húsnæði

### Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Tilkynningar

### Einkamál

Makaleit



www.makaleit.is
Vandaður íslenskur stefnumótavefur. Makaleit.is - aðeins 999 kr

DEIT.IS
STEFNUMÓTASÍÐA
Finndu félagsskap fyrir framtíðina.
30 daga áskrift kostar aðeins 999 kr.

FRÉTTIR, FÓLK &
MENNING
á Hringbraut

FRÉTTABLAÐIÐ




88,4%
af lesendum dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu
á aldursbilinu 18–49 ára lesa
Fréttablaðið daglega.

*Fréttablaðið og Morgunblaðið.
Heimild : Prentmiðlamæling Gallup okt. - des 2020

# Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

LOK Á HEITA POTTA



Framleiðum einangrunarlok og yfirbreiðslur á allar tegundir potta.
Metum ástand og gerum við.
www.fjardarbolstrun.is
Fjarðarbólstrun S. 561 4188 • 840 0339 • fjardarbolstrun@gmail.com

EYJALIND
Varahlutir í VOLVO
Vinnutæki



Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?




Bílsætaviðgerðir-, mótorhjóla og snjósleðasæti. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu. Skoðið video af vinnslu á www.hsbolstrun.is
Formbólstrun
Hamraborg 5 Kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hs@bolstrun.is

Geymsluskúrar /gestahús til sölu



• Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
• Veggjagrind út 45x95 timbri.
• Pappi og bárustál á þaki.
• Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
• Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

Ferðaþjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is

ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR
ÞARFT ÞÚ AÐ KOMA FYRIRTÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?



HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ
FRÉTTABLAÐIÐ
Sími 550 5055 | smaar@frettabladid.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is




## Veldu páskaegg frá Nóa sem passar þér!

Nóa páskaeggin eru tilbúin. Við vönduðum okkur alveg sérstaklega. Litlu páskakanínurnar eru líka komnar aftur og þær eru svo sætar að þær eru ætar! Páskaeggin eru af öllum stærðum og gerðum, svo að allir ættu að finna egg við sitt hæfi.

**Skoðaðu úrvalið, veldu og njóttu!**

NÓI SÍRÍUS

cocoa HORIZONS

## Út fyrir kassann

Sigmundur Ernir Rúnarsson



# Þetta er oft svona



Höfundur er sjónvarpsstjóri Hringbrautar, sem rekin er af Torgi, sem jafnframt gefur út Fréttablaðið.

Aldamótaárið 2000 reið Suðurlandsskjálftinn yfir. Ég finn enn þá fyrir þunga niðsins, þessa djúpa dyns, sem var undanboði óskapanna, líkast því sem máttarvöldin væru að vakna upp með ofboði.

Svo skók skjálftinn greiðaskálann á Flúðum. Hann varði í 36 sekúndur, lengstu sekúndur lífs míns. Það var líkast því sem goðmögnin hefðu húsið í hendi sér og hristu það af stjórnlausri ákefð.

Ég kastaðist ítrekað aftur í sæti mitt. Einu gilti hvað ég reyndi oft að standa á fætur því jafnharðan hentist ég niður. Ég var enda staddur á meginupptökusvæði skjálftans þar sem jörðin var að rifna af þvílíkum krafti að litla laxáin á næstu grösum bylgjaðist upp fyrir bakka sína svo að straumur hennar hékk um stund í lausu lofti.

Enginn sjónarvottanna hafði upplifað annað eins. Hvorki fyrr né síðar. Jörðin flengdist eins og brimskafl yfir undirlendið.

Í miðjum skálanum stóð norsk kona, ung að árum. Hún hafði komið til innanbúðarstarfa fáum vikum áður og hugðist vera sumarlangt í þessu ókunna landi. En stjarfari svip á manneskju hef ég ekki séð en að afloknum þessum hamslausa hræringi jarðar. Á báðar hendur hennar höfðu ísskápar jafnt sem kökuhillur kastast í gólfið, að viðbættum bjórtönkunum og pengingakassanum, kaffivélinni og vínbökkunum svo ekki sá í gólfið fyrir öllu saman.

En titrandi stóð hún þarna upp úr eyðileggingunni, skjálfandi á skrámuðum leggjunum – og spurði kjökrandi röddu í þann mund sem þögnin lagðist yfir laskaðan skálann: Er þetta oft svona?

> ÉG HAFÐI GLEYMT ÞEIM. OG MUNAÐ BETUR EFTIR BYLGJUNNI OG STÖÐ 2. FRÉTTAMAÐURINN VARÐ FÖÐURNUM YFIRSTERKARI.

Ég hef hugsað til þessarar sögu á síðustu vikum og rifjað upp reynsluna, ægilega upplifunina.

Og já, þetta er einmitt oft svona.

Hugurinn hvarflar í fyrstu til stráksáranna á Akureyri, minningarinnar um Surtseyjargosið, ég var að verða þriggja ára þegar því lauk – og næstu árin var eilíflega verið að tönnlast á því í mínum húsum. Eða allar götur þar til Hekla lét á sér kræla vorið 1970 með öskufalli norður yfir heiðar – og hafi það ekki verið nóg að sinni, hófst gosið í Heimaey litlu síðar, ég var að verða tólf ára, afréð þá á morgungöngunni á leið í skólann, með litla batterísútvarpið mitt á öxlinni, að ég myndi verða fréttamaður þegar ég yrði stór, hlustandi á helstu útvarpsgoðin á Skúlagötunni fara með himinskautum í lýsingum sínum á landflótta eyjaskeggjum.

Ég hafði aldrei heyrt annað eins. Útvarpið vék ekki af öxlinni þennan daginn fyrr en rafhlöðurnar gáfust upp.

Svo liðu ekki nema þrjú ár, fimmtán ára sat ég í Gagganum mínum og tók fyrsta samræmda próf Íslandssögunnar í dönsku þegar Kópaskersskjálftinn reið yfir með þeim afleiðingum, í mínu tilviki, að prófinu var aflýst á Akureyri. Það lék enda allt á reiðiskjálfi í bænum. Og ég man enn þá eftir Vaðlaheiðinni þegar ég leit út um gluggann, hún minnti á magadansmær, svo mjúklega sem hún tók snúninginn í fjarska.

Kannski var þarna kominn upptakturinn að Kröflueldunum sem hófust síðar sama ár og linntu ekki látum fyrr en tæpum áratug síðar. En þá var ég líka farinn suður í fréttamennskuna. Að skrifa mínar eigin hamfarafréttir. Og skúbba skjálftum seinna meir.

Það var nefnilega svo að þegar ég gat loksins staðið upp úr stólnum mínum í greiðaskálanum á Flúðum á því herrans ári 2000, á sjálfan þjóðhátíðardaginn, rauk ég í einu hendingskasti að næsta síma sem hékk á vegg í afgreiðslunni og hringdi í ofboði á fréttastofuna mína á Lynghálsinum – og lét rjúfa dagskrá Bylgjunnar, löngu áður en Ríkisútvarpið rankaði við sér, en það sem ég gat nú komið út úr mér orðunum um allt sem hafði skeð á næstu mínútum: Ég óð á súðum, ætlaði ekki að hætta, en hikstaði þó aðeins – og viðurkenni það vissulega – þegar ég sá svipinn á einhverjum þremur barna minna, kornungum, sem höfðu verið að leik fyrir utan skálann, en lágu þar núna steinrunnin í grasinu og gátu sig hvergi hreyft af hræðslu, enda eftirskjálftarnir litlu skárri en sá stóri.

Ég hafði gleymt þeim.

Og munað betur eftir Bylgjunni og Stöð 2.

Fréttamaðurinn varð föðurnum yfirsterkari.

Móður þessara barna hafði ég eignast að ástkonu sakir ógurlegra aurflóða í Ólafsfirði. Það var síðsumars 1988.

Tindaöxlin ofan bæjarins hafði gefið sig. Og brekkuhúsin yfirfylltust af for og leðju.

Ég var ekki fyrr snúinn með fréttina frá Ólafsfirði að stillt var upp í beina fréttaútsendingu frá Sjallanum á Akureyri. Þar stóð enda vel á. Stöðin mín í þann mund að senda þaðan skemmtiþátt í beinni útsendingu um kvöldið. Svo ég var sminkaður á staðnum – og fór mikinn í fréttatímanum.

En vel að merkja, sminkunni er ég enn kvæntur.

Þremur árum eftir örlagaríka ástafundinn norður í landi urðum við innlyksa fyrir austan fjall, ég og sminkan, sem þá var orðin útsendingarstjóri á Stöð 2, en Hekla hafði rumskað, raunar með andfælum – og svo að allur heili mannskapurinn af höfuðborgarsvæðinu ætlaði að skjótast sisona austur að eldstöðvunum. En svo brast á með óveðri. Kambarnir lokuðust og undir dagslok sat bílaröðin föst í Þrengslunum.

Og við nýmunstruðu fréttahjónin fengum inni á gistiheimili í efri hlíðunum í Hveragerði. Sofnuðum þar vel eftir að hafa lagt grunninn að okkar öðru barni. Þökk sé Heklu.

Svo kom Gjálpargosið með gegldum brúm og brugðnum sandi – og litlu síðar vældu vötnin aftur þar í efra, uns Hekla gaus um hæl, sama ár og ég gleymdi börnunum mínum í gildaskálanum á Flúðum. Og Grímsvötnin á ný – og þá Magni og Móði, uns Eyjafjallajökullinn yfirskyggði allan heiminn, en litlu áður hafði landið skolfið skelfingarinnar býsn um Flóann syðra, öðru sinni á örfáum árum. Og loks Bárðarbunga með berggangi sínum beint í norður.

Og við hristumst enn. Vikum saman. Þetta er nefnilega oft svona.




vodafone.is/fjolskyldupakkinn



Mín yndislega og elskaða eiginkona,
móðir, tengdamóðir, amma
og langamma,

**Sigríður Gísladóttir**
Sléttuvegi 31, Reykjavík,

verður jarðsungin frá Grensáskirkju
föstudaginn 19. mars kl. 13.00.

**Vilhjálmur Þór Ólafsson**
**Ólafur Vilhjálmsson** **Anna Erla Þorsteinsdóttir**
**Rúnar Þór Vilhjálmsson** **Jóna Rán Ingadóttir**
**Gísli Már Vilhjálmsson** **Þórdís Einarsdóttir**
**Eva Vilhjálmsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**




ÚTFARARÞJÓNUSTA Davíðs Óswaldssonar ehf.
Óli Pétur
Útfararstjóri
s. 892 8947
Hinrik Valsson
Útfararstjóri
s. 760 2300
Dalsbyggð 15, Garðabæ
Sími 551 3485
osvaldutfor@gmail.com

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Sverrir Einarsson
Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er
SÍÐAN 1996
www.utforin.is
ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

Nærgætni, hlýja og virðing Við andlát ástvinar



ÚTFARARSTOFA ÚTR REYKJAVÍKUR
Ísleifur Jónsson
Útfararstjóri
Farsími 821 5353
Steinunn Magnúsdóttir
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn



ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA
Útfararþjónusta í yfir 70 ár
Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055 .




**Edda býr sig undir útgáfutónleikana í næstu viku með ýmsum hætti.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Fagnar útgáfu og afmæli

**Einleikstónleikar Eddu Erlendsdóttur píanóleikara í Hörpu næsta miðvikudag marka tímamót; 40 ár eru frá þeim fyrstu og fimm ár frá síðustu. Auk þess er diski fagnað.**

Edda Erlendsdóttir píanóleikari flögrar milli Frakklands og Íslands og gerir sig gildandi beggja vegna hafs. Hún kveðst hafa dvalið hér síðan í febrúar og kennt svolítið við Listaháskólann eftir að hún losnaði úr sóttkví, en auk þess undirbúið stórtónleikana sem fram undan eru þann 17. mars í Norðurljósum í Hörpu.

„Ég hefði þurft að vera í París í síðustu viku því nýi diskurinn minn var að koma þar út síðasta föstudag. Honum var vel tekið og hann fór strax í spilun á helstu klassísku rásinni, Radio Classique,“ segir hún ánægjulega.

Umræddur diskur, með þremur sónötum Schuberts frá árinu 1817, kom út hér á landi síðasta haust, en útgáfutónleikarnir frestuðust þar til nú vegna COVID-19. Eðlilega leist Eddu illa á þegar breska veiran skaut upp kollinum hér nýlega, en nú eru horfur góðar.

Rúm 40 ár eru frá fyrstu einleikstónleikum Eddu, þeir voru í janúar 1981 á Kjarvalsstöðum. Síðan hefur hún haldið fjölda tónleika, bæði ein og í alls konar hópum og gefið út geisladiska sem hlotið hafa viðurkenningu, meðal annars Íslensku tónlistarverðlaunin. Hún var líka sæmd fálkaorðu árið 2010 fyrir framlag sitt til tónlistar.

Á efnisskrá tónleikanna nú verður efni af nýjasta diskinum ásamt verkum eftir Bach, Messiaen, Dutilleux og Grieg. En hvernig finnst Eddu best að undirbúa sig? „Fyrir utan að læra allt utan að sem ég ætla að spila og kunna hvora hönd fyrir sig, þá reyni ég að hvíla hugann, borða hollt, fara í göngur og njóta ferska loftsins og náttúrunnar.“

**gun@frettabladid.is**



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir,
afi og langafi,

**Sturla V. Högnason**
Kópubraut 11, Reykjanesbæ,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja,
fimmtudaginn 4. mars.
Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju,
fimmtudaginn 18. mars kl. 11.00.
Í ljósi aðstæðna munu einungis nánustu aðstandendur
vera viðstaddir athöfnina. Athöfninni verður streymt á
facebook.com/groups/sturlav

**Högni Sturluson** **Svanhvít Erla Gunnarsdóttir**
**Svanberg Ingi Sturluson** **Sigríður Rós Þórisdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskulegur faðir minn, tengdafaðir, afi,
bróðir og mágur,

**Davíð Aðalsteinn Sverrisson**

lést á hjúkrunarheimilinu Mörk
fimmtudaginn 25. febrúar.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Karl Kristján Davíðsson** **Kolbrún Guðmundsdóttir**
**Tristan Karlsson**
**Kolbeinn Friður Karlsson**
**Salka Snæbrá Hrannarsdóttir**
**Sigríður María Sverrisdóttir** **Hjalti Þorvarður Magnússon**
**Sverrir Þórarinn Sverrisson** **María Pálmadóttir**
**Torfi Ólafur Sverrisson** **Inga Björg Sverrisdóttir**



Innilegar þakkir til ykkar sem sýnduð
okkur samúð og vinsemd við andlát
og útför elskulegs eiginmanns, föður
okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**Magnúsar Finns Hafberg**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólkinu
á Höfða, Akranesi, fyrir hlýhug og
einstaklega góða umönnun.

**Eva Þórðardóttir**
**Margrét Magnúsdóttir** **Marinó Þór Tryggvason**
**Þórður Magnússon**
**Olga Magnúsdóttir** **Helgi Ómar Þorsteinsson**
**Þórdís Guðný Magnúsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Innilegar þakkir til allra sem
sýndu okkur samúð, vináttu og
hlýhug við andlát og útför ástkærrar
móður okkar, tengdamóður,
ömmu og langömmu,

**Dýrleifar Andrésdóttur**
Leirhöfn.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Hvamms fyrir góða og hlýja
umönnun í gegnum árin.

**Andrea Jóhannsdóttir**
**Margrét Jóhannsdóttir** **Steinar Matthíasson**
**Arnfríður Jóhannsdóttir**
**Hildur Jóhannsdóttir** **Jón Þór Guðmundsson**
**barnabörn og langömmubörn.**

# Fuglar ársins í framboð

**Fuglavernd tekur upp þá nýbreytni að fá almenning til að velja fugl ársins, sem verður kynntur á sumardaginn fyrsta í ár. Tilnefningar þurfa að berast fyrir 20. mars.**

Flestir eiga sinn uppáhaldsfugl og hverjum þykir sinn fugl fagur,“ segir Guðrún Lára Pálmadóttir hjá Fuglavernd, sem ætlar að fá landsmenn til að kjósa fugl ársins 2021. Tilnefningar standa yfir og þeim á að vera lokið 20. mars.

Kjörið er nýlunda á Íslandi. Guðrún Lára segir tilhögun þess að nýsjálenskri fyrirmynd. Fólk fari inn á vefslóðina fuglavernd.is/fugl-arsins og tiltaki tegundina, auk þess að rökstyðja valið. Tilnefningar séu þegar farnar að berast og það séu ekki endilega fegurstu fuglarnir, né þeir sem líklegastir eru til vinsælda, sem atkvæði hljóti, heldur fljótið sögur með sem rökstuðningur. „Allir fuglar eru auðvitað stórkostlegir, hver á sinn hátt og eru hluti af daglegu lífi fólks,“ bætir hún við.

Hún hvetur þá sem halda sterkt með sínum fugli að sækja um stöðu kosningastjóra til að gefa honum byr undir báða vængi á samfélagsmiðlum og í heitum pottum. Tuttugu tegundir munu keppa um titilinn Fugl ársins og verða kynntar 1. apríl, að sögn Guðrúnar Láru. „Sigurvegari verður svo hylltur með fjaðrafoki og látum á sumardaginn fyrsta – árlega.“

gun@frettabladid.is


Keppnin um fugl ársins verður árviss viðburður að sögn Guðrúnar Láru. MYND/AÐSEND

---



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ástbjörg Stefanía Gunnarsdóttir**

íþróttakennari,

sem lést 3. mars sl. verður jarðsungin frá Bústaðakirkju mánudaginn 15. mars kl. 13.00. Aðstandendur og vinir eru velkomnir meðan húsrúm leyfir (hámark 200 manns). Gestir eru beðnir um að hafa með sér á blaði nafn, kennitölu og símanúmer. Streymt verður frá athöfninni á slóðinni promynd.is/astbjorg og á hlekk á mbl.is/andlat

**Margrét Jóhannsdóttir Hálfdán Sigurður Helgason**
**Ingi Gunnar Jóhannsson Kristín G. Hákonardóttir**
**Sigurður Sveinn Jónsson Svanhvít Helga Rúnarsdóttir**
**Ástbjörg Rut Jónsdóttir Jóhanna Sveina Hálfdánardóttir**
**Helgi Elí Hálfdánarson Snædís Anna Þórhallsdóttir**
**Valdís B. Hálfdánardóttir Rúnar Þór Númason**
**Eyrún Ingadóttir Telma Kristín Bjarnadóttir**
**Tryggvi Ingólfsson Björg Rún Óskarsdóttir**
**Ísabella Ronja, Yngvi Steinn, Valgerður Rakel, Þorvaldur Helgi, Vanda María og Óskar**

---



Þökkum öllum þeim er sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför föður okkar, tengdaföður, afa, langafa og langalangafa,

**Elíasar Gunnlaugssonar**

frá Gjábakka í Vestmannaeyjum, síðast til heimilis á Hraunbúðum í Vestmannaeyjum.

**Hjördís Elíasdóttir Hannes G. Thorarensen**
**Björk Elíasdóttir Stefán Örn Jónsson**
**Viðar Elíasson Guðmunda Áslaug Bjarnadóttir**
**Barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**

---



Yndislegur eiginmaður minn, faðir, okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Helgi V. Jónsson**

hæstaréttarlögmaður og lögg. endurskoðandi, Brautarlandi 4, Reykjavík,

lést þann 2. mars sl. Útför hans fer fram frá Bústaðakirkju 18. mars kl. 13. Vegna aðstæðna verða aðeins ættingjar og vinir viðstaddir athöfnina.

**Ingibjörg Jóhannsdóttir**
**Hanna Lára Helgadóttir Jónas Reynisson**
**Anna Dóra Helgadóttir Halldór Jónsson**
**Jón Sigurður Helgason Erla Guðrún Emilsdóttir**
**Halla María Helgadóttir Ólafur Þór Guðbjörnsson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---



Elskulegur eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,

**Sigurður Sigvaldason**

verkfræðingur, Hvassaleiti 103,

lést aðfaranótt 28. febrúar. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni 16. mars kl. 15. Streymt verður frá athöfninni á slóðinni: youtu.be/DhF2jUeMEy8

**Sigrún Magnúsdóttir**
**Sigurður Sigurðarson Hrönn Sævarsdóttir**
**Ragnheiður Sigurðardóttir Anders Josephsson**
**Solveig Sigurðardóttir Sigurður Jóhannesson**
**Magnús Sigurðarson Janda Wetherington**
**og barnabörn.**

---



Innilegustu þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur hlýhug, samúð og vináttu við andlát og útför heittelskaðrar eiginkonu, móður, tengdamóður og ömmu,

**Hafdísar Engilbertsdóttur**

Hólmvaði 62, Reykjavík.

Einnig viljum við þakka öllum þeim sem sýndu minningu hennar virðingu með því að styrkja góð málefni. Sérstakar þakkir færum við líknarheimaþjónustu Landspítalans HERU fyrir einstaka hlýju og alúð.

**Baldvin H. Steindórsson**
**Tinna Björk Baldvinsdóttir Þórður Birgir Bogason**
**Ívar Baldvinsson Lísa Lind Björnsdóttir**
**Fannar Baldvinsson Snædís Sif Benediktsdóttir**
**og barnabörn.**

---



Elsku eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**Sigurjón Ari Sigurjónsson**

Prestastíg 11, Reykjavík,

er látinn. Útför hans fer fram frá Digraneskirkju í Kópavogi, föstudaginn 19. mars klukkan 13. Skráning í kirkjuna og upplýsingar um streymi er að finna á heimasíðu Digraneskirkju. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Minningarsjóð líknardeildar og HERU, Landspítala.

**Þóra Gunnarsdóttir**
**Gunnar Sigurjónsson Þóra Margrét Þórarinsdóttir**
**Helga Ágústa Sigurjónsdóttir Gunnar Stefánsson**
**Einar Þór Sigurjónsson Ragna Lilja Garðarsdóttir**
**og barnabörn.**

---



Okkar yndislega og ástkæra móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Katla Þorkelsdóttir**

áður til heimilis að Háabarði 5, Hafnarfirði,

lést á Hrafnistu Laugarási sunnudaginn 7. mars í faðmi ástvina. Útför hennar fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju, miðvikudaginn 17. mars kl.13 að viðstaddri fjölskyldu og vinum. Hlekk á skráningu má finna á andlátsvef Morgunblaðsins, eða mæta með miða með nafni, kennitölu og símanúmeri. Athöfninni verður streymt á slóðinni: https://youtu.be/MlqDgvbYYh0 Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug.

**María Ólafsdóttir Eggert Kristinsson**
**Þorkatla Ólafsdóttir Kári Vigfússon**
**Hulda Ólafsdóttir Jóhannes Þór Sigurðsson**
**Sólrún Ólafsdóttir Olgeir Gestsson**
**Guðrún Ólafsdóttir Adolf Örn Kristjánsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Hjartans þakkir til þeirra fjölmörgu sem hafa sýnt okkur umhyggju og kærleika við andlát og útför okkar elskaða eiginmanns, föður, tengdaföður, bróður, mágs og afa,

**Stefáns Árnasonar**

framhaldsskólakennara, Markarflöt 41.

Sérstakar þakkir fær séra Sigfinnur sem hefur veitt okkur aðstandendum hans mikla alúð og kvaddi Stefán okkar af stakri siðprýði. Arnar Dór Hannesson og Alma Rut Kristjánsdóttir færðu okkur dásamlegan söng og Helgi Hannesson fagran tónlistarflutning. Þakklæti okkar fær einnig Björgvin Rúnar Gunnarsson fyrir streymisþjónustu sína. Þá rækti starfsfólk Útfararstofu kirkjugarðanna hlutverk sitt með miklum sóma. Minning Stefáns mun lifa.

**Marsibil Ólafsdóttir**
**Hrafnkell Tjörvi Stefánsson**
**Vésteinn Stefánsson Kolbrún Hanna Jónasdóttir**
**Bryndís Stefánsdóttir Jens Jónsson**
**Einfríður Árnadóttir Christer Magnússon**
**og barnabörn.**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Ævar Guðmundsson**

lést á Droplaugarstöðum þann 9. mars sl.

**Laufey Barðadóttir**
**Þuríður Ævarsdóttir**
**Ragnheiður M. Ævarsdóttir Gísli Baldvinsson**
**Þórdís L. Ævarsdóttir Bjarki Stefánsson**
**Ævar Gunnar Ævarsson Helga G. Óskarsdóttir**
**og barnabörn.**

---



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**Árni G. Árnason**

varð bráðkvaddur 24. febrúar. Jarðarförin fer fram frá Ytri-Njarðvíkurkirkju þriðjudaginn 16. mars kl. 13.

**Ásdís M. Sigurðardóttir**
**Brynja Árnadóttir Kolbeinn Steinþórsson**
**Aron Bachmann Árnason**
**Baldur Þór og Steinþór Árni Kolbeinssynir**

---



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýju vegna andláts og útfarar elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,

**Guðrúnar Lovísu Magnúsdóttir**

(Lúllu)
Lyngholti, Vogum.

**Systkinin Lyngholti**

# KROSSGÁTA & ÞRAUTIR



Lausnarorð síðustu viku var

**LANGHLAUPARI**

| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| F | J | Ö | R | U | N | N | A | R | | Æ | | B | | T | | Í | | U | |
| E | | S | | M | | Ó | | E | F | T | I | R | L | Á | T | S | A | M | A |
| R | Í | K | I | S | A | R | F | I | | T | | E | | L | | K | | B | |
| M | | U | | E | | U | | Ð | | B | I | T | A | S | T | Æ | Ð | U | R |
| I | N | N | S | T | Æ | Ð | U | M | | Ó | | L | | Ý | | L | | N | |
| N | | N | | J | | U | | A | S | K | M | A | N | N | | D | | U | |
| G | R | I | P | A | R | M | I | N | N | | | N | | A | F | U | R | Ð | A |
| | Ö | | E | | A | | | N | E | F | N | D | A | R | | | | U | |
| S | K | O | T | T | U | R | N | A | R | | Á | | F | | S | Á | L | M | A |
| | F | | U | | S | | A | | T | Ó | M | Ö | T | U | M | | O | | F |
| B | Æ | K | L | I | N | G | S | | I | | U | | U | | Á | L | F | A | R |
| | R | | U | | A | | A | N | N | A | N | | R | | R | | T | | Á |
| H | A | F | M | Æ | R | I | N | | G | | D | | H | L | É | B | O | R | Ð |
| Ó | | Ú | | | B | | D | A | U | N | I | L | L | | T | | R | | I |
| F | U | L | L | B | Ú | N | I | R | | Ý | | E | I | N | T | Ö | K | I | N |
| S | | E | | Æ | | Á | | A | F | L | M | I | Ð | J | A | | A | G | N |
| Ó | L | G | U | T | Í | M | U | M | | E | | R | | Ó | | V | | Ð | |
| L | | G | | U | | U | | Í | S | G | R | Á | T | T | | E | | U | |
| E | Y | J | A | M | A | N | N | S | | U | | I | | U | N | G | I | N | N |
| Y | | A | | | | A | | K | Ó | R | Ó | N | U | M | | A | | A | |

**LAUSNARORÐ** Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist byggð (12). Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 18. mars næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „13. mars“.



FORLAGIÐ

**VEGLEG VERÐLAUN**

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Yfir höfin eftir Isabel Allende** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Birna Steingrímsdóttir, Hafnarfirði.**

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

**LÁRÉTT**

**1** Þá sem sjaldan eiga öl og vín met ég ekki mikils (10)
**11** Yfirgafst ekki æskuslóðir fyrr en þú söngst lagið þitt fyrst (11)
**12** Finnum nýgræðing meðal loðnu blómanna (10)
**13** Kraftakvendi, þessi unga íþróttastúlka á kantinum (11)
**14** Æðrulaus hvetur hún æsta menn til stillingar (10)
**15** Laust er starf við að skrifa upp kver Ara þráa (11)
**16** Fáránlega flækjukennd lýsing á fornu fólki (10)
**17** Hörð kýs að kringja bölvísra lausn (11)
**19** Fæ orku úr sjóveðri, þótt það samræmist ekki þessum vísindum (11)
**23** Þetta par blaðrar sundurlaust um eitthvað ferli (8)
**27** Þreyti það sem þjáð er (9)
**30** Hvernig leysti hún samanklístrað timbrið? (7)
**31** Bara þetta vanabundna vesen alltaf, segir prúði pilturinn (9)
**32** Á lappir lappi litli, og þú færð bónus! (6)
**34** Ruglaðir draugar rása til Rómar! (5)
**35** Höfuðfrúin í Hong Kong þráir jurtatrefja, tré og grilluð læri (12)
**38** Þegar stirðar hrekkja hægar (6)
**39** Á mér næstum tíu aðdáendur af hollenskri aðalsætt (6)
**40** Hér erum við á röltinu og þú bara stingur af? (9)
**43** Þessar uglur er harðir tittir (6)
**45** Klár í allt er hún klárar allt (6)
**46** Hvernig ætli svona málmskyggni virki á þessu appi? (6)
**47** Segir þessa kjána ýmist minna á kálfa eða fiðurfé (5)
**48** Þarf meira fé ef lengja á einkennissöng íþróttaklúbbs (11)

**LÓÐRÉTT**

**1** Pikka tvö af mörgum mjúkum plöggum (11)
**2** Veistu um starf í boði fyrir letingja? (9)
**3** Létta enn hold horaðra manna (9)
**4** Engi vil ég kusk í ker nema hlaðuggar séu (9)
**5** Afkomandinn ól áa sínum afkomanda (9)
**6** Muna smá og deig (8)
**7** Draga föng á skákir fyrir ertingu hins áþreifanlega (10)
**8** Þetta er nú bara fínt heiti yfir margarín (10)
**9** Hörku málmveggur – en dugar hann ef hörkustormur skellur á? (10)
**10** Svona endalaust kjaftæðisrugl laðar volað fólk til sín (10)
**18** Sé þessi karl enn á meðal vor, þá er hann eflaust enn hinn mesti nautnaseggur (9)
**20** Lýsir helgi á heila hljómsveit út á þennan sáttmála (10)
**21** Ósköp er að sjá allar stikurnar og skelfingartáknin (12)
**22** Þessi fjölskylda hefur verið með ónýt hné í margar kynslóðir (7)
**24** Gefum flestum grið, þó ekki þessu heljarmenni (5)
### STÖÐ 2 SPORT

**08.55** Dominos Tilþrifin 14. umferð
**09.35 Grindavík - Þór Þ.** Í Dominos-deild karla.
**11.15** KR - Valur
**12.55 Valur - Keflavík** Í Dominos-deild kvenna.
**14.40** Dominos Körfuboltakvöld - kvenna
**15.20 Keflavík - ÍBV** Í Lengjubikar kvenna.
**17.00** Evrópudeildarmörkin
**17.50 Keflavík - ÍA** Í Lengjubikar karla.
**19.35 AC Milan - Napoli** Bein útsending.
**21.40** Stærstu augnablik Meistaradeildarinnar
**22.40** Haukar - ÍBV

### STÖÐ 2 SPORT 2

**07.20** Oklahoma City Thunder - New York Knicks
**10.25** Genoa - Udinese
**12.10 Sheffield Wednesday - Norwich** Bein útsending.
**14.15** Inside Serie A
**14.50 Tranmere - Sunderland** Bein útsending.
**16.55 Cagliari - Juventus** Bein útsending.
**19.00** Troðslukeppnin 1986
**19.20** Troðslukeppnin 1991
**20.00 Golden State Warriors - Utah Jazz** Bein útsending.
**22.30 Philadelphia 76ers - San Antonio Spurs** Bein útsending.

## Mánudagur

### HRINGBRAUT

**20.00 Atvinnulífið** Sigurður K. Kolbeinsson heimsækir íslensk fyrirtæki og kynnir sér starfsemi þeirra. Fjölbreyttir og fróðlegir þættir sem endurspegla þá grósku sem er í íslensku atvinnulífi og fyrirtækjarekstri.
**20.30 Fréttavaktin** Á fréttavaktinni er fjallað um helstu fréttir dagsins í umsjá þeirra Margrétar Erlu Maack, Lindu Blöndal og Sigmundar Ernis.
**21.00 Heima er bezt** Heima er bezt er samtalsþáttur um þjóðlegan fróðleik í anda samnefnds tímarits
**21.30 Karlmennskan** Femínískt sjónarhorn á karlmennsku, karla og jafnrétti í feðraveldissamfélagi.

### RÚV SJÓNVARP

**09.00** Heimaleikfimi
**09.10 Íslendingar** Jóhannes S. Kjarval
**10.00** Mósaík 2000-2001
**10.40** Silfrið
**11.40 Straumar** Eurovision
**12.55** Danir í Japan
**13.25** Bækur og staðir-Kornsá
**13.30** Músíkmolar
**13.40** Ljósmyndari ársins
**14.10** Símamyndasmiðir
**14.40** Innlit til arkitekta
**15.10** Bækur og staðir
**15.20** Bækur sem skóku samfélagið
**15.30 Hafið, bláa hafið** Endurlit
**16.25** Sama-systur
**16.55** Ljósmóðirin
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Loðmundur
**18.08** Hæ Sámur
**18.22** Stuðboltarnir
**18.33** Nellý og Nóra
**18.40** Sammi brunavörðu
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**19.50 Menningin** Fjallað er á snarpan og líflegan hátt um það sem efst er á baugi hverju sinni í menningar- og listalífinu.
**20.00 Skrekkur** Skrekkur er árleg hæfileikakeppni fyrir grunnskólanemendur í Reykjavík. Keppnin fer fram í Borgarleikhúsinu og er sýnd í beinni útsendingu. Kynnar: Hólmfríður Hafliðadóttir og Mímir Bjarki Pálmason.
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veður
**22.20** Útrás Exit
**22.55** Norah Jones Plays Baloise Session
**00.05** Dagskrárlok

### GOLFSTÖÐIN

**08.00 PGA Tour 2021** Útsending frá The Players Championship.
**14.00 PGA Tour 2021** Útsending frá The Players Championship.
**19.00** PGA Highlights 2021
**19.55 PGA Tour 2021** Útsending frá The Players Championship.

### SJÓNVARP SÍMANS

**13.00** Dr. Phil
**13.45** The Late Late Show
**14.30** mixed-ish
**14.55** Zoey's Extraordinary Playlist
**16.40** Family Guy
**17.00** The King of Queens
**17.20** Everybody Loves Raymond
**17.45** Dr. Phil
**18.30** The Late Late Show
**19.15** Man with a Plan
**19.40** Superstore
**20.10** Gordon Ramsay's 24 Hours to Hell
**21.00** The Rookie
**21.50** Blue Bloods
**22.35** Mayans M.C.
**23.30** The Late Late Show
**00.15** Station 19
**01.00** The Resident
**01.45** FBI
**02.30** Dark Money
**03.30** Fosse/Verdon

### RÚV RÁS EITT

**06.45** Morgunbæn og orð dagsins
**06.50** Morgunvaktin
**07.00** Fréttir
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.00** Fréttir
**09.05** Segðu mér
**09.45** Morgunleikfimi
**10.00** Fréttir
**10.03** Veðurfregnir
**10.13 Flugur** Bragi Hlíðberg, fimmti þáttur
**11.00** Fréttir
**11.03** Mannlegi þátturinn
**12.00** Fréttir
**12.03** Hádegið
**12.20** Hádegisfréttir
**12.42 Hádegið** seinni hluti
**13.00** Dánarfregnir
**13.02** Samfélagið
**14.00** Fréttir
**14.03 Hringsól** Í Tælandi
**15.00** Fréttir
**15.03** Orð um bækur
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Víðsjá
**17.00** Fréttir
**17.03** Lestin
**18.00** Spegillinn
**18.30** Krakkakiljan
**18.50** Veðurfregnir
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.35** Mannlegi þátturinn
**21.30 Kvöldsagan. Grettis saga** (17 af 21)
**22.00** Fréttir
**22.05** Veðurfregnir
**22.09 Lestur Passíusálma** (35 af 50)
**22.15** Samfélagið
**23.10** Segðu mér
**00.00** Fréttir
**00.05** Næturútvarp Rásar 1

### STÖÐ 2 BÍÓ

**11.10** Lego DC Super Hero Girls. Super-Villain High
**12.25** Almost Friends
**14.05** Ocean's Thirteen
**16.05** Lego DC Super Hero Girls. Super-Villain High
**17.20** Almost Friends
**19.00** Ocean's Thirteen
**21.00** Ford v Ferrari
**23.25** Everybody Knows
**01.35 Blindspotting** Gamanmynd frá 2018. Collin þarf að komast í gegnum síðustu þrjá dagana á skilorðinu, til að eiga möguleika á því að byrja nýtt líf.
**03.10** Ford v Ferrari

### STÖÐ 2

**07.55** Heimsókn
**08.15** Veronica Mars
**09.05** Bold and the Beautiful
**09.25** The O.C.
**10.05** The Goldbergs
**10.30** Women on the Verge
**11.00** Major Crimes
**11.40** Um land allt
**12.35** Nágrannar
**12.55** Last Man Standing
**13.15** Suits
**14.00** Modern Family
**14.20** 12 Puppies and Us
**15.20** MasterChef Junior
**16.05** Ísskápastríð
**16.35** First Dates
**17.35** Bold and the Beautiful
**18.00** Nágrannar
**18.26** Veður
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.50** Sportpakkinn
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Um land allt
**19.50** Supernanny US
**20.35** All Rise
**21.25** Tin Star. Liverpool
**22.15** Shameless
**23.15** 60 Minutes
**00.05** S.W.A.T.
**00.45** Magnum P.I.
**01.30** Death Row Stories
**02.15** Warrior
**03.00** Warrior
**03.40** Veronica Mars
**04.25** The O.C.

### STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

**08.00** Barnaefni
**20.00** Friends
**20.20** Friends
**20.45** The Office
**21.10** Last Man Standing
**21.35** Divorce
**22.10** You're the Worst
**22.40** Wyatt Cenac's Problem Areas
**23.10** The Bold Type
**23.50** Friends
**00.15** Friends
**00.35** The Office

### STÖÐ 2 SPORT

**09.00 Haukar - Þór Ak.** Útsending frá leik í Dominos-deild karla.
**10.40** Alfreð Gíslason
**11.45** Ölli
**12.45** Manstu eftir Manchester United
**13.25** Jólamót Stöðvar 2 Sport í Pílu
**15.25** Jólamót Stöðvar 2 Sport í Pílu
**17.10** Haukar - Þór Ak.
**18.50 Afturelding - Fram** Útsending frá leik í Olís-deild karla.
**20.15** ÍBV - Haukar
**21.40** Seinni bylgjan - karla
**23.05** Lífið í NBA - Jón Arnór Stefánsson
**23.45** Léttir sprettir 2

### STÖÐ 2 SPORT 2

**07.45** Golden State Warriors - Utah Jazz
**10.45** Philadelphia 76ers - San Antonio Spurs
**13.45** Bologna - Sampdoria
**15.25** Tranmere - Sunderland
**17.05** Fréttaþáttur Evrópudeildarinnar
**17.35** Fréttaþáttur Meistaradeildarinnar
**18.00** Ítölsku mörkin
**18.50** Football League Show
**19.15** Fréttaþáttur EM 2020
**19.50 Barcelona - Huesca** Bein útsending.
**21.55** Eibar - Villarreal
**23.35** Sevilla - Real Betis

# Sumar pöntun!

**Tryggðu þér saunatunnu, saunaklefa eða tunnupott úr sedrusviði á vorverði**



## Tunnupottur úr sedrusviði

| Tegund | Stærð H x B | Sætafjöldi | Verð |
|---|---|---|---|
| 450 | 122 x 152 cm | 2 - 4 | **650.000 kr.** |
| 460 | 122 x 182 cm | 4 - 6 | **700.000 kr.** |
| 470 | 122 x 214 cm | 5 - 8 | **800.000 kr.** |
| Pottlok | **110.000 kr.** | Tröppur | **100.000 kr.** |




## Saunatunna úr sedrusviði

| Tegund | Stærð B x L | Sætafjöldi | Verð |
|---|---|---|---|
| 760 | 214 x 182 cm | 2 - 4 | **1,000.000 kr.** |
| 770 | 214 x 214 cm | 4 - 6 | **1.080.000 kr.** |
| 780 | 214 x 244 cm | 6 - 8 | **1.150.000 kr.** |
| | | Verönd | **125.000 kr.** |




## Pod útisauna úr sedrusviði

| Tegund | Stærð B x L | Sætafjöldi | Verð |
|---|---|---|---|
| 860LU | 244 x 182 cm | 2 - 4 | **1.050.000 kr.** |
| 870LU | 244 x 214 cm | 4 - 6 | **1.100.000 kr.** |
| 880LU | 244 x 244 cm | 6 - 8 | **1.150.000 kr.** |
| | | Verönd | **125.000 kr.** |




## Panorama sedrus saunatunna

| Tegund | Stærð B x L | Sætafjöldi | Verð |
|---|---|---|---|
| 760 PV | 214 x 182 cm | 2 - 4 | **1.300.000 kr.** |
| 770 PV | 214 x 214 cm | 4 - 6 | **1.365.000 kr.** |
| 780 PV | 214 x 244 cm | 6 - 8 | **1.400.500 kr.** |
| | | Verönd | **125.000 kr.** |




## Luna útisauna úr sedrusviði

| Tegund | Stærð B x L | Sætafjöldi | Verð |
|---|---|---|---|
| 860LU | 244 x 182 cm | 2 - 4 | **1.400.000 kr.** |
| 870LU | 244 x 214 cm | 4 - 6 | **1.480.000 kr.** |
| 880LU | 244 x 244 cm | 6 - 8 | **1.580.000 kr.** |
| | | Verönd | **200.000 kr.** |

## Aukahlutir

| | |
|---|---|
| Búningsklefi 1,22 m. Sama verð fyrir allar tunnur | **300.000 kr.** |
| Þakhlíf úr sedrusviði með EPDM gúmmíklæðningu | **180.000 kr.** |
| Þakskyggni úr sedrusviði | **100.000 kr.** |
| Gólfborð úr sedrusviði í saunatunnur | **70.000 kr.** |
| Gluggar fyrir framhlið 2 stk. Stærð 22,8 x 66 cm | **50.000 kr.** |
| Gluggi fyrir bakhlið. Stærð 51 x 76 cm | **50.000 kr.** |
| Viðarkyntur saunaofn með hitaplötu og reykröri | **200.000 kr.** |
| Signature innrétting: Bekkir, bakstuðningur og gólfborð | **125.000 kr.** |

Nýtt! **Útisturta**



Útisturta, sedrus standur,
**Verð 170.000 kr.**

Nýtt! **Pure Cube útisaunur úr sedrusviði**




CU550, stærð B x L 173 x 173 cm,
Sætafjöldi 2 **Verð 1.400.000 kr.**
Rimlar **50.000 kr.**




CU570, stærð B x L 173 x 214 cm,
Sætafjöldi 3 **Verð 1.500.000 kr.**
Rimlar **75.000 kr.**




CU580, stærð B x L 173 x 254 cm,
Sætafjöldi 4 **Verð 1.700.000 kr.**
Rimlar **100.000 kr.**




CU580D með sturtu, stærð B x L 173 x 214 cm,
Sætafjöldi 4 **Verð 1.850.000 kr.**
Rimlar **125.000 kr.**

*Verð miðast við gengi krónunnar í mars 2021 og getur breyst. Með fyrirvara um prentvillur.

TYLÖHELO

Velkomin í sýningarsalinn
að Smiðjuvegi 11

SAUNA SPA
Fjárfesting í vellíðan
Smiðjuvegi 11 s. 571 3770, pall@sauna.is, sauna.is

# Eurovision-ástaróður Daða Freys

**Daði Freyr** er klár í sitt annað áhlaup á Eurovision með laginu 10 years sem fjallar um tíu ára ástarsamband þeirra Árnýjar Fjólu. Hann kærir sig kollóttan um dularfullan leka á laginu og frumflytur það í kvöld.



Nýir búningar, sama gengið. Daði Freyr er klár í annan Eurovision-snúning með 10 years ásamt öllum hinum í Gagnamagninu; eiginkonunni heittelskuðu Árnýju Fjólu, systur sinni, Sigrúnu Birnu Pétursdóttur, Huldu Kristínu Kolbrúnardóttur, Jóhanni Sigurði Jóhannssyni og Stefáni Hannessyni. MYND/BIRTA RÁN

Heimsfaraldurinn þaggaði rækilega niður í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva í fyrra og margir vilja meina að veiran hafi í leiðinni haft svo gott sem öruggan sigur af Íslendingum.

„Nú veit ég ekki,“ segir Daði Freyr sem þótti ásamt Gagnamagninu óneitanlega sigurstranglegasti keppandinn, með laginu Think about things. Hópurinn fær tækifæri til þess að gera aðra atrennu að Eurovision-titlinum í vor með laginu 10 years.

„Lagið er bara svolítið um það hvernig ástin breytist og verður meiri eftir því sem tíminn líður,“ segir Daði, sem samdi lagið um ástarsamband hans og Árnýjar Fjólu Ásmundsdóttur og tíu ár sem þau hafa eytt saman í blíðu, stríðu og Gagnamagninu.

„Ég byrjaði ekki að semja þetta fyrr en við vorum búin að fá það staðfest að við værum að fara að keppa og þá gerði ég þetta í rauninni svolítið svipað og ég gerði síðast,“ segir Daði Freyr.

### Hirðir ekki um lekann

Laginu var lekið á netið í vikunni en Daði segist alls ekki láta þann fjára trufla sig og hann sé að fara að frumflytja 10 years á RÚV, heimavelli íslenskra Eurovision-fara, á laugardagskvöld klukkan 19.45.

„Ég er alveg á því og ætla ekkert að breyta mínu plani á neinn hátt út af þessu.“ Þá segir Daði, og bendir á að tæpast sé hægt að tala um lekann sem frumflutning, „það er búið að setja einhver aukahljóð yfir þetta og hljómgæðin á þessu eru misgóð og eitthvað þannig.“

Þar sem lagið snýst um samband þeirra Árnýjar má ætla að hún hafi haft sitthvað um tónsmíðina að segja. „Já, já. Hún gerir það um allt sem ég geri. Það skiptir engu máli hvað það er.“ Daði bætir við að fyrir utan sjálfan sig taki hann alltaf mest mark á skoðunum Árnýjar.

### Augu Árnýjar

„Ég get líka mjög oft verið búinn að ákveða að eitthvað sé rosa næs og svo spila ég það fyrir hana og sé þá bara í augunum á henni hvað henni finnst. Þá fatta ég stundum að þetta var kannski ekki alveg málið.“

Daði segir stemninguna í Gagnamagninu fyrir töku tvö í Eurovision vera góða, enda ekki um neina endurtekningu að ræða. „Þetta er í rauninni allt öðruvísi núna heldur en síðast. Þá vorum við fyrst að gíra okkur upp í Söngvakeppnina og svo fyrir Eurovision í nokkra daga, en það breyttist fljótt eftir að við unnum Söngvakeppnina.“ Daði segir tvennt ólíkt að fara þessa hefðbundnu leið en að sleppa keppninni hérna heima og fara strax í Eurovision-undirbúninginn.

Þegar talið berst að keppninni sem aldrei fór fram í fyrra er ljóst að Daði hefur ekki þurft neina áfallahjálp til þess að komast yfir þau vonbrigði.

„Leiðinlegast fannst mér bara að við værum ekki að fara saman út sem hópur og upplifa brjálæðið sem mér skilst að Eurovision eigi að vera,“ segir Daði og tekur því ekki síður af stóískri ró að þrátt fyrir annað tækifæri virðist Gagnamagninu ekki ætlað að upplifa alvöru Eurovision. Ekki í bili í það minnsta.



Gagnamagnið horfir til nýs Eurovision-ævintýris. MYND/THULEPHOTO

### Taka 2

„Það verður náttúrlega einhver öðruvísi útgáfa af þessu núna. Það verður ekkert þessi fjölmiðlahávaði né öll þessi Eurovision-partí. Við verðum örugglega bara svolítið uppi á hóteli. En ég er ánægður með lagið og við erum að fara í miklu stærri pakka í kringum þetta allt en ég hefði getað gert í fyrra,“ segir Daði, sem telur að athyglin frá því í fyrra geti komið hópnum vel.

„Ég held að þetta vinni ekki gegn okkur nema kannski hjá þessum hörðustu Eurovision-aðdáendum,“ segir Daði og minnir á að Gagnamagnið sé búið að vera lengi ofarlega í veðbönkum án þess að vera komið með lag.

„Við erum með litríka búninga og skrýtinn dans og hresst atriði og þessir hörðustu Eurovision-aðdáendur eru ekkert allir þar og þeir vilja kannski aðeins fágaðari keppni en við erum kannski að bjóða upp á. En ég held að þetta hafi voða lítil áhrif eða bara jákvæð í sjálfri keppninni.“

### Streymi vinsældanna

Ísland er þessa dagana í fyrsta sæti á veðbönkum yfir sigurvegara Eurovision 2021 og Think about things er með yfir 70 milljón hlustanir á Spotify og 25 milljónir áhorfa á YouTube.

Það er því ástæðulaust að vanmeta mátt Eurovision og Daði segir keppnina í fyrra vissulega hafa gefið Gagnamagninu fljúgandi start með Think about things til að byrja með.“ Þegar lagið sprakk út í framhaldinu segist Daði hafa farið að sjá tölur sem hann hefði aldrei búist við.

> **LAGIÐ ER BARA SVOLÍTIÐ UM ÞAÐ HVERNIG ÁSTIN BREYTIST OG VERÐUR MEIRI EFTIR ÞVÍ SEM TÍMINN LÍÐUR.**

„Þetta hjálpar mjög mikið og það má segja að maður komist með fótinn inn fyrir dyrnar. Spurningin er síðan hvort maður nái að stíga alveg inn fyrir. Það er alls ekkert einhver ávísun á velgengni lags að taka þátt í Eurovision,“ segir Daði reynslunni ríkari.

„Það er núna í fyrsta skipti að koma eitthvað sem skiptir máli út frá streymi en þetta rennur ennþá bara svolítið aftur í sjálft sig,“ segir Daði þegar hann er spurður hvort peningarnir flæði inn í gegnum streymisveiturnar. „Það lítur allaveganna út fyrir það að ef ég næ að halda boltanum uppi geti ég lifað ágætlega á þessu næstu árin. Það er alls ekki komið ennþá.“

### Super-Daði

Daði segir brjálað að gera hjá sér í aðdraganda keppninnar og að líf hans snúist bara um Eurovision um þessar mundir. Gagnamagnið vasast líka í ýmsu og þannig eru til dæmis tveir tölvuleikir tengdir hópnum í vinnslu.

„Jói í Gagnamagninu er svolítið að halda utan um þetta og við fundum fólk í gegnum Instagram til að hjálpa okkur,“ segir Daði og bætir við að annar leikurinn sé ævintýri í anda Super-Mario Bros, en í hinum sé verið að leika með Gagnamagnslögin þrjú sem hafa komið út.

Síðarnefndi leikurinn er lengra kominn, en Daði vonast til þess að báðir verði komnir út fyrir Eurovision. „Við erum öll í leiknum og jafnvel einhverjir eldri íslenskir Eurovision-farar, það er aldrei að vita,“ segir Daði um ævintýraleikinn. „Þetta er að verða miklu, miklu stærra en það var í byrjun. Ég hefði aldrei lagt í þetta svona frá upphafi en þetta eru bara algjörir snillingar sem eru að vinna í leiknum.“

### Með puttana í öllu

Tónlistarmyndbandið fyrir 10 years verður frumsýnt í lok mars. Guðný Rós Þórhallsdóttir leikstýrir en Birta Rán Björgvinsdóttir sér um myndatöku en þær gerðu einmitt myndbandið við Think about things í fyrra.

„Ég reyni nú að vera með puttana í öllu. Lovísa Tómasdóttir er að hanna búningana svona út frá okkar pælingum,“ segir Daði sem lætur sér greinilega fátt, ef nokkuð, óviðkomandi þannig að eiginlega er óhjákvæmilegt að spyrja hvort hann sé þessi dæmigerði, leiðinlegi ofstjórnandi?

„Mér finnst það ekki. En ég veit ekki. Þú verður að spyrja einhvern annan um það. Ég er svona að læra að stíga aðeins til baka og er búinn að vera í nákvæmlega öllu, bara við Árný, að gera allt síðustu tíu árin. Þetta er fyrsta skiptið sem ég er að treysta meira á aðra.“

toti@frettabladid.is

UPPSELT 21. MARS!

SR
**STÓRSVEIT**
REYKJAVÍKU
KYNNIR:



**AUKATÓNLEIKAR**
**22. mars** kl. 20.00
**Eldborg** Hörpu

# JÓN MÚLI ÁRNASON 100 ÁRA

GESTASÖNGVARAR
**Ellen Kristjánsdóttir**
**Jón Jónsson**
**Sigríður Thorlacius**
**Sigurður Guðmundsson**

STJÓRNANDI & KYNNIR
**Sigurður Flosason**

**MIÐASALA Á HARPA.IS OG Í SÍMA 528 5050**



Hátíðin er haldin árlega um páskana á Ísafirði. Hún hefur áður verið haldin í steypustöð, sushiverksmiðju og á brettaverkstæði. Hátíðin er nú haldin á átjánda skiptið. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Aldrei fór ég suður aftur í raunheima

Tónlistarhátíðin Aldrei fór ég suður er haldin á Ísafirði í átjánda skipti, þann 2. og 3. apríl. Í fyrra fór hátíðin fram rafrænt vegna COVID-19 en snýr nú aftur í raunheima.

Hátíðin er haldin þetta skiptið í Edinborgarhúsinu, en hún hefur áður verið haldin í gamalli steypustöð, sushiverksmiðju og á brettaverkstæði.

Upphafsmenn hátíðarinnar eru þeir Örn Guðmundsson, einnig þekktur sem Mugison, Guðmundur Kristjánsson faðir hans og listamaðurinn Ragnar Kjartansson.

Hátíðin fór fram á rafrænan máta í fyrra vegna heimsfaraldursins og heppnaðist það vel. Aðstandendur hátíðarinnar komast svo að orði að hún sé nú að snúa aftur í raunheim. Hátíðin verður þó minni í sniðum í ár en vanalega vegna samkomutakmarkana, og því hvorki bar né mathöll líkt og áður. Það er þó kostur að hátíðin sé haldin í Edinborgarhúsinu í þetta skiptið, sem er nokkuð miðsvæðis og því eru margir veitingastaðir í góðu göngufæri.

Að vanda kostar ekkert á hátíðina, en þó verður miðakerfi í þetta sinn vegna samkomutakmarkana, en miðarnir eru að sjálfsögðu fríir. Hér með fylgir listi yfir þá listamenn sem hafa staðfest komu á hátíðina, en aðstandendur hennar segja enn eftir að tilkynna um tvo til viðbótar.

**Flytjendur á hátíðinni í ár:**

- Gugusar
- Moses Hightower
- Skoffín
- Auður
- Sólstafir
- Júníus Meyvant
- Sindri Freyr
- Kristín Sesselja
- Celebs
- Bríet
- Mugison
- Hermigervill
- Vintage Caravan

steingerdur@frettabladid.is



Mugison er rokkstjóri hátíðarinnar í ár, og hefur gegnt því hlutverki nokkrum sinnum áður. Hátíðin er haldin í Edinborgarhúsinu. MYND/AÐSEND






NÝSKÖPUNARMÓT ÁLKLASANS

í beinu streymi þriðjudaginn 16. mars kl. 14.00–15.30

Dagskrá

- **Ágúst Valfells**
  deildarforseti verkfræðideildar Háskólans í Reykjavík
- **Rúnar Unnþórsson**
  deildarforseti iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideildar Háskóla Íslands
- **Lilja Alfreðsdóttir**
  mennta- og menningarmálaráðherra
- **Afhending nýsköpunarviðurkenninga**
- **Sigurður Hannesson**
  formaður Samtaka iðnaðarins
- **Rannveig Rist**
  forstjóri Rio Tinto á Íslandi
- **Diego Areces**
  framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar hjá DTE
- **Joaquin J. Chacon**
  forstjóri Albufera Energy Storage
- **Kristján Friðrik Alexandersson**
  framkvæmdastjóri Álvit
- **Guðrún Arnbjörg Sævarsdóttir**
  dósent við verkfræðideild Háskólans í Reykjavík
- **Kynning á verkefnum handhafa nýsköpunarviðurkenninga**

Fundarstjóri verður **Steinunn Dögg Steinsen**, framkvæmdastjóri öryggis- og umhverfissviðs hjá Norðuráli

samál · HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK REYKJAVIK UNIVERSITY · HÁSKÓLI ÍSLANDS · Nýsköpunarmiðstöð Íslands · SI Samtök iðnaðarins · ÁLKLASINN

bauhaus.is

# BAUHAUS®



## Allt fyrir baðherbergið á einum stað!

LAUFEN

**25%**
**afsláttur**
**af öllum vörum frá**
**LAUFEN**
M.v. almennt verð




**Hefur þú séð nýja BAUHAUS blaðið?**



Camargue
**Hoover sturtusett**
GV 3006667C
Sturtusett með kringlóttum sturtuhaus og handsturtu með 3 stillingum þar á meðal með vatnssparnaðar stillingu. Blöndunartæki fylgir. Fæst í krómuðu og möttu svörtu.

**31.495.-**

Möttu svörtu.......... 36.795.-



DURAVIT
**58.995.-**
**Duravit Starck 3**
GV 3199979A
Veggfest salernisskál án skolbrúnar sem eykur hreinlæti og auðveldar þrif. Faldar festingar. Salernisseta með hæglokun og festingar fylgja.



**30%**
**afsláttur**
**af baðinnréttingum**
**fra Camargue IQ línan**
M.v. almennt verð
Á VIÐ UM ALLAR VÖRUR SEM FINNA MÁ Í VÖRULISTANUM BAÐHERBERGIÐ OG VELLÍÐAN 2020/2021

Camargue



## Við bjóðum upp á mikið úrval af blöndunartækjum

**VIRKA DAGA 8-19 / UM HELGAR 10-18**
Með fyrirvara um myndbrengl, prentvillur, mistök hjá birgjum og uppseldar vörur. Verð er með vsk.
Tilboðið gildir frá miðvikudeginum 4. mars til og með 24. mars, meðan birgðir endast.

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800
upplysingar@bauhaus.is - www.bauhaus.is
badland@bauhaus.is

# Lífið í vikunni
## 07.03.21-13.03.21



### BÍTLARNIR EÐA STONES?

Ólafur Schram er meðvitaður um gildi þess að halda minningum til haga og safnar fyrir útgáfu Barnabarnabókarinnar sem ætlað er að hjálpa öfum og ömmum að deila minningum sínum með afkomendunum og þá getur skipt máli hvort þau voru meira fyrir Bítlana en Rolling Stones.

### KRABBAMEIN ER GLATAÐ



Árleg vitundarvakning Mottumars um krabbamein hjá körlum er í fullum gangi með tilheyrandi söfnun áheita og yfirvaraskeggs. „Mér finnst krabbamein dálítið glatað hlutur,“ segir Jón Baldur, sem tekur alltaf þátt til þess að heiðra minningu Inga Björns, bróður síns, sem lést af völdum krabbameins.

### #TEAMMEGHAN



Oprah Íslands, Sirrý Arnardóttir, er hæstánægð með hið umdeilda viðtal Opruh Winfrey við Meghan Markle og Harry, áður prins, sem hún taldi vera vælandi forréttindafólk þar til viðtalið gerbreytti sýn hennar svo hressilega að hún er kominn í Meghan-liðið #TeamMeghan.



### KALLI Á LEIK

Tónlistarmaðurinn og grínarinn Karl Örvarsson er þekktastur fyrir annað en kaupmennsku. Meðal annars mikið dálæti á því klassíska höfuðfati sixpensaranum sem hann er byrjaður að höndla með í netversluninni sixspensari.is. Vinsældirnar eru miklar og hann þakkar þær ekki síst sixpensaraglæpagenginu Peaky Blinders í samnefndum sjónvarpsþáttum.






Hendrikka segir dásamlegar verur sínar smellpassa við hugmyndafræðina sem Áslaug byggir Kötlu á . MYND/AÐSEND

# Öflugar með eitt eyra

Dásamlegar verur **Hendrikku Waage** prýða boli frá Kötlu en hún og **Áslaug Magnúsdóttir** tileinka flíkurnar valdeflingu kvenna.

Tískumerki Áslaugar Magnúsdóttur, Katla.com, kynnti nýja línu stuttermabola og hettupeysa á mánudaginn á Alþjóðlegum baráttudegi kvenna, enda eru flíkurnar tileinkaðar valdeflingu kvenna um víða veröld.

Skartgripahönnuðurinn og myndlistarkonan Hendrikka Waage skreytir flíkurnar með portrettum af fígúrum sem hún kallar Dásamlegar verur. Eða Wonderful Beings eins og vinkonurnar kalla línuna á alþjóðavettvangi.

**Fögur hugsjón**

„Við höfum þekkst í mörg ár og síðasta sumar fengum við þessa hugmynd um að það væri sniðugt að setja þessar verur á boli,“ segir Hendrikka í samtali við Fréttablaðið.

„Ég kalla þær Dásamlegar verur vegna þess að ég fæ sjálf svo mikla gleði af því að mála þessar myndir og vona náttúrlega bara að það sjáist á þeim.“

Þegar Áslaug fylgdi Dásamlegu verunum úr hlaði á mánudaginn sagðist hún vera himinlifandi með samstarfið við Hendrikku, enda fangaði list hennar fegurð og styrk kvenna frá öllum heimshornum.

**Konur með eitt eyra**

Dásamlegu verurnar hverfast um einfalt mótíf af konum með eitt eyra en í þeim er fólginn margræður og sterkur boðskapur. „Þetta mótíf er opið fyrir túlkunum en ein er að eins og heimurinn er í dag streyma að okkur upplýsingar úr öllum áttum og mér finnst við vera voðalega heilaþvegin, þannig að ég ákvað að hafa bara eitt eyra á þeim því að þú þarft ekki að vera að hlusta á allt sem er í gangi.“



Áslaug Magnúsdóttir MYND/AÐSEND

Hendrikka lýsir Áslaugu sem sannri hugsjónamanneskju og segist hafa hrifist af þeirri afgerandi áherslu sem Áslaug leggur á manngildi og umhverfisvernd í fataframleiðslunni undir merkjum Kötlu.



„Virðing fyrir fólki, dýrum og umhverfinu er kjarni Kötlu og það er náttúruleg framlenging á sköpunarferlinu hjá mér að ganga til liðs við Kötlu til þess að sýna styrk kvenna úti um allan heim.“

**Nýjar leiðir**

Hendrikka bætir við að henni þyki ekki síst skemmtilegt að vinna með Áslaugu þar sem hún fari nýjar leiðir og láti umhverfisverndarsjónarmið ætíð ráða för. „Katla er til dæmis ekki með neinn lager og allt er sérsaumað eftir pöntun. Ég held að þetta sé það sem koma skal.

Síðan er QR-kóði á erminni á öllum bolunum og með því að taka mynd af honum á símann opnast síða með vídeói þar sem ég er að mála,“ segir Hendrikka, sem er í góðum takti við stafrænu tæknina. Meðal annars á Instagram sem @hendrikkawaagearts.

„Wonderful Beings-bolirnir eru núna í forsölu á Katla.com og þar verða kynntir tveir nýir bolir á viku út mars,“ segir Hendrikka, en þegar upp er staðið verða til átta mismunandi gerðir af stuttermabolunum og Hendrikka leggur áherslu á að upplagið af flíkunum verði takmarkað við 100 stykki af hverri útgáfu.

**toti@frettabladid.is**

**AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Gústaf Bjarnason *gustaf@torg.is*, **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@frettabladid.is* , Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*


STRAUMAR
LAUGARDAGSKVÖLD KL. 19.45
Nýr tónlistar- og skemmtiþáttur um straum og stefnur í tónlist og tíðaranda.
Daði og Gagnamagnið flytja framlag Íslands í Eurovision í kvöld.
RÚV
okkar allra


BYKO
25% afsláttur
af öllum kósívörum
Fáðu tilboð
Ný sending
Vinsælasta pallaefnið
Alhefluð og gagnvarin fura
Byrjaðu að plana sumarið
Pantaðu ráðgjöf við
Garðahönnun
Björn Jóhannsson, landslagsarkitekt, veitir viðskiptavinum ráðgjöf vegna framkvæmda í garðinum.
Skráning á netfangið gardurinn@byko.is
Nánari upplýsingar á byko.is
3D myndir af garðinum
Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.
20% afsláttur áltröppur & stigar
20% afsláttur regnföt & stígvél
Verslaðu á netinu á byko.is






# 25% afsláttur af öllum vinnuljósum






Broil King
Great Barbecues Every Time

## Ferðagasgrill

Porta-Chef 120 ryðfrír brennari, eldunarsvæði: 46 x 31 cm. Mjög sterkar grillgrindur úr pottjárni.

**42.995**

50657526

Kílóvött 4,1 / Brennarar 1



Broil King
Great Barbecues Every Time

## Ferðagasgrill

Porta-Chef 320 ryðfrír brennari, eldunarsvæði: 46 x 31 cm. Mjög sterkar grillgrindur úr pottjárni.

**47.955**

50657528

Kílóvött 6 / Brennarar 3



## Ferðagasgrill

Svart, 1 brennari, 3,5kW. Eldunarstærð er 47x36 cm, hægt að taka hliðarhillur af.

**29.995**

50639000

Kílóvött 3,5 / Brennarar 1




## Gasgrill

GEM 320, eldunarsvæði: 2774 cm². Mjög sterkar grillgrindur úr pottjárni. Ryðfrítt eldunarkerfi. Þrír ryðfríir brennarar.

**49.995**

50657519

Kílóvött 6,9 / Brennarar 3




## Ferðagasgrill

Nett tveggja brennara, 3,2kW ferðagrill.

**59.995**

50633895

Kílóvött 3,2 / Brennarar 2

nomadiQ
bbq everywhere

NAPOLEON

## Gasgrill

R425 10,6 kW, grillgrind 60x45cm úr pottjárni.

**99.995**

506600036

Kílóvött 10,6 / Brennarar 3



*Komdu og gramsaðu!*

# MARKAÐS-DAGAR ERU BYRJAÐIR

Gerðu frábær kaup!

Við bætum við nýjum vörum daglega.

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

# FRÉTTABLAÐIÐ

550 5000

**RITSTJÓRN** ritstjorn@frettabladid.is
**AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is
**PRENTUN** Torg ehf.
**DREIFING** Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is







**BAKÞANKAR**

Óttars Guðmundssonar



## Ungum er það allra best

Í aðdraganda Örlygsstaðabardaga árið 1238 lagðist Sturla frændi minn Sighvatsson á bæn. Hinum megin víglínunnar hvatti Gissur Þorvaldsson sína menn til dáða. Ræðunni lauk hann með orðunum: Gæti vor allra Guð. Bæði Sturla og Gissur lærðu ungir að leita til almættisins um hjálp.

Síðustu vikur hafa menn deilt um kristnifræðikennslu. Álitsgjafar hafa farið hamförum á netinu og sagt að nær væri að kenna börnum trúarbragðasögu eða siðfræði. Kristnidómnum væri ofaukið í skólum landsins!

Þetta er tímanna tákn. Vísindamenn greina virkni eldfjalla í iðrum jarðar. Spekingar með spálíkan og tölvuskjá segja fyrir um gang drepsótta og eldfjallavirkni. Öll óvissa er eitur í beinum nútímamanna. Þegar lífið verður fyrirsjáanlegt er engin þörf fyrir Guð.

Móðir mín kenndi mér faðirvorið og nokkrar bænir sem hafa reynst mér vel í lífsins ólgusjó. Í barnamessum Laugarneskirkju lærði ég sálma sem ég hef oft raulað mér til hugarhægðar. Þegar ég fór í aðgerð á dögunum þuldi ég vers eftir séra Hallgrím á leið inn á skurðstofuna. Mér fannst það reynast mun betur en lyfjasull svæfingalæknisins. Ég lærði því lungann úr minni kristnifræði við móðurkné, en ekki í Laugarnesskólanum.

Lífið er þó ekki alltaf fyrirsjáanlegt eins og við Sturla frændi höfum margsinnis fengið að sannreyna. Þegar fokið er í flest skjól finnst mér vænlegast að biðja til Guðs. Hinir geta á ögurstundum lífsins rifjað upp trúarbragðasögu eða siðfræði og beint augum sínum til tölvunnar í von um hjálp. Hallgrímur heitinn Pétursson vitjaði mín reyndar í draumi og fór með þessar hendingar úr Passíusálmunum:

„Svo er án bænar sálin snauð,
sjónlaus, köld, dauf og rétt steindauð.“





